



Úttekt á átaksverkefninu „Ungt fólk til athafna“

Unnið fyrir Vinnumálastofnun





Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Vinnumálastofnun
Markmið rannsóknar	1. Að kanna viðhorf ungs fólks á atvinnuleysisskrá til átaksverkefnisins „Ungt fólk til athafna“ 2. Að skoða upplifun ráðgjafa af vinnu við verkefnið „Ungt fólk til athafna“
Dagsetning skýrsluskila	10. maí 2010

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Ásdís A. Arnalds Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir
Úrvinnsla	Ásdís A. Arnalds Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir
Skýrslugerð	Ásdís A. Arnalds Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir



EFNISYFIRLIT

1. Ungt fólk til athafna	4
2. Könnun meðal íslenskumælandi ungmenna	6
2.1. Framkvæmd, heimtur og úrvinnsla	6
2.2. Íslenskumælandi ungmenni á atvinnuleysissskrá	9
2.2.1. Bakgrunnur íslenskumælandi ungmenna á atvinnuleysissskrá.....	9
2.2.2. Starfsumsóknir íslenskumælandi ungmenna	16
2.2.3. Ráðgjafaviðtalið/kynningarfundurinn	19
2.2.4. Viðhorf og væntingar til úrræðanna	28
2.2.5. Að loknu úrræði.....	39
2.2.6. Andleg og líkamleg heilsa ungmennanna	42
2.3. Íslenskumælandi ungmenni sem ekki voru lengur á skrá	46
2.4. Samantekt á helstu niðurstöðum könnunar meðal íslenskumælandi ungmenna	51
3. Könnun meðal pólskumælandi ungmenna	52
3.1. Framkvæmd, heimtur og úrvinnsla	52
3.2. Pólskumælandi ungmenni á atvinnuleysissskrá	54
3.2.1. Bakgrunnur pólskumælandi ungmenna á atvinnuleysissskrá.....	54
3.2.2. Starfsumsóknir pólskumælandi ungmenna á atvinnuleysissskrá	60
3.2.3. Ráðgjafaviðtalið/kynningarfundurinn	63
3.2.4. Viðhorf og væntingar til úrræðanna	68
3.2.5. Að loknu úrræði.....	70
3.2.6. Andleg og líkamleg heilsa pólskra ungmenna	76
3.2.7. Aðlögun pólskra ungmenna	80
3.3. Pólsk ungmenni sem ekki voru lengur á skrá.....	82
3.4. Samantekt á helstu niðurstöðum könnunar meðal pólskra ungmenna	86
4. Viðtöl við UFTA ráðgjafa	87
4.1. Aðferð	87
4.2. Niðurstöður úr viðtölum við ráðgjafa.....	88
4.2.1. Undirbúningur og skipulag átaksverkefnisins.....	88
4.2.2. Framkvæmd átaksverkefnisins	90
4.2.3. Starfsumhverfi ráðgjafa	97
4.2.4. Mat ráðgjafa á árangri verkefnisins.....	100
4.3. Samantekt á helstu niðurstöðum úr viðtölum við ráðgjafa	104



5. Niðurstaða úttektar.....	106
6. Tillögur að úrbótum.....	109
Heimildir	110
Viðauki 1: Önnur menntun íslenskumælandi ungmenna á atvinnuleysissskrá	111
Viðauki 2: Hvers konar námskeið hefur þú sótt til að auka möguleika þína á vinnumarkaði? – Spurt í könnun meðal íslenskumælandi ungmenna	113
Viðauki 3: Hvers vegna hættir þú í úrræði áður en því lauk? – Spurt í könnun meðal íslenskumælandi ungmenna	128
Viðauki 4: Finnst þér vanta einhver önnur úrræði en þau sem í boði eru, ef þú miðar við þínar þarfir? Ef já, þá hver? – Spurt í könnun meðal íslenskumælandi ungmenna.....	130
Viðauki 5: Hvers vegna ert þú ekki á atvinnuleysisbótum? – Spurt í könnun meðal íslenskumælandi ungmenna	141

1. UNGT FÓLK TIL ATHAFNA

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hrinti af stað átaki í janúar 2010 til að bregðast við auknu atvinnuleysi ungs fólks í kjölfar efnahagskreppunnar. Kallast átakið „Ungt fólk til athafna“ (UFTA) og er markmið þess að skapa ný tækifæri fyrir unga atvinnuleitendur. Vinnumálastofnun var falið að tryggja það markmið að enginn einstaklingur á aldrinum 18 til 24 ára verði atvinnulaus lengur en þrjá mánuði án þess að bjóðast vinna eða virkniúrræði í formi námstækifæris, starfsþjálfunar eða þátttöku í öðrum verkefnum. Vinnumálastofnun áætlaði að ná settu markmiði í nánú samstarfi við stéttarfélög, fyrirtæki og sveitarfélög.

Afleiðingar efnahagshrunsins á Íslandi hafa veikt stöðu ungs fólks á vinnumarkaði umtalsvert og fjöldi atvinnuleitenda í þessum aldurshópi hefur aukist gríðarlega allra síðustu ár. Fjöldi atvinnulausra á aldrinum 16 til 24 ára var 1.900 á fyrsta ársfjórðungi 2007 en fór upp í 4.400 á fyrsta árfjórðungi árið 2010 (Hagstofa Íslands, e.d.). Að glíma við atvinnuleysi í efnahagslægð er vafalaust erfitt fyrir alla. En hjá þeim sem hafa litla eða enga starfsreynslu og jafnvel litla menntun að baki er staðan enn verri og hefur hún margvíslegar afleiðingar. Fyrir utan neikvæð áhrif á launapróun og framgang á vinnumarkaði hefur atvinnuleysi, sér í lagi þegar um lengri tíma er að ræða, áhrif á þætti eins og heilsufar og lífsánægju og þau áhrif geta varað lengi (United Nations, 2004; Scarpetta, Sonnet og Manfredi, 2010; Bjarnason og Sigurdardóttir, 2003).

Með áttakinu „Ungt fólk til athafna“ er verið að gefa ungum atvinnuleitendum möguleika á að koma hefja nám eða halda áfram þar sem frá var horfið, öðlast starfsréttindi eða kynnast nýjum starfsvettvangi, sér að kostnaðarlausu. Áttakinu var hrundið af stað eftir að vinnuhópur, skipaður af félags- og tryggingamálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra, skilaði niðurstöðum sínum um stöðu atvinnulausra hér á landi. Tillögur hópsins voru meðal annars þær að efla þyrfti aðgerðir til að auka virkni þeirra sem eru óvirkir á atvinnuleysisbótum og efla ráðgjöf til atvinnulausra. Hópurinn lagði það enn fremur til að byggt yrði á þeim námsleiðum og menntunarúrræðum sem þegar væru í boði en að jafnframt yrði hugað að auknu framboði starfsnáms og sérstakra virkniskapandi námskeiða (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009).

Átaksverkefninu var hrundið af stað í janúar 2010. Framkvæmd verkefnisins er á þá leið að ráðgjafar Vinnumálastofnunar boða unga atvinnuleitendur til sín á kynningarfundi þar sem



farið er yfir þau tækifæri og verkefni sem þeim stendur til boða. Einnig er boðið upp á einstaklingsráðgjöf, þar sem ungmennin fá leiðsögn og ráðgjöf um þau virkniúrræði sem þau geta valið sér. Ungmennin fá jafnframt tækifæri til að kortleggja áhugasvið sitt og hæfni og aðstoð við að setja sér markmið til framtíðar varðandi náms- og starfsval. Eftir kynningu og þá ráðgjöf sem hver og einn óskar sér skrá ungmennin sig í það úrræði sem þeim líst best á. Óvirkni er ekki leyfileg í þessu átaki og ef einstaklingar skrá sig ekki í úrræði veldur það bótamissi í 40 daga. Með þátttöku í úrræðum halda einstaklingarnir bótunum, efla sig á mismunandi sviðum og verða um leið virkir þátttakendur í samfélaginu.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands var falið að gera úttekt á átaksverkefninu og hófst sú vinna í febrúar 2010. Markmið úttektarinnar er að varpa ljósi á árangur verkefnisins og nýtingu þess. Úttektin er tvíþætt. Annars vegar var gerð könnun á væntingum og viðbrögðum ungra atvinnuleitenda til þeirra úrræða sem þeim buðust og hins vegar voru tekin viðtöl við nokkra ráðgjafa verkefnisins. Í þeim hluta úttektarinnar sem snéri að ungum atvinnuleitendum var bæði haft samand við íslenskumælandi ungmenni og pólsk ungmenni.

2. KÖNNUN MEÐAL ÍSLENSKUMÆLANDI UNGMENNA

Einn liður í úttektinni var að kanna viðhorf og væntingar ungmennanna sjálfra til átaksverkefnisins. Hér eru birtar niðurstöður könnunar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmdi í þessum tilgangi á vormánuðum 2010.

2.1. Framkvæmd, heimtur og úrvinnsla

Hinn 31. mars 2010 var send rafræn könnun til allra einstaklinga á aldrinum 18 til 24 ára sem voru á atvinnuleysissskrá í febrúar og mars 2010 og einstaklinga sem voru afskráðir í janúar og febrúar sama ár. Í heild fengu 3.958 ungmenni könnunina senda í tölvupósti. Alls svöruðu 1505 manns könnuninni á Netinu, eða 38% þýðisins. Dagana 23. apríl til 12. maí 2010 var hringt í þá sem ekki höfðu svarað netkönnuninni og þeir beðnir um að svara spurningum könnunarinnar í gegnum síma. Alls tóku 1267 einstaklingar þátt í símakönnuninni. Í heild fengust því 2772 svör og er brúttósvörun því 70%. Af ýmsum ástæðum töldust 315 einstaklingar til brottfalls; 313 töluðu ekki íslensku, einn var of veikur til að taka þátt og einn var látinn. Nettósvörun í könnuninni var því 76% sem telst mjög góð svörun (sjá töflu 2.1).

Tafla 2.1. Framkvæmd og heimtur könnunar meðal íslenskumælandi ungmenna

Upplýsingasöfnun	31. mars – 12. maí 2010
Framkvæmdarmáti	Net- og símakönnun
Fjöldi í þýði	3958
Fjöldi svarenda	2772
Brúttó svarhlutfall	70%
Nettó svarhlutfall	76%

Í töflum 2.2 til 2.4 má sjá hvernig svörunin skiptist eftir kyni, aldri og búsetu. Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á hlutfalli karla og kvenna í þýði og hlutfalli karla og kvenna sem svöruðu könnuninni. Aldurskipting meðal svarenda könnunarinnar var einnig mjög svipuð aldurskiptingu í þýði. Sömuleiðis reyndist hlutfallsleg skipting búsetu meðal svarenda vera lík því sem hún er í þýðinu. Af þessu má ráða að svarendur könnunarinnar endurspegli vel einstaklinga á aldrinum 18 til 24 ára sem voru á atvinnuleysissskrá í febrúar og mars 2010 og jafnaldra þeirra sem fóru af skrá Vinnumálastofnunar í janúar og febrúar sama ár hvað kyn, aldur og búsetu varðar.

Tafla 2.2. Hlutfallsleg skipting kyns í þýði og svörum

	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði	Fjöldi svarenda	Hlutfall svara	Svarhlutfall
Karlar	2440	61,6%	1691	61,0%	69,3%
Konur	1518	38,4%	1081	39,0%	71,2%
Samtals	3958	100%	2772	100%	70,0%

Tafla 2.3. Hlutfallsleg skipting aldurs í þýði og svörum

	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði	Fjöldi svarenda	Hlutfall svara	Svarhlutfall
17 - 19 ára	412	10,4%	321	11,6%	77,9%
20 - 21 árs	1056	26,7%	791	28,5%	74,9%
22 - 23 ára	1276	32,0%	886	32,0%	69,4%
24 - 25 ára	1222	30,9%	774	27,9%	63,3%
Samtals	3958	100%	2772	100%	70,0%

Tafla 2.4. Hlutfallsleg skipting búsetu í þýði og svörum

	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði	Fjöldi svarenda	Hlutfall svara	Svarhlutfall
Höfuðborgarsvæði	2280	57,6%	1550	55,9%	68,0%
Suðurnes	558	14,1%	408	14,7%	73,1%
Vesturland	169	4,3%	129	4,7%	76,3%
Vestfirðir	36	0,9%	21	0,8%	58,3%
Strandir og Norðurland vestra	72	1,8%	52	1,9%	72,2%
Norðurland eystra	434	11,0%	313	11,3%	72,1%
Austurland	103	2,6%	82	3,0%	79,6%
Suðurland	305	7,7%	217	7,8%	71,1%
Samtals	3957	100%	2772	100%	70,1%

Í könnuninni voru þátttakendur spurðir um viðhorf sitt til kynningarfundarins og ráðgjafaviðtalsins þegar það átti við. Þeir sem þegar höfðu hafið þátttöku í virkniúrræðum voru spurðir um viðhorf sitt og væntingar til úrræðisins. Þátttakendur voru einnig beðnir um að meta andlegt og líkamlegt heilsufar sitt í þeim tilgangi að greina hvort jákvæð tengsl séu á milli þátttöku atvinnulauss fólks í virkniúrræðum og heilsufars. Jafnframt voru þeir beðnir um að leggja mat á hvort þátttaka þeirra í úrræðum hefði jákvæð áhrif á vonir þeirra og viðhorf til framtíðarinnar. Þá voru þátttakendur sem voru farnir af skrá Vinnumálastofnunar spurðir um ástæðu þess að þeir væru ekki lengur á atvinnuleysiskrá.

Svör í könnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu. Niðurstöður eru birtar í töflum og myndum. Töflurnar sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir bakgrunnspáttunum kyni, aldri, búsetu, menntun, lengd á atvinnuleysissskrá og tegund úrræðis. Í töflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara að baki niðurstöðu taflna og mynda.


Marktektarprófin t-próf og dreifigreining (ANOVA) voru notuð til þess að greina hvort tölfræðilega marktækur munur væri til staðar á milli meðaltala mismunandi hópa en kí-kvaðrat próf var notað þegar um hlutföll var að ræða. Ef marktækur munur kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem kemur fram meðal svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem kemur fram meðal svarenda sé einnig til staðar meðal annarra atvinnulausra ungmenna á aldrinum 18 til 24 ára (þ.e. í þýði). Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% vissu ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Í nokkrum töflum er auk þess að finna skammstöfunina „óg“ sem táknar að kí-kvaðratpróf hafi verið ógilt vegna of fárra svara á bak við hvern hóp. Í þeim tilvikum er ekki hægt að álykta um mun í þýði.

2.2. Íslenskumælandi ungmenni á atvinnuleysissskrá

Í þessum kafla verða birtar bakgrunnsupplýsingar og niðurstöður fyrir þá íslenskumælandi þátttakendur sem voru á atvinnuleysissskrá á þeim tíma sem könnunin var lögð fyrir.


2.2.1. Bakgrunnur íslenskumælandi ungmenna á atvinnuleysissskrá

Myndir 2.1 til 2.7 sýna hlutfall svarenda skipt eftir þeim bakgrunnsbreytum sem svör í könnuninni voru greind eftir. Mynd 2.1 sýnir að meirihluti svarenda var karlar, eða 60%.




Mynd 2.1. Kyn íslenskumælandi ungmenna á atvinnuleysissskrá

Meðalaldur svarenda var 22,1 ár og staðalfrávikkið var tvö ár. Mynd 2.2 sýnir að hlutfallslega fæstir voru á aldrinum 17 til 19 ára (11%) en stærsti hópurinn var á aldrinum 22 til 23 ára (33%).




Mynd 2.2. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir aldri

Mikill meirihluti svarenda var búsettur á höfuðborgarsvæðinu, eða 56%. Nokkuð stór hópur var búsettur á Suðurnesjum (16%) og á Norðurlandi eystra (11%), en einungis 1% svarenda voru búsettir á Vestfjörðum og á Ströndum og Norðurlandi vestra (sjá mynd 2.3).



Mynd 2.3. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir búsetu

Mynd 2.4 sýnir hlutfallslega skiptingu svarenda eftir menntun. Hlutfallslega flestir (43%) höfðu hafið nám á framhaldsskólastigi en ekki lokið því. Sumir þessara voru enn í námi en aðrir höfðu hætt námi. Þá var nokkuð stór hópur sem ekki hafði farið í frekara nám að loknu grunnskólaprófi (19%). Um 13% þátttakenda höfðu lokið iðn- eða starfsnámi og 12% voru með stúdentspróf. Hins vegar voru einungis 3% þátttakenda með háskólapróf enda svarendur ungir. Lista yfir annað nám sem svarendur nefndu er að finna í viðauka 1.



Mynd 2.4. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir menntun


Auk þess að afla sér hefðbundinnar menntunar höfðu tæp 43% ungmennanna sótt námskeið til að bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Lista yfir námskeið sem þátttakendur nefndu er að finna í viðauka 2. Algengast var að þátttakendur hefðu tekið vinnuvéla- eða meiraprófsréttindi. Tafla 2.5 sýnir að svarendur með styttri menntun að baki höfðu frekar lokið námskeiði í þeim tilgangi að auka möguleika sína á vinnumarkaði en svarendur með lengri menntun að baki. Á bilinu 44 til 45% svarenda með grunnskólapróf, þeirra sem hófu nám á framhaldsskólastigi en luku ekki prófi og þeirra sem höfðu lokið starfs- eða iðnnámi höfðu lokið námskeiði. Hið sama átti við um 27 til 31% þeirra sem lokið höfðu stúdentsprófi eða höfðu lengri menntun að baki.

Tafla 2.5. Hefur þú farið á eða lokið námskeiði í þeim tilgangi að auka möguleika þína á vinnumarkaði? Greint eftir menntun svarenda

	Fjöldi	Hefur lokið námskeiði	Hefur ekki lokið námskeiði
Heild	2100	42,8%	57,2%
Menntun ***			
Grunnskólapróf eða minna	420	44,3%	55,7%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	851	44,9%	55,1%
Starfsnám / iðnnám	262	45,4%	54,6%
Stúdentspróf	237	31,2%	68,8%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	63	27,0%	73,0%
Háskólapróf	62	30,6%	69,4%
Annað nám	74	63,5%	36,5%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Mynd 2.5 sýnir hve langt var liðið frá því að svarendur skráðu sig fyrst hjá Vinnumálastofnun. Hjá um helmingi þátttakenda voru liðnir innan við sex mánuðir frá því þeir skráðu sig upphaflega hjá Vinnumálastofnun og hjá ríflega fjórðungi þeirra var liðið eitt ára eða meira.




Mynd 2.5. Tími liðinn frá upphaflegri skráningu hjá Vinnumálastofnun

Tæpur fjórðungur þátttakenda hafði farið af atvinnuleysissskrá frá því þeir skráðu sig upphaflega hjá Vinnumálastofnun. Þessir svarendur voru spurðir hvenær þeir skráðu sig síðast hjá stofnuninni. Tafla 2.6 sýnir að mikill meirihluti þeirra sem hafði verið á skrá í innan við sex mánuði hafði ekki farið af skrá síðan (91%). Því lengra sem liðið var frá upphaflegri skráningu, því meiri líkur voru á að svarendur höfðu farið af skrá. Það er hins vegar athyglisvert að sjá að 21% þeirra sem höfðu verið á skrá hjá Vinnumálastofnun í tvö ár eða

lengur, 43% þeirra sem höfðu verið á skrá í eitt og hálf til tvö ár og 60% þeirra sem höfðu verið á skrá í eitt til eitt og hálf ár höfðu ekki farið af skrá síðan þeir skráðu sig upphaflega. Í heild höfðu 15% svarenda verið á atvinnuleysissskrá í eitt ár eða lengur án þess að fara nokkurn tíma af skrá. Mynd 2.6 sýnir hve lengi þátttakendur höfðu verið samfelld á skrá.

Tafla 2.6. Staða skráningar í ljósi þess tíma sem liðinn er frá upphaflegri skráningu


	Fjöldi	Tími liðinn frá upphaflegri skráningu				
		Innan við 6 mánuðir (n=793)	6 - 11 mánuðir (n=380)	12 - 17 mánuðir (n=280)	18 - 23 mánuðir (n=114)	2 ár eða lengri (n=29)
Ekki farið af skrá frá upphaflegri skráningu	1236	91,8%	76,3%	59,6%	43,0%	20,7%
Tími liðinn frá síðustu skráningu þeirra sem einhvern tíma höfðu farið af skrá						
Innan við 6 mánuðir	248	8,2%	16,3%	25,7%	31,6%	44,8%
6 - 11 mánuðir	96	0,0%	7,4%	12,5%	20,2%	20,7%
Eitt ár eða lengri tími	18	0,0%	0,0%	2,1%	5,3%	13,8%
Alls	1598	100%	100%	100%	100%	100%



Mynd 2.6. Tími sem svarendur hafa verið samfelld á skrá hjá Vinnumálastofnun

Mynd 2.7 sýnir hvar þátttakendur voru staddir í verkefninu „Ungt fólk til athafna“ þegar könnunin fór fram. Um 56% þátttakenda voru ekki byrjaðir í úrræði. Tæpur þriðjungur var í úrræði á þeim tíma sem könnunin fór fram, einn af hverjum 10 hafði lokið úrræði en um 2% þátttakenda hættu í úrræðinu áður en því lauk. Þessir einstaklingar voru spurðir hvers vegna þeir hefðu hætt í úrræðinu. Flestir hættu vegna þess að þeir voru komnir með vinnu,


einhverjir voru veikir og enn aðrir urðu að hætta vegna flutninga. Opin svör þátttakenda við spurningunni er að finna í viðauka 3.



Mynd 2.7. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir stöðu í verkefninu „Ungt fólk til athafna“

Þátttakendur sem höfðu farið á fund hjá ráðgjafa voru spurðir hvaða úrræði þeir völdu sér í ráðgjafarviðtalinu/á kynningarfundinum. Mynd 2.8 birtir þau úrræði sem þátttakendur völdu sér. Hlutfallslega flestir (24%) völdu sér stutt námskeið, svo sem tölvu- eða lesblindu-námskeið. Um 21% valdi sér starfstengd námskeið, svo sem færni í ferðapjónustu, fagnámskeið fyrir starfsmenn leikskóla eða vinnuvélanámskeið. Um 14% valdi að hefja starfsþjálfun, ráða sig til reynslu, fara í átaksverkefni eða sjálfböðastörf og jafn stór hópur valdi grunnnámskeið, en undir þann flokk fellur sjálfsstyrking, áhugasviðsgreining og sjálfsleitarnámskeið. Um 13% völdu að hefja nám í hefðbundnum framhalds- eða háskóla og 7% völdu aðrar námsleiðir eða smiðjur/vinnuklúbba¹.

¹ Til styttri námskeiða teljast t.d. tölvu-, lesblindu- frumkvöðla og stjórnunarnámskeið. Til starfstengdra námskeiða teljast t.d. færni í ferðapjónustu. Til grunnnámskeiða teljast námskeið í sjálfstyrkingu og áhugasviðsgreining. Til



Mynd 2.8. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir þeim úrræðum sem þeir völdu sér

Tafla 2.7 sýnir úrræðin sem þátttakendur völdu sér, greind eftir bakgrunnspáttunum kyni, aldri, búsetu, menntun og lengd á atvinnuleysisrá. Hlutfallslega fleiri konur en karlar völdu sér grunnnámskeið (17%), starfsþjálfun, reynsluráðningu, átaksverkefni og sjálfbóðastörf (17%) og nám í hefðbundnum framhalds- eða háskólum. Hins vegar sóttu karlar frekar en konur í styttri námskeið, svo sem tölvu- eða lesblindunámskeið (28%) og starfstengd námskeið (23%). Atvinnuleitendur á höfuðborgarsvæðinu sóttu mest í styttri námskeið (26%) og starfstengd námskeið (24%). Þátttakendur af Suðurnesjunum sóttu einnig í styttri námskeið (25%). Þátttakendur af Vesturlandi, Vestfjörðum, Ströndum og Norðurlandi vestra völdu frekar grunnnámskeið (23%) og starfstengd námskeið (23%) en önnur námskeið, en svarendur af Norðurlandi eystra og Austurlandi sóttu hins vegar frekar í smiðjur og klúbba (26%) og í starfsþjálfun, reynsluráðningu, átaksverkefni og sjálfbóðastörf (25%). Loks völdu hlutfallslega flestir þeirra sem búsettir voru á Suðurlandi starfstengd námskeið (36%).

annarra námskeiða teljast t.d. Grunnmenntaskólinn og Háskólatoðir. Smiðjurnar eru reglulega settar upp í tengslum við símenntunarmiðstöðvar, t.d. Menntasmiðja kvenna og Menntasmiðja unga fólksins.

Tafla 2.7. Úrræði, greind eftir bakgrunni þátttakenda

	Fjöldi	Stytttri námskeið	Starfs- tengd námskeið	Starfsþj., sjálboðast. o.fl.	Grunn- námskeið	Nám í framh.- eða háskólum	Aðrar náms- leiðir	Smiður / klúbbar
Heild	1160	24,0%	20,7%	14,1%	13,8%	13,3%	7,2%	6,9%
Kyn ***								
Karl	577	28,3%	22,7%	12,6%	12,0%	11,2%	7,1%	6,1%
Kona	345	17,2%	17,6%	16,5%	16,5%	16,5%	7,5%	8,1%
Aldur								
17 - 19 ára	94	21,7%	18,3%	19,1%	14,8%	12,2%	6,1%	7,8%
20 - 21 árs	241	22,1%	19,2%	13,4%	15,0%	13,7%	7,8%	8,8%
22 - 23 ára	331	20,8%	22,7%	13,7%	13,9%	15,4%	6,4%	7,1%
24 - 25 ára	256	30,8%	20,3%	13,7%	12,1%	10,5%	8,3%	4,4%
Búseta ***								
Höfuðborgarsvæðið	622	26,2%	24,2%	13,4%	11,9%	12,5%	7,9%	3,8%
Suðurnes	145	25,4%	9,2%	15,1%	18,9%	16,2%	5,4%	9,7%
Vesturl., Vestfirðir, Strandir og Norðurl. vestra	32	12,5%	22,5%	10,0%	22,5%	17,5%	2,5%	12,5%
Norðurland eystra og Austurland	85	19,6%	5,2%	24,7%	12,4%	7,2%	5,2%	25,8%
Suðurland	38	3,6%	35,7%	5,4%	19,6%	21,4%	10,7%	3,6%
Menntun								
Grunnskólapróf eða minna	163	20,3%	18,9%	9,7%	15,9%	16,3%	11,9%	7,0%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	406	24,1%	21,7%	12,4%	14,4%	13,4%	7,8%	6,2%
Starfsnám/iðnnám	129	25,5%	23,6%	16,6%	11,5%	14,0%	3,8%	5,1%
Stúdentspróf	112	24,8%	18,8%	17,3%	12,0%	12,8%	3,0%	11,3%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	32	30,8%	12,8%	17,9%	12,8%	10,3%	7,7%	7,7%
Háskólapróf	38	24,4%	29,3%	24,4%	7,3%	4,9%	2,4%	7,3%
Annað nám	37	27,9%	14,0%	23,3%	14,0%	7,0%	7,0%	7,0%
Lengd á atvinnuleysisrá (samfelt)								
Innan við sex mánuðir	360	24,7%	22,8%	14,8%	12,3%	13,2%	4,6%	7,5%
Sex mánuðir að einu ári	175	25,7%	21,1%	13,3%	14,2%	13,3%	6,4%	6,0%
Eitt ár eða lengur	110	20,5%	19,9%	10,9%	13,5%	16,7%	12,8%	5,8%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

2.2.2. Starfsumsóknir íslenskumælandi ungmenna

Þátttakendur voru spurðir hversu oft þeir höfðu sótt um starf á síðastliðnum þremur mánuðum, svona um það bil. Tafla 2.8 sýnir að karlar höfðu sótt oftar um starf en konur. Um 16% kvenna höfðu aldrei sótt um starf á tímabilinu en hið sama átti við um 10% karla. Þá höfðu 53% karla samanborið við 42% kvenna sótt sex sinnum eða oftar um starf á síðastliðnum þremur mánuðum. Þá kom einnig fram munur á fjölda starfsumsóknna eftir aldri. Yngstu atvinnuleitendurnir sóttu oftast um störf. Tæp 15% þeirra sem voru í aldurshópnum 24 til 25 ára höfðu ekkert sótt um starf á tímabilinu en hið sama átti við um einn af hverjum 10 í aldurshópnum 17 til 19 ára. Um 55% atvinnuleitenda á aldrinum 17 til 19 ára höfðu sótt sex sinnum eða oftar um starf á síðastliðnum þremur mánuðum samanborið við 46% þeirra sem voru á aldrinum 22 til 23 ára og 48% þeirra sem voru 24 til 25 ára. Búseta skipti einnig máli varðandi það hve oft þátttakendur sóttu um störf. Um 54% atvinnuleitenda af höfuðborgarsvæðinu höfðu sótt sex sinnum eða oftar um starf á undangengnum þremur mánuðum samanborið við 41 til 44% atvinnuleitenda sem búsettir voru utan höfuðborgar-

svæðisins. Loks kom fram munur á svörum eftir því hvar þátttakendur voru staddir í átaksverkefninu „Ungt fólk til athafna“. Þeir sem höfðu lokið úrræði voru eða hætt í úrræði áður en því lauk voru mun virkari í atvinnuleit en þeir sem voru skemmra á veg komnir í átaksverkefninu. Einungis 5% þeirra sem höfðu lokið úrræði höfðu aldrei sótt um starf á síðastliðnum þremur mánuðum. Hið sama átti við um 18% þeirra sem ekki voru búnir að fara í ráðgjafarviðtal. Um 59% þeirra sem höfðu lokið úrræði höfðu sótt sex sinnum eða oftar um starf á tímabilinu samanborið við 40% þeirra sem ekki höfðu farið í viðtal hjá ráðgjafa.

Tafla 2.8. Hve oft hefur þú sótt um starf á síðastliðnum þremur mánuðum?

	Fjöldi	Aldrei	Einu sinni til tvisvar	Prisvar til fimm sinnum	Sex til tíu sinnum	11 sinnum eða oftar
Heild	2054	12,6%	14,3%	24,5%	22,2%	26,5%
Kyn ***						
Karl	1252	10,2%	13,5%	23,6%	24,8%	27,8%
Kona	802	16,2%	15,5%	25,8%	18,1%	24,4%
Aldur **						
17 - 19 ára	236	10,2%	10,6%	24,2%	19,1%	36,0%
20 - 21 árs	577	12,3%	12,8%	24,1%	22,9%	27,9%
22 - 23 ára	672	11,8%	16,7%	25,9%	21,0%	24,7%
24 - 25 ára	569	14,8%	14,4%	23,4%	24,3%	23,2%
Búseta **						
Höfuðborgarsvæðið	1145	12,0%	11,2%	23,2%	24,1%	29,5%
Suðurnes	329	14,3%	16,1%	26,1%	20,4%	23,1%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	128	11,7%	14,1%	31,3%	21,1%	21,9%
Norðurland eystra og Austurland	292	13,7%	21,2%	24,0%	18,8%	22,3%
Suðurland	160	11,9%	20,0%	25,6%	19,4%	23,1%
Menntun						
Grunnskólapróf eða minna	434	11,3%	13,4%	25,1%	22,8%	27,4%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	886	13,7%	13,1%	23,1%	21,3%	28,8%
Starfsnám/iðnnám	269	11,9%	14,5%	27,1%	23,4%	23,0%
Stúdentspróf	245	13,1%	16,3%	27,3%	24,1%	19,2%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	67	10,4%	28,4%	22,4%	13,4%	25,4%
Háskólapróf	66	12,1%	15,2%	22,7%	24,2%	25,8%
Annað nám	76	11,8%	10,5%	21,1%	25,0%	31,6%
Lengd á atvinnuleysisrá (samfelt)						
Innan við sex mánuðir	881	13,8%	15,6%	24,1%	20,9%	25,7%
Sex mánuðir að einu ári	362	12,2%	14,4%	26,8%	22,9%	23,8%
Eitt ár eða lengur	207	15,9%	12,6%	24,2%	19,8%	27,5%
Staða í „Ungt fólk til athafna“****						
Ekki farið í viðtal hjá ráðgjafa	715	17,8%	19,2%	23,4%	18,9%	20,8%
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	424	10,6%	13,4%	25,0%	21,2%	29,7%
Er í úrræði	649	11,4%	11,1%	25,1%	24,3%	28,0%
Hætti í úrræði áður en því lauk	48	4,2%	14,6%	18,8%	25,0%	37,5%
Úrræði lokið	211	4,7%	9,0%	27,5%	27,5%	31,3%
Tegund úrræðis						
Grunnnámskeið, s.s. sjálfstyrking eða áhugasviðsgreining	153	5,9%	9,2%	30,1%	22,9%	32,0%
Smiðjur/klúbbar	79	10,1%	15,2%	26,6%	19,0%	29,1%
Starfsþjálfun, reynsluráðning, átaksverkefni og sjálfböðastörf	162	10,5%	13,6%	23,5%	23,5%	29,0%
Stytttri námskeið, s.s. tölvu- og lesblindunámskeið	265	7,5%	11,7%	24,2%	24,9%	31,7%
Ýmis starfstengd námskeið, s.s. færni í ferðaþjónustu	232	6,0%	7,8%	27,6%	30,6%	28,0%
Nám í hefðbundnum framhalds- eða háskólum	148	13,5%	12,2%	26,4%	20,9%	27,0%
Aðrar námsleiðir, s.s. Grunnenntaskólinn eða Háskólatoðii	81	16,0%	7,4%	19,8%	24,7%	32,1%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Pátttakendur voru einnig spurðir hvenær þeir sóttu síðast um starf. Tafla 2.9 sýnir að yfir helmingur svarenda (53%) hafði sótt um starf í þeim mánuði sem könnunin var lögð fyrir. Ríflega þriðjungur hafði sótt um starf í undangengnum mánuði og enn lengra var síðan 12% svarenda höfðu sótt um starf. Alls höfðu 57% karla sótt um starf í þeim mánuði sem könnunin fór fram en það höfðu 47% kvenna gert.

Tafla 2.9. Hvenær sóttir þú síðast um starf?

	Fjöldi	Í þessum mánuði	Í síðasta mánuði	Lengra síðan
Heild	1808	53,1%	34,7%	12,2%
Kyn ***				
Karl	1125	57,0%	32,3%	10,8%
Kona	683	46,7%	38,8%	14,5%
Aldur				
17 - 19 ára	212	59,9%	29,2%	10,8%
20 - 21 árs	501	52,5%	36,9%	10,6%
22 - 23 ára	601	50,9%	36,1%	13,0%
24 - 25 ára	494	53,4%	33,2%	13,4%
Búseta				
Höfuðborgarsvæðið	1018	54,4%	33,6%	12,0%
Suðurnes	284	48,6%	38,0%	13,4%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	116	58,6%	32,8%	8,6%
Norðurland eystra og Austurland	251	49,8%	37,1%	13,1%
Suðurland	139	54,0%	33,8%	12,2%
Menntun				
Grunnskólapróf eða minna	388	54,1%	32,0%	13,9%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	768	54,8%	34,1%	11,1%
Starfsnám/iðnnám	238	54,6%	32,4%	13,0%
Stúdentspróf	215	47,9%	39,5%	12,6%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	61	50,8%	36,1%	13,1%
Háskólapróf	59	47,5%	42,4%	10,2%
Annað nám	69	46,4%	42,0%	11,6%
Lengd á atvinnuleysiskrá (samfelt)				
Innan við sex mánuðir	760	54,2%	35,5%	10,3%
Sex mánuðir að einu ári	323	48,9%	36,5%	14,6%
Eitt ár eða lengur	178	52,8%	31,5%	15,7%
Staða í „Ungt fólk til athafna“				
EKKI farið í viðtal hjá ráðgjafa	586	50,9%	34,5%	14,7%
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	384	58,3%	33,1%	8,6%
Er í úrræði	579	49,9%	37,7%	12,4%
Hætti í úrræði áður en því lauk	49	63,3%	26,5%	10,2%
Úrræði lokið	203	55,2%	33,0%	11,8%
Tegund úrræðis				
Grunnnámskeið, s.s. sjálfstyrking eða áhugasviðsgreining	148	56,1%	30,4%	13,5%
Smiðjur/klúbbar	69	58,0%	34,8%	7,2%
Starfsþjálfun, reynsluráðning, átaksverkefni og sjálfböðastörf	145	46,9%	42,1%	11,0%
Styttri námskeið, s.s. tölvu- og lesblindunámskeið	250	53,2%	37,2%	9,6%
Ýmis starfstengd námskeið, s.s. færni í ferðaþjónustu	221	54,3%	39,4%	6,3%
Nám í hefðbundnum framhalds- eða háskólum	131	50,4%	32,1%	17,6%
Aðrar námsleiðir, s.s. Grunnenntaskólinn eða Háskólatoð	69	49,3%	33,3%	17,4%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

2.2.3. Ráðgjafaviðtalið/kynningarfundurinn

Alls hafði þriðjungur þátttakenda farið á „Ungt fólk til athafna“ kynningarfund, einn af hverjum tíu hafði farið í einstaklingsviðtal og tæplega fjórðungur hafði farið í bæði hóp- og einstaklingsviðtal. Þátttakendur voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir voru með að vera boðaðir í viðtal. Tafla 2.10 birtir dreifingu svara við spurningunni. Meirihluti svarenda (57%) var mjög eða frekar ánægður með að vera boðaður í viðtal, tæplega þriðjungur var hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) og 12% svarenda voru mjög eða frekar óánægðir með boðið. Ekki kom fram munur á svörum þátttakenda eftir bakgrunni þeirra.

Tafla 2.10. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með að vera boðuð/boðaður í viðtal?

	Fjöldi	Mjög / frekar óánægð(ur)	Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	Mjög / frekar ánægð(ur)
Heild	1401	11,6%	31,8%	56,6%
Kyn				
Karl	850	12,8%	30,8%	56,4%
Kona	531	10,0%	32,6%	57,4%
Aldur				
17 - 19 ára	147	8,2%	33,3%	58,5%
20 - 21 árs	371	12,1%	32,6%	55,3%
22 - 23 ára	486	11,3%	29,8%	58,8%
24 - 25 ára	377	13,3%	31,8%	54,9%
Búseta				
Höfuðborgarsvæðið	891	12,6%	30,1%	57,4%
Suðurnes	215	9,3%	30,2%	60,5%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	67	14,9%	37,3%	47,8%
Norðurland eystra og Austurland	133	8,3%	36,8%	54,9%
Suðurland	75	12,0%	37,3%	50,7%
Menntun				
Grunnskólapróf eða minna	296	11,1%	32,1%	56,8%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	585	11,3%	28,9%	59,8%
Starfsnám/iðnnám	181	11,0%	32,6%	56,4%
Stúdentspróf	159	13,2%	32,1%	54,7%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	44	11,4%	36,4%	52,3%
Háskólapróf	48	14,6%	41,7%	43,8%
Annað nám	51	13,7%	31,4%	54,9%
Lengd á atvinnuleysissskrá (samfellt)				
Innan við sex mánuðir	524	12,0%	32,3%	55,7%
Sex mánuðir að einu ári	251	11,2%	28,3%	60,6%
Eitt ár eða lengur	172	8,1%	26,7%	65,1%
Staða í „Ungt fólk til athafna“				
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafð	440	11,4%	33,4%	55,2%
Er í úrræði	668	11,2%	30,8%	57,9%
Hætti í úrræði áður en því lauk	51	17,6%	25,5%	56,9%
Úrræði lokið	215	12,6%	30,2%	57,2%
Tegund úrræðis				
Grunnnámskeið, s.s. sjálfstyrking eða áhugasviðsgreining	157	14,6%	29,9%	55,4%
Smiðjur/klúbbar	80	10,0%	42,5%	47,5%
Starfsþjálfun, reynsluráðning, átaksverkefni og sjálfboðastörf	164	9,8%	28,7%	61,6%
Styttri námskeið, s.s. tölvu- og lesblindunámskeið	275	12,0%	27,3%	60,7%
Ýmis starfstengd námskeið, s.s. færni í ferðaþjónustu	240	9,6%	33,3%	57,1%
Nám í hefðbundnum framhalds- eða háskólum	154	12,3%	28,6%	59,1%
Aðrar námsleiðir, s.s. Grunnenntaskólinn eða Háskólatoði	83	8,4%	26,5%	65,1%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Peir sem höfðu farið í hópviðtal voru spurðir um gagnsemi hópviðtalsins. Þetta var gert með því að leggja fyrir þátttakendur nokkrar fullyrðingar sem þeir voru beðnir að taka afstöðu til. Fyrst var könnuð afstaða þátttakenda til þeirrar fullyrðingar að í hópviðtalinu hafi þeir fengið góða aðstoð við að finna út hvar áhugasvið þeirra lægu. Tafla 2.11 sýnir að um 42% þátttakenda voru mjög eða frekar sammála þessari fullyrðingu en 27% voru henni ósammála. Líklegra var að atvinnuleitendur með háskólapróf (43%) væru ósammála fullyrðingunni en þeir sem höfðu styttri menntun að baki (25 -28%). Þá voru þeir sem höfðu hætt í úrræði áður en því lauk neikvæðari í garð þessarar fullyrðingar en aðrir þátttakendur. Um 38% þeirra sem hættu í úrræði áður en því lauk voru ósammála því að í hópviðtalinu hafi þeir fengið góða aðstoð við að finna út hvar áhugasvið þeirra lægu, samanborið við 23% þeirra sem voru einungis búnir að fara í ráðgjafaviðtal, 28% þeirra sem voru í úrræði og 27% þeirra sem höfðu lokið úrræði. Einnig má benda á að því lengra sem þátttakendur voru komnir í átaksverkefninu, því meiri líkur voru á að þeir væru jákvæðir í garð fullyrðingarinnar. Þannig voru 47% þeirra sem höfðu lokið úrræðinu og 44% þeirra þeir sem voru byrjaðir í úrræði sammála því að í hópviðtalinu hafi þeir fengið góða aðstoð við að finna út hvar áhugasvið þeirra lægu, en hið sama átti við um 39% þeirra sem ekki voru byrjaðir í úrræði.

Tafla 2.11. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um gagnsemi hópviðtalsins: Ég fékk góða aðstoð við að finna út hvar áhugasvið mín liggja

	Fjöldi	Mjög / frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar sammála
Heild	1125	26,7%	30,9%	42,4%
Kyn				
Karl	694	27,1%	30,1%	42,8%
Kona	431	26,0%	32,3%	41,8%
Aldur				
17 - 19 ára	118	24,6%	27,1%	48,3%
20 - 21 árs	291	23,4%	36,1%	40,5%
22 - 23 ára	403	28,5%	26,6%	44,9%
24 - 25 ára	313	28,1%	33,2%	38,7%
Búseta				
Höfuðborgarsvæðið	773	25,6%	32,2%	42,2%
Suðurnes	176	27,3%	26,1%	46,6%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	39	20,5%	28,2%	51,3%
Norðurland eystra og Austurland	99	34,3%	33,3%	32,3%
Suðurland	38	31,6%	23,7%	44,7%
Menntun **				
Grunnskólapróf eða minna	231	25,5%	26,0%	48,5%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	481	25,2%	28,9%	45,9%
Starfsnám / iðnnám	155	25,8%	36,8%	37,4%
Stúdentspróf	137	27,7%	37,2%	35,0%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	36	27,8%	27,8%	44,4%
Háskólapróf	42	42,9%	31,0%	26,2%
Annað nám	37	32,4%	45,9%	21,6%
Lengd á atvinnuleysisráð (samfelt)				
Innan við sex mánuðir	437	24,3%	35,2%	40,5%
Sex mánuðir að einu ári	200	27,0%	26,5%	46,5%
Eitt ár eða lengur	145	28,3%	32,4%	39,3%
Staða í „Ungt fólk til athafna“ *				
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	364	22,5%	38,2%	39,3%
Er í úrræði	539	28,0%	28,0%	44,0%
Hætti í úrræði áður en því lauk	45	37,8%	26,7%	35,6%
Úrræði lokið	172	26,7%	26,2%	47,1%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Rúmur þriðjungur var mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu um að í hópviðtalinu hafi þeir fengið góða aðstoð við að koma auga á styrkleika sína (sjá töflu 2.12). Munur var á afstöðu svarenda eftir því hvar þeir voru staddir í átakinu „Ungt fólk til athafna“. Um 40% þeirra sem höfðu lokið úrræði og 36% þeirra sem voru í úrræði voru sammála því að þeir hafi fengið góða aðstoð við að koma auga á styrkleika sína í hópviðtalinu en á sömu skoðun voru 28% þeirra sem höfðu ekki hafið úrræði eða hætt í úrræðinu áður en því lauk.

Tafla 2.12. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um gagnsemi hópviðtalsins: Ég fékk góða aðstoð við að koma auga á styrkleika mína

	Fjöldi	Mjög / frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar sammála
Heild	1121	32,2%	34,2%	33,6%
Kyn				
Karl	694	33,4%	33,9%	32,7%
Kona	427	30,2%	34,7%	35,1%
Aldur				
17 - 19 ára	115	27,8%	30,4%	41,7%
20 - 21 árs	291	29,2%	38,5%	32,3%
22 - 23 ára	403	33,5%	31,5%	35,0%
24 - 25 ára	312	34,9%	34,9%	30,1%
Búseta				
Höfuðborgarsvæðið	771	31,9%	36,1%	32,0%
Suðurnes	175	30,3%	29,7%	40,0%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	39	23,1%	30,8%	46,2%
Norðurland eystra og Austurland	98	36,7%	32,7%	30,6%
Suðurland	38	44,7%	23,7%	31,6%
Menntun				
Grunnskólapróf eða minna	231	30,3%	31,6%	38,1%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	477	31,4%	32,5%	36,1%
Starfsnám / iðnnám	154	32,5%	37,0%	30,5%
Stúdentspróf	137	31,4%	42,3%	26,3%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	36	33,3%	33,3%	33,3%
Háskólapróf	42	50,0%	26,2%	23,8%
Annað nám	37	29,7%	43,2%	27,0%
Lengd á atvinnuleysisrá (samfelt)				
Innan við sex mánuðir	436	33,0%	36,2%	30,7%
Sex mánuðir að einu ári	202	33,2%	29,7%	37,1%
Eitt ár eða lengur	145	32,4%	35,2%	32,4%
Staða í „Ungt fólk til athafna“ **				
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	366	30,1%	42,1%	27,9%
Er í úrræði	537	31,7%	32,0%	36,3%
Hætti í úrræði áður en því lauk	43	44,2%	27,9%	27,9%
Úrræði lokið	170	34,1%	25,9%	40,0%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Kannað var hvort þátttakendur voru ánægðir eða óánægðir með kynninguna á úrræðunum með því að biðja þá um að taka afstöðu til þeirrar fullyrðingar að í hópviðtalinu hafi þeir fengið góða kynningu á þeim námskeiðum eða úrræðum sem í boði eru. Mikill meirihluti þátttakenda (77%) var mjög eða frekar sammála fullyrðingunni. Ekki reyndist munur á afstöðu svarenda eftir bakgrunni þeirra (sjá töflu 2.13).

Tafla 2.13. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um gagnsemi hópviðtalsins: Ég fékk góða kynningu á þeim úrræðum/námskeiðum sem í boði eru

	Fjöldi	Mjög / frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar sammála
Heild	1137	10,6%	12,1%	77,3%
Kyn				
Karl	702	10,8%	11,3%	77,9%
Kona	435	10,1%	13,6%	76,3%
Aldur				
17 - 19 ára	116	6,9%	9,5%	83,6%
20 - 21 árs	296	12,8%	12,5%	74,7%
22 - 23 ára	408	9,3%	11,5%	79,2%
24 - 25 ára	317	11,4%	13,6%	75,1%
Búseta^{ög}				
Höfuðborgarsvæðið	784	10,8%	10,5%	78,7%
Suðurnes	179	11,2%	14,0%	74,9%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	39	7,7%	28,2%	64,1%
Norðurland eystra og Austurland	98	7,1%	16,3%	76,5%
Suðurland	37	13,5%	10,8%	75,7%
Menntun^{ög}				
Grunnskólapróf eða minna	233	13,3%	14,6%	72,1%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	485	9,5%	9,7%	80,8%
Starfsnám / iðnnám	156	9,6%	15,4%	75,0%
Stúdentspróf	139	10,1%	15,8%	74,1%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	36	11,1%	8,3%	80,6%
Háskólapróf	44	11,4%	6,8%	81,8%
Annað nám	37	8,1%	13,5%	78,4%
Lengd á atvinnuleysissskrá (samfelt)				
Innan við sex mánuðir	440	9,5%	10,7%	79,8%
Sex mánuðir að einu ári	204	11,3%	8,3%	80,4%
Eitt ár eða lengur	150	11,3%	8,0%	80,7%
Staða í „Ungt fólk til athafna“				
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	367	8,7%	14,2%	77,1%
Er í úrræði	545	10,6%	11,2%	78,2%
Hætti í úrræði áður en því lauk	45	20,0%	11,1%	68,9%
Úrræði lokið	175	12,0%	9,7%	78,3%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Loks voru viðhorf þátttakenda til hópviðtalsins könnuð með fullyrðingunni: Í hópviðtalinu fékk ég góða aðstoð við að velja úrræði. Tafla 2.14 sýnir að helmingur þátttakenda var sammála þessari fullyrðingu. Um 23% voru henni ósammála og um 26% voru hvorki sammála né ósammála. Munur var á afstöðu þátttakenda eftir því hvar þeir voru staddir í átakinu „Ungt fólk til athafna“. Um 58% þeirra sem höfðu lokið úrræði voru sammála því að þeir höfðu fengið góða aðstoð við að velja úrræði í hópviðtalinu, en hið sama átti við um 47% þeirra sem ekki höfðu hafið úrræði og 51% þeirra sem voru í úrræði á þeim tíma sem könnunin fór fram.

Tafla 2.14. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um gagnsemi hópviðtalsins: Ég fékk góða aðstoð við að velja úrræði

	Fjöldi	Mjög / frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar sammála
Heild	1135	23,3%	26,3%	50,4%
Kyn				
Karl	702	24,4%	25,6%	50,0%
Kona	433	21,7%	27,3%	51,0%
Aldur				
17 - 19 ára	117	21,4%	22,2%	56,4%
20 - 21 árs	294	23,5%	28,9%	47,6%
22 - 23 ára	408	22,3%	24,0%	53,7%
24 - 25 ára	316	25,3%	28,2%	46,5%
Búseta				
Höfuðborgarsvæðið	783	22,3%	24,9%	52,7%
Suðurnes	178	25,3%	28,1%	46,6%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	40	22,5%	30,0%	47,5%
Norðurland eystra og Austurland	97	22,7%	37,1%	40,2%
Suðurland	37	37,8%	13,5%	48,6%
Menntun				
Grunnskólapróf eða minna	233	24,9%	28,3%	46,8%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	486	22,8%	24,7%	52,5%
Starfsnám / iðnnám	156	22,4%	23,1%	54,5%
Stúdentspróf	137	23,4%	29,9%	46,7%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	36	16,7%	25,0%	58,3%
Háskólapróf	43	25,6%	30,2%	44,2%
Annað nám	37	27,0%	32,4%	40,5%
Lengd á atvinnuleysisráð (samfelt)				
Innan við sex mánuðir	441	23,1%	26,5%	50,3%
Sex mánuðir að einu ári	202	23,8%	26,2%	50,0%
Eitt ár eða lengur	149	22,1%	22,1%	55,7%
Staða í „Ungt fólk til athafna“ **				
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	367	20,7%	31,9%	47,4%
Er í úrræði	544	23,5%	25,7%	50,7%
Hætti í úrræði áður en því lauk	44	38,6%	13,6%	47,7%
Úrræði lokið	175	24,0%	18,3%	57,7%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Viðhorf þeirra sem farið höfðu í einstaklingsviðtal voru könnuð með því að biðja svarendur um að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga, líkum þeim sem þeir sem höfðu farið í hópviðtal svörðu. Tafla 2.15 sýnir að tæplega helmingur (48%) þeirra sem fóru í einstaklingsviðtal voru mjög eða frekar sammála því að í viðtalinu hafi þeir fengið góða aðstoð við að finna út hvar áhugasvið þeirra lægu. Einstaklingsviðtalið reyndist yngri þátttakendum betur í að finna út hvar áhugasvið þeirra lægju en hinum eldri. Um 59 til 62% svarenda á aldrinum 17 til 21 árs voru sammála því að í einstaklingsviðtalinu hafi þeir fengið góða aðstoð við að finna út áhugasvið sín. Hið sama átti eingöngu við um 37 til 42% svarenda á aldrinum 22 til 25 ára. Afstaða þátttakenda til fullyrðingarinnar var einnig misjöfn eftir því hvar þeir voru staddir í átakinu „Ungt fólk til athafna“. Meira var um að svarendur sem hættu í úrræði áður en því lauk væru ósammála fullyrðingunni (46%) samanborið við aðra svarendur 22 – 26%). Þá voru hlutfallslega fleiri þeirra sem höfðu lokið úrræði sammála því að í einstaklingsviðtalinu

hafi þeir fengið góða aðstoð við að finna út hvar áhugasvið þeirra lægu (52%) en aðrir svarendur (46 – 47%).

Tafla 2.15. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um gagnsemi einstaklingsviðtalsins: Ég fékk góða aðstoð við að finna út hvar áhugasvið mín liggja

	Fjöldi	Mjög / frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar sammála
Heild	649	23,4%	29,0%	47,6%
Kyn				
Karl	392	21,7%	28,3%	50,0%
Kona	257	26,1%	30,0%	44,0%
Aldur ***				
17 - 19 ára	66	13,6%	24,2%	62,1%
20 - 21 árs	183	16,9%	24,0%	59,0%
22 - 23 ára	226	28,3%	29,6%	42,0%
24 - 25 ára	174	27,6%	35,1%	37,4%
Búseta				
Höfuðborgarsvæðið	431	24,1%	31,8%	44,1%
Suðurnes	75	16,0%	29,3%	54,7%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	34	26,5%	20,6%	52,9%
Norðurland eystra og Austurland	56	23,2%	26,8%	50,0%
Suðurland	53	26,4%	13,2%	60,4%
Menntun				
Grunnskólapróf eða minna	135	20,0%	27,4%	52,6%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	280	20,0%	28,2%	51,8%
Starfsnám / iðnnám	91	27,5%	37,4%	35,2%
Stúdentspróf	61	26,2%	24,6%	49,2%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	24	29,2%	29,2%	41,7%
Háskólapróf	24	45,8%	20,8%	33,3%
Annað nám	30	30,0%	36,7%	33,3%
Lengd á atvinnuleysissskrá (samfelt)				
Innan við sex mánuðir	239	21,3%	31,4%	47,3%
Sex mánuðir að einu ári	132	25,8%	25,0%	49,2%
Eitt ár eða lengur	79	26,6%	29,1%	44,3%
Staða í „Ungt fólk til athafna“ *				
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	181	21,5%	32,0%	46,4%
Er í úrræði	328	22,0%	31,1%	47,0%
Hætti í úrræði áður en því lauk	26	46,2%	7,7%	46,2%
Úrræði lokið	110	25,5%	22,7%	51,8%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Tafla 2.16 sýnir að 43% þeirra sem höfðu farið í einstaklingsviðtal voru mjög eða frekar sammála því að í viðtalinu hafi þeir fengið góða aðstoð við að koma auga á styrkleika sína. Um 28% voru mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni og 29% voru henni hvorki sammála né ósammála. Munur var á afstöðu svarenda eftir aldri. Meirihluti svarenda á aldrinum 17 til 19 ára (55%) var sammála fullyrðingunni en hið sama átti við um rúman þriðjung (36%) þeirra sem voru á aldrinum 22 til 25 ára.

Tafla 2.16. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um gagnsemi einstaklingsviðtalsins: Ég fékk góða aðstoð við að koma auga á styrkleika mína

	Fjöldi	Mjög / frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar sammála
Heild	650	27,7%	29,1%	43,2%
Kyn				
Karl	393	26,7%	27,0%	46,3%
Kona	257	29,2%	32,3%	38,5%
Aldur **				
17 - 19 ára	66	24,2%	21,2%	54,5%
20 - 21 árs	182	23,6%	21,4%	54,9%
22 - 23 ára	227	30,8%	33,0%	36,1%
24 - 25 ára	175	29,1%	34,9%	36,0%
Búseta				
Höfuðborgarsvæðið	432	28,0%	31,7%	40,3%
Suðurnes	76	25,0%	25,0%	50,0%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	34	26,5%	20,6%	52,9%
Norðurland eystra og Austurland	56	28,6%	33,9%	37,5%
Suðurland	52	28,8%	13,5%	57,7%
Menntun				
Grunnskólapróf eða minna	138	26,1%	23,9%	50,0%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	279	25,4%	28,7%	45,9%
Starfsnám / iðnnám	90	30,0%	32,2%	37,8%
Stúdentspróf	61	29,5%	31,1%	39,3%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	24	29,2%	37,5%	33,3%
Háskólapróf	25	52,0%	28,0%	20,0%
Annað nám	30	23,3%	40,0%	36,7%
Lengd á atvinnuleysisráð (samfelt)				
Innan við sex mánuðir	238	28,2%	31,9%	39,9%
Sex mánuðir að einu ári	132	27,3%	29,5%	43,2%
Eitt ár eða lengur	80	30,0%	25,0%	45,0%
Staða í „Ungt fólk til athafna“				
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	179	26,3%	31,8%	41,9%
Er í úrræði	331	27,2%	31,7%	41,1%
Hætti í úrræði áður en því lauk	26	34,6%	15,4%	50,0%
Úrræði lokið	110	29,1%	20,9%	50,0%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Tafla 2.17 sýnir að 64% þeirra sem höfðu farið í einstaklingsviðtal voru mjög eða frekar sammála því að í viðtalinu hafi þeir fengið góða aðstoð við að velja úrræði. Um 18% voru mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni og jafnstór hópur var hvorki sammála né ósammála. Atvinnuleitendur á höfuðborgarsvæðinu (66%) og á Suðurlandi (68%) voru frekar á því en svarendur frá öðrum landssvæðum (55 - 59%) að í einstaklingsviðtalinu hafi þeir fengið góða aðstoð við að velja úrræði. Þá er athyglisvert að 26% atvinnuleitenda á Suðurlandi voru mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni. Þetta þýðir að atvinnuleitendur á Suðurlandi voru bæði þeir sem voru ánægðastir með þetta atriði og þeir sem voru óánægðastir.

Tafla 2.17. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um gagnsemi einstaklingsviðtalsins: Ég fékk góða aðstoð við að velja úrræði

	Fjöldi	Mjög / frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar sammála
Heild	656	18,1%	18,1%	63,7%
Kyn				
Karl	399	17,3%	17,3%	65,4%
Kona	257	19,5%	19,5%	61,1%
Aldur				
17 - 19 ára	66	16,7%	12,1%	71,2%
20 - 21 árs	185	14,6%	15,7%	69,7%
22 - 23 ára	227	18,5%	18,5%	63,0%
24 - 25 ára	178	21,9%	22,5%	55,6%
Búseta *				
Höfuðborgarsvæðið	438	17,6%	16,7%	65,8%
Suðurnes	75	20,0%	21,3%	58,7%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	33	18,2%	27,3%	54,5%
Norðurland eystra og Austurland	57	12,3%	31,6%	56,1%
Suðurland	53	26,4%	5,7%	67,9%
Menntun				
Grunnskólapróf eða minna	137	18,2%	16,8%	65,0%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	283	16,3%	18,7%	65,0%
Starfsnám / iðnnám	91	15,4%	20,9%	63,7%
Stúdentspróf	62	22,6%	14,5%	62,9%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	24	20,8%	12,5%	66,7%
Háskólapróf	27	25,9%	18,5%	55,6%
Annað nám	29	24,1%	24,1%	51,7%
Lengd á atvinnuleysisskrá (samfelt)				
Innan við sex mánuðir	237	17,3%	18,6%	64,1%
Sex mánuðir að einu ári	132	17,4%	12,9%	69,7%
Eitt ár eða lengur	84	19,0%	14,3%	66,7%
Staða í „Ungt fólk til athafna“				
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	181	17,7%	24,3%	58,0%
Er í úrræði	334	17,4%	16,2%	66,5%
Hætti í úrræði áður en því lauk	26	26,9%	15,4%	57,7%
Úrræði lokið	111	18,9%	14,4%	66,7%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Alls voru 40% þeirra sem fóru í einstaklingsviðtal mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að í viðtalinu hafi þeir fengið góða aðstoð við að reyna að vinna úr sínum persónulegu málum. Ekki kom fram munur á afstöðu svarenda eftir bakgrunni þeirra (sjá töflu 2.18).

Tafla 2.18. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu um gagnsemi einstaklingsviðtalsins: Ég fékk góða aðstoð við að reyna að vinna úr mínum persónulegu málum

	Fjöldi	Mjög / frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar sammála
Heild	646	31,9%	27,7%	40,4%
Kyn				
Karl	389	29,6%	27,0%	43,4%
Kona	257	35,4%	28,8%	35,8%
Aldur				
17 - 19 ára	66	34,8%	18,2%	47,0%
20 - 21 árs	183	32,8%	25,1%	42,1%
22 - 23 ára	224	30,8%	29,0%	40,2%
24 - 25 ára	173	31,2%	32,4%	36,4%
Búseta				
Höfuðborgarsvæðið	431	30,6%	28,5%	40,8%
Suðurnes	74	25,7%	28,4%	45,9%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	34	38,2%	26,5%	35,3%
Norðurland eystra og Austurland	56	30,4%	32,1%	37,5%
Suðurland	51	49,0%	15,7%	35,3%
Menntun				
Grunnskólapróf eða minna	136	29,4%	22,8%	47,8%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	277	33,2%	28,9%	37,9%
Starfsnám / iðnnám	90	26,7%	27,8%	45,6%
Stúdentspróf	62	32,3%	29,0%	38,7%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	24	20,8%	37,5%	41,7%
Háskólapróf	26	38,5%	30,8%	30,8%
Annað nám	28	46,4%	28,6%	25,0%
Lengd á atvinnuleysiskrá (samfelt)				
Innan við sex mánuðir	231	33,3%	27,7%	39,0%
Sex mánuðir að einu ári	132	33,3%	28,0%	38,6%
Eitt ár eða lengur	81	32,1%	24,7%	43,2%
Staða í „Ungt fólk til athafna“				
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	179	28,5%	30,7%	40,8%
Er í úrræði	325	32,3%	26,8%	40,9%
Hætti í úrræði áður en því lauk	25	40,0%	16,0%	44,0%
Úrræði lokið	113	32,7%	29,2%	38,1%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

2.2.4. Viðhorf og væntingar til úrræðanna

Þátttakendur voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir voru með þau úrræði sem þeim voru boðin í ráðgjafarviðtalinu/kynningarfundinum. Tafla 2.19 sýnir að meirihluti svarenda var mjög eða frekar ánægður með úrræðin (63%), um 17% voru mjög eða frekar óánægð og 20% voru hvorki ánægð né óánægð með þau úrræði sem voru í boði. Atvinnuleitendur af höfuðborgarsvæðinu (65%), Suðurnesjum (62%) og Norðurlandi eystra og Austurlandi (60%) voru líklegri til að vera ánægðir með úrræðin en þeir sem búsettir voru á Vesturlandi, Vestfjörðum, Ströndum og Norðurlandi vestra (42%). Þá var einnig munur á viðhorfum til úrræðanna eftir því hvar þátttakendur voru staddir í átakinu „Ungt fólk til athafna“. Þeir sem

hættu í úrræðinu áður en því lauk voru að jafnaði óánægðari (37%) með þau úrræði sem þeim bauðst í ráðgjafarviðtalinu/kynningarfundinum en aðrir svarendur (15 – 18%)..

Tafla 2.19. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með þau úrræði sem þér voru boðin?

	Fjöldi	Mjög / frekar óánægð(ur)	Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	Mjög / frekar ánægð(ur)
Heild	1373	17,3%	20,1%	62,6%
Kyn				
Karl	844	18,2%	20,5%	61,3%
Kona	529	15,9%	19,5%	64,7%
Aldur				
17 - 19 ára	143	18,9%	18,9%	62,2%
20 - 21 árs	370	18,4%	21,4%	60,3%
22 - 23 ára	482	16,8%	19,7%	63,5%
24 - 25 ára	378	16,4%	19,8%	63,8%
Búseta**				
Höfuðborgarsvæðið	887	17,7%	17,2%	65,1%
Suðurnes	215	15,3%	22,3%	62,3%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	66	21,2%	36,4%	42,4%
Norðurland eystra og Austurland	132	15,2%	25,0%	59,8%
Suðurland	73	19,2%	24,7%	56,2%
Menntun				
Grunnskólapróf eða minna	295	14,9%	26,8%	58,3%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	583	16,8%	17,7%	65,5%
Starfsnám / iðnnám	182	17,6%	18,7%	63,7%
Stúdentspróf	159	18,9%	17,0%	64,2%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	44	20,5%	20,5%	59,1%
Háskólapróf	47	27,7%	12,8%	59,6%
Annað nám	51	19,6%	19,6%	60,8%
Lengd á atvinnuleysisrá (samfelt)				
Innan við sex mánuðir	519	15,6%	19,1%	65,3%
Sex mánuðir að einu ári	250	19,6%	17,6%	62,8%
Eitt ár eða lengur	175	15,4%	13,1%	71,4%
Staða í „Ungt fólk til athafna“***				
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	434	15,2%	25,6%	59,2%
Er í úrræði	666	16,4%	17,7%	65,9%
Hætti í úrræði áður en því lauk	51	37,3%	5,9%	56,9%
Úrræði lokið	215	18,1%	19,5%	62,3%
Tegund úrræðis				
Grunnnámskeið, s.s. sjálfstyrking eða áhugasviðsgreining	157	14,6%	20,4%	65,0%
Smiðjur/klúbbar	80	17,5%	20,0%	62,5%
Starfsþjálfun, reynsluráðning, átaksverkefni og sjálfböðastörf	162	16,7%	16,0%	67,3%
Stytti námskeið, s.s. tölvu- og lesblindunámskeið	276	14,9%	18,5%	66,7%
Ýmis starfstengd námskeið, s.s. færni í ferðaþjónustu	238	19,3%	17,2%	63,4%
Nám í hefðbundnum framhalds- eða háskólum	154	16,2%	18,8%	64,9%
Aðrar námsleiðir, s.s. Grunnenntaskólinn eða Háskólatoðir	84	21,4%	6,0%	72,6%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Þá voru þátttakendur spurðir hvort þeim fyndist vanta einhver fleiri úrræði, miðað við þeirra eigin þarfir. Um opna spurningu var að ræða. Óflokkuð svör þátttakenda er að finna í viðauka 4, en í töflu 2.20 er búið að flokka svör þeirra niður í 28 meginflokka. Hlutfallslega flestir svarendu (13%) sögðust vilja sjá fleiri og fjölbreyttari úrræði eða úrræði sem veittu ákveðin

réttindi eða gráður (13%). Athygli vakti að mörg ungmennanna sem töldu þörf á fleiri og fjölbreyttari úrræðum nefndu að úrræðin væru um of sniðin að þörfum þeirra sem ekki höfðu lokið stúdentsprófi. Þá var einnig stór hópur sem nefndi úrræði tengd almennri heilsuefningu, líkamsrækt og íþróttum (13%) og úrræði tengd list, listsköpun og hönnun (7%).

Tafla 2.20. Finnst þér vanta einhver önnur úrræði en þau sem í boði eru ef þú miðar við þínar þarfir? Ef já, þá hver?

	Fjöldi	Hlutfall sem svarar
Fleiri og fjölbreyttari úrræði	44	12,9%
Auka úrræði svo hægt sé að ljúka námi með gráðu/réttindum	43	12,6%
Úrræði tengd almennri heilsuefningu, líkamsrækt og íþróttum	24	7,1%
Úrræði tengd list, listsköpun og hönnun	23	6,8%
Úrræði tengd iðngreinum	21	6,2%
Úrræði tengd bílum og bílaviðgerðum	19	5,6%
Auka úrræði fyrir fólk með lengri menntun	17	5,0%
Úrræði tengd tónlist	12	3,5%
Úrræði tengd tölvum	12	3,5%
Úrræði tengd sjálfsstyrkingu, starfsleit og meiri eftirfylgni	10	2,9%
Úrræði aðlöguð betur að ungu fólki með börn	8	2,4%
Úrræði tengd ljósmyndun	8	2,4%
Úrræði tengd tungumálum	8	2,4%
Nám á bótum	7	2,1%
Úrræði tengd matreiðslu	7	2,1%
Úrræði tengd snyrtifræði og hárgreiðslu	7	2,1%
Auka úrræði innan sveitarfélags	7	2,1%
Úrræði tengd viðskiptum, bókhaldi og rekstri	7	2,1%
Einstaklingsmiðuð úrræði	6	1,8%
Úrræði tengd dýrum, garðyrkju og landbúnaði	6	1,8%
Úrræði tengd sjálfbóðaliðastörfum, björgunarsveitum og skyndihjálpi	6	1,8%
Fleiri framhaldsnámskeið	5	1,5%
Les- og skrifblindunámskeið	3	0,9%
Úrræði tengd smíði	3	0,9%
Fleiri úrræði fyrir óléttar konur og mæður	2	0,6%
Úrræði tengd flugnámi	2	0,6%
Úrræði tengd rafvirkjun	2	0,6%
Annað	21	6,2%
Alls	340	100,0%

Þátttakendur sem höfðu farið í ráðgjafarviðtal/kynningarfund en voru ekki byrjaðir í úrræði og þeir sem voru í úrræði á þeim tíma sem könnunin fór fram voru spurðir um væntingar sínar til

úrræðisins. Þetta var gert með því að leggja fyrir þátttakendur nokkrar fullyrðingar sem þeir voru beðnir að taka afstöðu til. Fyrst voru ungmennin spurð hvort þau væru sammála eða ósammála þeirri fullyrðingu að færni þeirra á tilteknu sviði ætti eftir að aukast með þátttöku í úrræðinu. Tafla 2.21 sýnir að mikill meirihluti ungmennanna (74%) var mjög eða frekar sammála fullyrðingunni. Rúm 7% voru mjög eða frekar ósammála og tæp 19% voru hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni. Munur var á afstöðu svarenda eftir kyni, búsetu, lengd á skrá, eftir stöðu í verkefninu „Ungt fólk til athafna“ og eftir því hvaða úrræði varð fyrir valinu. Hlutfallslega fleiri karlar (77%) en konur (71%) voru sammála því að færni þeirra á tilteknu sviði ætti eftir að aukast með þátttöku í úrræðinu. Á þeirri skoðun voru einnig helst þeir sem búsettir voru á höfuðborgarsvæðinu (77%) en síst þeir sem búsettir voru á Vesturlandi, Vestfjörðum, Ströndum og Norðurlandi vestra (57%). Þá voru atvinnuleitendur sem höfðu verið samfelld á atvinnuleysissskrá í eitt ár eða lengur (86%) frekar sammála fullyrðingunni en þeir sem höfðu verið á skrá í innan við ár (75 – 78%). Þá voru þeir sem voru byrjaðir í úrræði oftast sammála því að færni þeirra ætti eftir að aukast (79%) en þeir sem einungis höfðu lokið ráðgjafarviðtalinu/kynningarfundinum (67%). Loks var líklegra að fólk sem valdi sér styttri námskeið (84%) eða aðrar námsleiðir (84%) væri á því að færni þeirra ætti eftir að aukast en þeir sem völdu smiðjur eða klúbba (64%).

Tafla 2.21. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? Hún tengist væntingum þínum til úrræðisins: Ég geri ráð fyrir að færni mín á tilteknu sviði muni aukast

	Fjöldi	Mjög/frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög/frekar sammála
Heild	947	7,3%	18,5%	74,2%
Kyn **				
Karl	566	8,1%	15,4%	76,5%
Kona	381	6,0%	23,1%	70,9%
Aldur				
17 - 19 ára	99	5,1%	21,2%	73,7%
20 - 21 árs	248	8,1%	19,4%	72,6%
22 - 23 ára	331	7,6%	17,8%	74,6%
24 - 25 ára	269	7,1%	17,5%	75,5%
Búseta *				
Höfuðborgarsvæðið	629	6,5%	15,9%	77,6%
Suðurnes	162	9,9%	19,1%	71,0%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	37	13,5%	29,7%	56,8%
Norðurland eystra og Austurland	82	4,9%	30,5%	64,6%
Suðurland	37	8,1%	21,6%	70,3%
Menntun				
Grunnskólapróf eða minna	193	7,3%	19,2%	73,6%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	411	7,3%	14,4%	78,3%
Starfsnám/iðnnám	119	5,0%	23,5%	71,4%
Stúdentspróf	112	8,0%	23,2%	68,8%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	34	14,7%	20,6%	64,7%
Háskólapróf	34	5,9%	23,5%	70,6%
Annað nám	40	5,0%	22,5%	72,5%
Lengd á atvinnuleysissskrá (samfelt) **				
Innan við sex mánuðir	374	5,9%	19,5%	74,6%
Sex mánuðir að einu ári	175	9,1%	12,6%	78,3%
Eitt ár eða lengur	113	7,1%	7,1%	85,8%
Staða í „Ungt fólk til athafna“ ***				
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	377	6,6%	26,3%	67,1%
Er í úrræði	570	7,7%	13,3%	78,9%
Tegund úrræðis *				
Grunnnámskeið, s.s. sjálfstyrking eða áhugasviðsgreining	101	5,9%	19,8%	74,3%
Smiðjur/klúbbar	59	15,3%	20,3%	64,4%
Starfsþjálfun, reynsluráðning, átaksverkefni og sjálfböðastörf	125	4,0%	23,2%	72,8%
Stytti námskeið, s.s. tölvu- og lesblindunámskeið	200	6,0%	10,0%	84,0%
Ýmis starfstengd námskeið, s.s. færni í ferðapjónustu	172	6,4%	14,5%	79,1%
Nám í hefðbundnum framhalds- eða háskólum	113	8,0%	18,6%	73,5%
Aðrar námsleiðir, s.s. Grunnenntaskólinn eða Háskólastoðir	68	5,9%	10,3%	83,8%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Tafla 2.22 sýnir að tveir af hverjum þremur (66%) gerðu ráð fyrir því að þátttaka í úrræðinu muni auka möguleika þeirra á vinnumarkaði. Um 70% svarenda af höfuðborgarsvæðinu og 68% svarenda af Suðurlandi voru sammála því að úrræðið ætti eftir auka möguleika þeirra en á sömu skoðun voru einungis 45% atvinnuleitenda á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Þá var einnig munur á afstöðu svarenda eftir því hvort þeir voru byrjaðir í úrræði eða ekki. Ungmenni sem ekki voru byrjuð í úrræði höfðu síður myndað sér skoðun á úrræðinu en þau sem höfðu hafið úrræði, þar sem fjórðungur þeirra sem einungis höfðu lokið

ráðgjafarviðtali/kynningarfundi var hvorki sammála né ósammála því að úrræðið kæmi til með að auka möguleika þeirra á vinnumarkaði en 16% þeirra sem voru byrjuð í úrræði voru á sömu skoðun. Loks kom fram munur á afstöðu svarenda eftir því hvaða úrræði þeir völdu sér. Þeir sem völdu grunnnámskeið, ýmis starfstengd námskeið og aðrar námsleiðir (73 - 75%) voru frekar á því en þeir sem höfðu valið smiðjur eða klúbba (48%) að úrræðið kæmi til með að auka möguleika þeirra á vinnumarkaði.

Tafla 2.22. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? Hún tengist væntingum þínum til úrræðisins: Ég geri ráð fyrir að úrræðið/námskeiðið muni auka möguleika mína á vinnumarkaði

	Fjöldi	Mjög/frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög/frekar sammála
Heild	949	14,5%	19,8%	65,6%
Kyn				
Karl	568	14,3%	17,6%	68,1%
Kona	381	15,0%	23,1%	61,9%
Aldur				
17 - 19 ára	102	11,8%	16,7%	71,6%
20 - 21 árs	249	14,1%	19,3%	66,7%
22 - 23 ára	329	14,0%	19,8%	66,3%
24 - 25 ára	269	16,7%	21,6%	61,7%
Búseta **				
Höfuðborgarsvæðið	632	12,3%	17,6%	70,1%
Suðurnes	160	15,0%	24,4%	60,6%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	38	21,1%	23,7%	55,3%
Norðurland eystra og Austurland	82	25,6%	29,3%	45,1%
Suðurland	37	18,9%	13,5%	67,6%
Menntun				
Grunnskólapróf eða minna	196	11,7%	19,4%	68,9%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	409	13,9%	17,4%	68,7%
Starfsnám/iðnnám	120	14,2%	22,5%	63,3%
Stúdentspróf	112	17,9%	25,0%	57,1%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	34	20,6%	23,5%	55,9%
Háskólapróf	34	17,6%	23,5%	58,8%
Annað nám	40	15,0%	17,5%	67,5%
Lengd á atvinnuleysisrá (samfelt)				
Innan við sex mánuðir	375	14,9%	18,7%	66,4%
Sex mánuðir að einu ári	174	19,0%	18,4%	62,6%
Eitt ár eða lengur	114	12,3%	11,4%	76,3%
Staða í „Ungt fólk til athafna“ **				
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	379	11,9%	25,1%	63,1%
Er í úrræði	570	16,3%	16,3%	67,4%
Tegund úrræðis *				
Grunnnámskeið, s.s. sjálfstyrking eða áhugasviðsgreining	101	11,9%	13,9%	74,3%
Smiðjur/klúbbar	58	27,6%	24,1%	48,3%
Starfsþjálfun, reynsluráðning, átaksverkefni og sjálfbæðastörf	126	8,7%	21,4%	69,8%
Styttri námskeið, s.s. tölvu- og lesblindunámskeið	200	16,5%	21,5%	62,0%
Ýmis starfstengd námskeið, s.s. færni í ferðaþjónustu	172	11,0%	15,7%	73,3%
Nám í hefðbundnum framhalds- eða háskólum	113	13,3%	19,5%	67,3%
Aðrar námsleiðir, s.s. Grunnenntaskólinn eða Háskólastoðir	68	14,7%	10,3%	75,0%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$



Um 60% aðspurðra væntu þess að úrræðið myndi efla þá í mannlegum samskiptum og að samskipti þeirra við annað fólk ættu eftir að aukast. Atvinnuleitendur af höfuðborgarsvæðinu (63%) og Suðurnesjum (61%) væntu þess frekar en atvinnuleitendur af öðrum svæðum (45 – 54%) að úrræðið ætti eftir að efla þá í samskiptum við annað fólk. Þá voru ungmenni sem voru byrjuð í úrræði (63%) frekar á því en hin sem einungis höfðu lokið ráðgjafarviðtali/kynningarfundum (55%) að úrræðið ætti eftir að bæta samskipti þeirra við aðra. Loks voru atvinnuleitendur sem völdu grunnnámskeið, starfsþjálfun, reynsluráðningu, átaksverkefni eða sjálfboðastörf og aðrar námsleiðir (72 - 74%) frekar á því en þeir sem höfðu valið nám í hefðbundnum framhaldsskólum, styttri námsleið, ýmis starfstengd námskeið eða smiðjur/klúbba (54 - 59%) að úrræðið ætti eftir að efla þá í mannlegum samskiptum (sjá töflu 2.23).

Tafla 2.23. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? Hún tengist væntingum þínum til úrræðisins: Ég vænti þess að úrræðið/námskeiðið eflí mig í mannlegum samskiptum og að þau aukist

	Fjöldi	Mjög/frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög/frekar sammála
Heild	946	14,3%	25,8%	59,9%
Kyn				
Karl	566	15,7%	26,1%	58,1%
Kona	380	12,1%	25,3%	62,6%
Aldur				
17 - 19 ára	101	12,9%	16,8%	70,3%
20 - 21 árs	247	18,2%	23,5%	58,3%
22 - 23 ára	330	13,3%	27,9%	58,8%
24 - 25 ára	268	12,3%	28,7%	59,0%
Búseta **				
Höfuðborgarsvæðið	627	12,4%	25,0%	62,5%
Suðurnes	162	16,0%	22,8%	61,1%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	38	18,4%	36,8%	44,7%
Norðurland eystra og Austurland	82	18,3%	34,1%	47,6%
Suðurland	37	24,3%	21,6%	54,1%
Menntun				
Grunnskólapróf eða minna	195	11,8%	22,1%	66,2%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	409	15,2%	23,7%	61,1%
Starfsnám/iðnnám	120	12,5%	28,3%	59,2%
Stúdentspróf	111	21,6%	26,1%	52,3%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	34	8,8%	41,2%	50,0%
Háskólapróf	33	6,1%	42,4%	51,5%
Annað nám	40	10,0%	30,0%	60,0%
Lengd á atvinnuleysissskrá (samfelt)				
Innan við sex mánuðir	372	15,3%	28,2%	56,5%
Sex mánuðir að einu ári	174	16,1%	25,3%	58,6%
Eitt ár eða lengur	113	14,2%	15,9%	69,9%
Staða í „Ungt fólk til athafna“ **				
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	377	14,1%	31,0%	54,9%
Er í úrræði	569	14,4%	22,3%	63,3%
Tegund úrræðis **				
Grunnnámskeið, s.s. sjálfstyrking eða áhugasviðsgreining	100	7,0%	19,0%	74,0%
Smiðjur/klúbbar	59	18,6%	22,0%	59,3%
Starfsþjálfun, reynsluráðning, átaksverkefni og sjálfböðastörf	126	9,5%	18,3%	72,2%
Styttri námskeið, s.s. tölvu- og lesblindunámskeið	197	15,7%	27,9%	56,3%
Ýmis starfstengd námskeið, s.s. færni í ferðaþjónustu	173	18,5%	25,4%	56,1%
Nám í hefðbundnum framhalds- eða háskólum	113	15,9%	30,1%	54,0%
Aðrar námsleiðir, s.s. Grunnenntaskólinn eða Háskólastoðir	68	10,3%	16,2%	73,5%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Um 58% svarenda væntu þess að úrræðið kæmi til með að bæta andlega líðan þeirra. Svarendur sem höfðu verið samfelt á atvinnuleysissskrá í eitt ár eða lengur væntu þess frekar (68%) en þeir sem höfðu verið á skrá í innan við ár (54 – 59%) að úrræðið kæmi til með að bæta andlega líðan þeirra. Þá voru ungmenni sem voru byrjuð í úrræði (63%) einnig frekar á þeirri skoðun en þau sem einungis höfðu lokið ráðgjafarviðtali/kynningarfundum (49%). Loks voru þátttakendur sem völdu grunnnámskeið (69%) eða aðrar námsleiðir eins og Grunnenntaskólann eða Háskólastoðir (73%) líklegri til að vænta þess að úrræðið kæmi til

með að bæta andlega líðan þeirra en þeir sem völdu ýmis starfstengd námskeið, styttri námskeið og smiðjur/klúbba (51 – 56%) (sjá töflu 2.24).

Tafla 2.24. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? Hún tengist væntingum þínum til úrræðisins: Ég vænti þess að úrræðið/námskeiðið komi til með að bæta andlega líðan mína

	Fjöldi	Mjög/frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög/frekar sammála
Heild	947	14,9%	27,6%	57,6%
Kyn				
Karl	565	17,0%	26,5%	56,5%
Kona	382	11,8%	29,1%	59,2%
Aldur				
17 - 19 ára	98	13,3%	24,5%	62,2%
20 - 21 árs	249	16,5%	26,5%	57,0%
22 - 23 ára	331	14,8%	28,4%	56,8%
24 - 25 ára	269	14,1%	28,6%	57,2%
Búseta				
Höfuðborgarsvæðið	630	14,3%	26,5%	59,2%
Suðurnes	161	14,3%	26,7%	59,0%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	37	27,0%	24,3%	48,6%
Norðurland eystra og Austurland	82	14,6%	36,6%	48,8%
Suðurland	37	16,2%	32,4%	51,4%
Menntun				
Grunnskólapróf eða minna	191	13,1%	23,0%	63,9%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	412	16,7%	23,5%	59,7%
Starfsnám/iðnnám	120	12,5%	31,7%	55,8%
Stúdentspróf	112	11,6%	39,3%	49,1%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	34	17,6%	32,4%	50,0%
Háskólapróf	34	14,7%	35,3%	50,0%
Annað nám	40	15,0%	35,0%	50,0%
Lengd á atvinnuleysisrá (samfelt) *				
Innan við sex mánuðir	374	14,2%	32,4%	53,5%
Sex mánuðir að einu ári	175	14,9%	26,3%	58,9%
Eitt ár eða lengur	112	14,3%	17,9%	67,9%
Staða í „Ungt fólk til athafna“ ***				
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	376	14,1%	36,7%	49,2%
Er í úrræði	571	15,4%	21,5%	63,0%
Tegund úrræðis *				
Grunnnámskeið, s.s. sjálfstyrking eða áhugasviðsgreining	101	12,9%	17,8%	69,3%
Smiðjur/klúbbar	59	15,3%	28,8%	55,9%
Starfsþjálfun, reynsluráðning, átaksverkefni og sjálfböðastörf	125	11,2%	22,4%	66,4%
Styttri námskeið, s.s. tölvu- og lesblindunámskeið	200	14,0%	32,0%	54,0%
Ýmis starfstengd námskeið, s.s. færni í ferðaþjónustu	172	20,3%	28,5%	51,2%
Nám í hefðbundnum framhalds- eða háskólum	113	10,6%	27,4%	61,9%
Aðrar námsleiðir, s.s. Grunnenntaskólinn eða Háskólatoðir	67	13,4%	13,4%	73,1%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Tafla 2.25 sýnir að svarendur voru mjög dreifðir í afstöðu sinni til þess hvort úrræðið kæmi til með að bæta líkamlega heilsu þeirra. Um 35% aðspurðra voru mjög eða frekar sammála því að úrræðið kæmi til með að bæta líkamlega heilsu, álíka stór hópur var því hvorki sammála né ósammála og 30% voru mjög eða frekar ósammála. Karlar væntu þess síður (34%) en konur (25%) að líkamleg heilsa þeirra ætti eftir að batna með þátttöku í úrræðinu. Atvinnuleitendur sem höfðu verið á atvinnuleysissskrá í eitt ár eða lengur (45%) voru frekar á því en þeir sem höfðu verið á skrá skemur en í eitt ár (28 – 32%) að úrræðið ætti eftir að bæta líkamlega heilsu þeirra. Atvinnuleitendur sem voru ekki byrjaðir í úrræði höfðu síður myndað sér skoðun á því hvort úrræðið ætti eftir að hafa jákvæð áhrif á líkamlega heilsu þeirra. Loks voru ungmenni sem völdu grunnnámskeið, starfsþjálfun, reynsluráðningu, átaksverkefni og sjálfböðastörf eða aðrar námsleiðir (46 – 51%) frekar á því en þau sem völdu styttri námskeið eða smiðjur/klúbba (24 – 27%) að úrræðið ætti eftir að bæta líkamlega heilsu þeirra.

Tafla 2.25. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? Hún tengist væntingum þínum til úrræðisins: Ég vænti þess að úrræðið/námskeiðið muni bæta líkamlega heilsu mína

	Fjöldi	Mjög/frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög/frekar sammála
Heild	948	30,1%	34,6%	35,3%
Kyn *				
Karl	567	33,7%	32,3%	34,0%
Kona	381	24,7%	38,1%	37,3%
Aldur				
17 - 19 ára	100	27,0%	30,0%	43,0%
20 - 21 árs	248	33,1%	31,9%	35,1%
22 - 23 ára	331	28,1%	34,7%	37,2%
24 - 25 ára	269	30,9%	38,7%	30,5%
Búseta				
Höfuðborgarsvæðið	630	30,2%	34,6%	35,2%
Suðurnes	161	23,0%	35,4%	41,6%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	38	31,6%	31,6%	36,8%
Norðurland eystra og Austurland	82	40,2%	37,8%	22,0%
Suðurland	37	35,1%	27,0%	37,8%
Menntun				
Grunnskólapróf eða minna	194	22,7%	33,5%	43,8%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	410	33,7%	32,0%	34,4%
Starfsnám/iðnnám	120	29,2%	37,5%	33,3%
Stúdentspróf	112	30,4%	42,0%	27,7%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	34	35,3%	32,4%	32,4%
Háskólapróf	34	26,5%	44,1%	29,4%
Annað nám	40	30,0%	30,0%	40,0%
Lengd á atvinnuleysiskrá (samfelt) **				
Innan við sex mánuðir	375	33,1%	38,7%	28,3%
Sex mánuðir að einu ári	173	30,6%	37,0%	32,4%
Eitt ár eða lengur	114	32,5%	22,8%	44,7%
Staða í „Ungt fólk til athafna“ *				
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	378	26,5%	39,9%	33,6%
Er í úrræði	570	32,5%	31,1%	36,5%
Tegund úrræðis ***				
Grunnnámskeið, s.s. sjálfstyrking eða áhugasviðsgreining	101	25,7%	27,7%	46,5%
Smiðjur/klúbbar	59	40,7%	32,2%	27,1%
Starfsþjálfun, reynsluráðning, átaksverkefni og sjálfböðastörf	126	23,0%	31,0%	46,0%
Stytti námskeið, s.s. tölvu- og lesblindunámskeið	200	35,5%	40,5%	24,0%
Ýmis starfstengd námskeið, s.s. færni í ferðaþjónustu	173	31,2%	31,8%	37,0%
Nám í hefðbundnum framhalds- eða háskólum	113	25,7%	39,8%	34,5%
Aðrar námsleiðir, s.s. Grunnenntaskólinn eða Háskólastoðir	67	25,4%	23,9%	50,7%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

2.2.5. Að loknu úrræði

Um 10% þeirra atvinnuleitenda sem svöruðu könnuninni höfðu lokið úrræði í tengslum við verkefnið „Ungt fólk til athafna“. Þessi hópur var beðinn um að meta hvað hefði áunnist með þátttöku í úrræðinu. Þar sem um fáa svarendur er að ræða (215), eru svör þátttakenda við fullyrðingum um árangur úrræðisins ekki greind eftir bakgrunnspáttum. Meirihluti svarenda (68%) var sammála því að úrræðið hafi aukið færni þeirra og ríflega helmingur var sammála því að möguleikar þeirra á vinnumarkaði og samskipti við annað fólk hafi aukist. Um 55% ungmennanna voru á því að þeim líði betur andlega eftir að þau byrjuðu í viðkomandi úrræði en innan við þriðjungur (29%) taldi líkamlegt heilsufar hafa batnað með þátttöku í úrræðinu (sjá töflu 2.26).

Tafla 2.26. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? Þær tengjast skoðunum þínum á árangri úrræðisins?

	Mjög / frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar sammála	Fjöldi
Færni mín á tilteknu sviði hefur aukist með þátttöku í úrræðinu	13,7%	18,9%	67,5%	212
Möguleikar mínir á vinnumarkaði hafa aukist með þátttöku í úrræðinu	24,4%	24,9%	50,7%	213
Samskipti mín við annað fólk hafa aukist með þátttöku í úrræðinu	26,5%	23,3%	50,2%	215
Mér líður betur andlega eftir að ég byrjaði í viðkomandi úrræði	17,7%	27,4%	54,9%	215
Líkamlegt heilsufar mitt hefur batnað með þátttöku í úrræðinu	35,2%	35,7%	29,1%	213

Þátttakendur sem voru í úrræði eða höfðu lokið úrræði voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir voru með úrræðið/námskeiðið í heild. Mikill meirihluti svarenda (72%) var mjög eða frekar ánægður með úrræðið/námskeiðið. Ekki reyndist munur á afstöðu svarenda eftir bakgrunni þeirra (sjá töflu 2.27).

Tafla 2.27. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með úrræðið í heild?

	Fjöldi	Mjög/frekar óánægð(ur)	Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	Mjög/frekar óánægð(ur)
Heild	781	15,4%	12,5%	72,1%
Kyn				
Karl	498	16,5%	13,1%	70,5%
Kona	283	13,4%	11,7%	74,9%
Aldur				
17 - 19 ára	75	16,0%	4,0%	80,0%
20 - 21 árs	196	15,8%	11,2%	73,0%
22 - 23 ára	291	14,8%	13,7%	71,5%
24 - 25 ára	219	15,5%	15,1%	69,4%
Búseta^{ög}				
Höfuðborgarsvæðið	537	15,6%	11,2%	73,2%
Suðurnes	98	18,4%	8,2%	73,5%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	33	15,2%	30,3%	54,5%
Norðurland eystra og Austurland	82	13,4%	19,5%	67,1%
Suðurland	31	6,5%	12,9%	80,6%
Menntun^{ög}				
Grunnskólapróf eða minna	156	14,7%	10,9%	74,4%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	352	16,8%	9,9%	73,3%
Starfsnám/iðnnám	109	5,5%	19,3%	75,2%
Stúdentspróf	81	18,5%	11,1%	70,4%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	26	19,2%	15,4%	65,4%
Háskólapróf	24	33,3%	20,8%	45,8%
Annað nám	31	9,7%	22,6%	67,7%
Lengd á atvinnuleysiskrá (samfelt)				
Innan við sex mánuðir	265	13,6%	11,3%	75,1%
Sex mánuðir að einu ári	167	16,8%	14,4%	68,9%
Eitt ár eða lengur	117	17,1%	10,3%	72,6%
Staða í „Ungt fólk til athafna“				
Er í úrræði	568	16,2%	12,0%	71,8%
Hef lokið úrræði	213	13,1%	14,1%	72,8%
Tegund úrræðis				
Grunnnámskeið, s.s. sjálfstyrking eða áhugasviðsgreining	97	12,4%	8,2%	79,4%
Smiðjur/klúbbar	53	17,0%	13,2%	69,8%
Starfsþjálfun, reynsluráðning, átaksverkefni og sjálfböðastörf	108	13,9%	10,2%	75,9%
Styttri námskeið, s.s. tölvu- og lesblindunámskeið	160	13,1%	12,5%	74,4%
Ýmis starfstengd námskeið, s.s. færni í ferðaþjónustu	149	18,1%	14,8%	67,1%
Nám í hefðbundnum framhalds- eða háskólum	111	15,3%	10,8%	73,9%
Aðrar námsleiðir, s.s. Grunnenntaskólinn eða Háskólatoðir	61	16,4%	9,8%	73,8%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Þátttakendur sem voru í úrræði og þeir sem höfðu lokið úrræði voru einnig spurðir hvort vonir þeirra og viðhorf til framtíðarinnar væru jákvæðari en þær væru áður en úrræðið hófst. Tafla 2.28 sýnir að tveir af hverjum þremur litu framtíðina bjartari augum en þeir gerðu áður en þeir hófu úrræðið. Þátttakendur sem höfðu lokið smiðjum eða klúbbum (42%) töldu síður en aðrir svarendur (65-76%) að framtíðin væri bjartari nú en áður en úrræðið hófst.

Tafla 2.28. Eru vonir þínar og viðhorf til framtíðarinnar jákvæðari en þau voru áður en þú hófst úrræðið?

	Fjöldi	Já	Nei
Heild	665	68,4%	31,6%
Kyn			
Karl	427	68,9%	31,1%
Kona	238	67,6%	32,4%
Aldur			
17 - 19 ára	69	68,1%	31,9%
20 - 21 árs	169	71,6%	28,4%
22 - 23 ára	245	65,7%	34,3%
24 - 25 ára	182	69,2%	30,8%
Búseta			
Höfuðborgarsvæðið	458	71,2%	28,8%
Suðurnes	85	68,2%	31,8%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	28	64,3%	35,7%
Norðurland eystra og Austurland	67	55,2%	44,8%
Suðurland	27	59,3%	40,7%
Menntun			
Grunnskólapróf eða minna	129	73,6%	26,4%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	314	70,7%	29,3%
Starfsnám/iðnnám	87	67,8%	32,2%
Stúdentspróf	66	56,1%	43,9%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	23	52,2%	47,8%
Háskólapróf	18	66,7%	33,3%
Annað nám	26	65,4%	34,6%
Lengd á atvinnuleysisrá (samfelt)			
Innan við sex mánuðir	220	67,3%	32,7%
Sex mánuðir að einu ári	139	64,7%	35,3%
Eitt ár eða lengur	105	74,3%	25,7%
Staða í „Ungt fólk til athafna“			
Er í úrræði	485	69,1%	30,9%
Hef lokið úrræði	179	66,5%	33,5%
Tegund úrræðis **			
Grunnnámskeið, s.s. sjálfstyrking eða áhugasviðsgreining	86	75,6%	24,4%
Smiðjur/klúbbar	45	42,2%	57,8%
Starfsþjálfun, reynsluráðning, átaksverkefni og sjálfböðastörf	96	64,6%	35,4%
Stytttri námskeið, s.s. tölvu- og lesblindunámskeið	134	67,9%	32,1%
Ýmis starfstengd námskeið, s.s. færni í ferðaþjónustu	123	73,2%	26,8%
Nám í hefðbundnum framhalds- eða háskólum	90	70,0%	30,0%
Aðrar námsleiðir, s.s. Grunnenntaskólinn eða Háskólastoðir	55	74,5%	25,5%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

2.2.6. Andleg og líkamleg heilsa ungmennanna

Ungir atvinnuleitendur voru beðnir um að meta líkamlega heilsu sína á kvarða sem nær frá núll til tíu, þar sem núll táknaði að heilsufar þeirra væri mjög lélegt og tíu táknaði að heilsufar þeirra væri mjög gott. Að meðaltali mátu ungmennin líkamlega heilsu sína upp á 7,8 og miðgildið var 8,0. Þar sem kvarðinn var skekktur (þ.e. flestir skoruðu hátt á kvarðanum) var ungmennunum skipt í tvo hópa eftir því hvoru megin við miðgildið mat þeirra lá. Ungmenni sem mátu líkamlega heilsu sína undir átta þóttu skora lágt á kvarða yfir líkamlega heilsu og ungmenni sem gáfu sér töluna átta eða hærra þóttu skora hátt á kvarða yfir líkamlega heilsu. Tafla 2.29 sýnir að 37% ungmennanna voru lág á kvarðanum og 64% voru há. Mat ungmennanna á líkamlegri heilsu sinni varð betra með hærri aldri. Um 68% atvinnuleitenda á aldrinum 24 til 25 ára mátu líkamlega heilsu sína góða en hið sama átti við um 52% atvinnuleitenda á aldrinum 17 til 19 ára. Um 72 til 80% þeirra ungmenna sem voru með stúdentspróf eða lengra nám að baki voru há á kvarðanum yfir líkamlega heilsu, en það voru á bilinu 58 til 62% þeirra sem höfðu lokið starfs- eða iðnnámi, hafið nám í framhaldsskóla en ekki lokið prófi og þeirra sem voru grunnskólapróf eða styttri menntun að baki. Loks var munur á mati á líkamlegri heilsu eftir því hvaða úrræði þátttakendur völdu sér í hóp- eða einstaklingsviðtalinu. Þátttakendur sem völdu ýmis starfstengd námskeið, starfsþjálfun, reynsluráðningu, átaksverkefni og sjálfböðastörf (67%) mátu líkamlega heilsu sína betri en þeir sem völdu grunnnámskeið, styttri námskeið, aðrar námsleiðir, eða nám í hefðbundnum framhaldsskólum (52 – 58%).

Tafla 2.29. Hvernig metur þú almennt líkamlegt heilsufar þitt á kvarða sem nær frá 0 til 10 þar sem 0 táknar að heilsufar þitt sé mjög lélegt og 10 táknar að heilsufar þitt sé mjög gott?

	Fjöldi	Lág(ur) á kvarða yfir mat á líkamlegri heilsu	Há(r) á kvarða yfir mat á líkamlegri heilsu
Heild	2100	36,5%	63,5%
Kyn			
Karl	1267	36,5%	63,5%
Kona	833	36,5%	63,5%
Aldur ***			
17 - 19 ára	233	48,1%	51,9%
20 - 21 árs	584	38,7%	61,3%
22 - 23 ára	697	34,6%	65,4%
24 - 25 ára	586	31,9%	68,1%
Búseta			
Höfuðborgarsvæðið	1173	35,7%	64,3%
Suðurnes	337	37,1%	62,9%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	135	38,5%	61,5%
Norðurland eystra og Austurland	296	34,8%	65,2%
Suðurland	159	42,1%	57,9%
Menntun ***			
Grunnskólapróf eða minna	442	41,6%	58,4%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	906	39,4%	60,6%
Starfsnám/iðnnám	276	38,4%	61,6%
Stúdentspróf	250	19,6%	80,4%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	71	23,9%	76,1%
Háskólapróf	68	27,9%	72,1%
Annað nám	79	41,8%	58,2%
Lengd á atvinnuleysisrá (samfelt)			
Innan við sex mánuðir	892	33,7%	66,3%
Sex mánuðir að einu ári	370	37,3%	62,7%
Eitt ár eða lengur	217	39,6%	60,4%
Staða í „Ungt fólk til athafna“			
Ekki farið í viðtal hjá ráðgjafa	731	32,8%	67,2%
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	434	37,1%	62,9%
Er í úrræði	667	39,3%	60,7%
Hætti í úrræði áður en því lauk	49	42,9%	57,1%
Úrræði lokið	212	37,7%	62,3%
Tegund úrræðis *			
Grunnnámskeið, s.s. sjálfstyrking eða áhugasviðsgreining	157	45,2%	54,8%
Smiðjur/klúbbar	80	38,8%	61,3%
Starfsþjálfun, reynsluráðning, átaksverkefni og sjálfböðastörf	163	33,1%	66,9%
Styttri námskeið, s.s. tölvu- og lesblindunámskeið	275	42,5%	57,5%
Ýmis starfstengd námskeið, s.s. færni í ferðaþjónustu	238	33,2%	66,8%
Nám í hefðbundnum framhalds- eða háskólum	152	42,8%	57,2%
Aðrar námsleiðir, s.s. Grunnmenntaskólinn eða Háskólastoðir	81	48,1%	51,9%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Þátttakendur voru einnig beðnir að tilgreina hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með lífið á kvarða frá núll til tíu. Þeir sem nefndu töluna tíu voru mjög ánægðir með lífið en talan núll táknar að þátttakendur væru mjög óánægðir með lífið. Að meðaltali skoruðu þátttakendur 7,6 stig á kvarðanum og miðgildið var 8. Kvarðinn var skekktur (þ.e. flestir skoruðu hátt á kvarðanum) og af þeim sökum var svarendum skipt upp í tvo hópa, líkt og gert



var í tengslum við mat þeirra á líkamlegri heilsu sinni. Tafla 2.30 sýnir að um 63% svarenda gáfu sér átta stig eða meira í mati á því hversu ánægð(ir) eða óánægð(ir) þeir væru með lífið en 37% gáfu sér undir átta stigum. Ungar konur (65%) á atvinnuleysissskrá voru almennt ánægðari með lífið en karlar (61%). Atvinnuleitendur á höfuðborgarsvæðinu (63%), Suðurnesjum (65%) og Norðurlandi eystra og Austurlandi (67%) voru ánægðari með lífið en þeir sem bjuggu á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum, Ströndum og Norðurlandi vestra (54 - 57%). Ánægja með lífið fór einnig vaxandi með aukinni menntun. Um 71% þeirra sem voru með stúdentspróf eða háskólapróf voru háir á kvarðanum en hið sama átti við um 59% þeirra sem voru með grunnskólapróf eða styttri menntun og 61% þeirra sem hófu nám á framhaldsskólastigi en luku ekki prófi.

Tafla 2.30. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með lífið almennt á kvarða sem nær frá 0 til 10 þar sem 0 táknar að þú sért mjög óánægð(ur) með lífið og 10 táknar að þú sért mjög ánægð(ur) með lífið?

Heild	Fjöldi	Lág(ur) á kvarða yfir ánægju með lífið	Há(r) á kvarða yfir ánægju með lífið
Heild	2088	37,4%	62,6%
Kyn *			
Karl	1258	39,2%	60,8%
Kona	830	34,6%	65,4%
Aldur			
17 - 19 ára	233	37,3%	62,7%
20 - 21 árs	581	35,8%	64,2%
22 - 23 ára	690	37,7%	62,3%
24 - 25 ára	584	38,5%	61,5%
Búseta *			
Höfuðborgarsvæðið	1163	37,3%	62,7%
Suðurnes	336	35,4%	64,6%
Vesturland, Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	135	43,0%	57,0%
Norðurland eystra og Austurland	297	32,7%	67,3%
Suðurland	157	45,9%	54,1%
Menntun *			
Grunnskólapróf eða minna	442	41,4%	58,6%
Hóf nám á framhaldsskólastigi en lauk ekki prófi	898	38,6%	61,4%
Starfsnám/iðnnám	274	36,5%	63,5%
Stúdentspróf	251	28,7%	71,3%
Hóf nám á háskólastigi en lauk ekki prófi	72	34,7%	65,3%
Háskólapróf	68	29,4%	70,6%
Annað nám	77	39,0%	61,0%
Lengd á atvinnuleysiskrá (samfelt)			
Innan við sex mánuðir	887	33,8%	66,2%
Sex mánuðir að einu ári	368	38,0%	62,0%
Eitt ár eða lengur	213	38,5%	61,5%
Staða í „Ungt fólk til athafna“			
Ekki farið í viðtal hjá ráðgjafa	730	37,5%	62,5%
Viðtali hjá ráðgjafa lokið en úrræði ekki hafið	429	39,6%	60,4%
Er í úrræði	664	35,2%	64,8%
Hætti í úrræði áður en því lauk	49	40,8%	59,2%
Úrræði lokið	209	37,8%	62,2%
Tegund úrræðis			
Grunnnámskeið, s.s. sjálfstyrking eða áhugasviðsgreining	158	41,8%	58,2%
Smiðjur/klúbbar	77	33,8%	66,2%
Starfsþjálfun, reynsluráðning, átaksverkefni og sjálfböðastörf	163	28,2%	71,8%
Styttri námskeið, s.s. tölvu- og lesblindunámskeið	272	37,5%	62,5%
Ýmis starfstengd námskeið, s.s. færni í ferðaþjónustu	235	36,2%	63,8%
Nám í hefðbundnum framhalds- eða háskólum	152	35,5%	64,5%
Aðrar námsleiðir, s.s. Grunnmenntaskólinn eða Háskólastoðir	82	40,2%	59,8%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

2.3. Íslenskumælandi ungmenni sem ekki voru lengur á skrá


Þátttakendur voru spurðir hvort þeir væru sem stendur á atvinnuleysissskrá. Alls sögðust 636 ungmenni (23%) vera farin af skrá Vinnuálagstofnunar yfir atvinnuleitendur. Í þessum kafla verður þessum hópi lýst og hann borinn saman við þann hóp íslenskumælandi ungmenna sem kvaðst vera á atvinnuleysissskrá þegar könnunin var lögð fyrir.

Þátttakendur sem voru farnir af atvinnuleysissskrá voru spurðir hvers vegna þeir væru ekki á skrá. Um opna spurningu var að ræða og er svör þátttakenda að finna í viðauka 5. Svörin voru flokkuð í níu meginflokka. Hlutfallslega skiptingu svara má sjá í töflu 2.31. Langalgengast var að þátttakendur hefðu farið af skrá vegna þess að þeir fengu vinnu (76%).

Tafla 2.31. Hvers vegna ertu ekki á atvinnuleysissskrá?


	Fjöldi	Hlutfall sem svarar
Er í vinnu	463	76,4%
Er í fæðingarorlofi	36	5,9%
Er í skóla	29	4,8%
Hef misst bótaréttinn	19	3,1%
Umsókn er enn í vinnslu	16	2,6%
Er á öðrum bótum	10	1,7%
Er erlendis	6	1,0%
Er í endurhæfingu af einhverju tagi	4	0,7%
Annað	23	3,8%
Alls	606	100,0%

Mynd 2.9 sýnir að kynjahlutfall meðal afskráðra var svipað og meðal ungmenna á atvinnuleysissskrá, þ.e. um þrír karlar á móti hverjum tveimur konum.



Mynd 2.9. Kyn afskráðra ungmenna og ungmenna á atvinnuleysisrá


Aldurssamsetning afskráðra ungmenna var einnig svipuð ungmenna á atvinnuleysisrá. Hlutfallslega fæstir voru í aldurshópnum 17 til 19 ára (sjá mynd 2.10).



Mynd 2.10. Aldur afskráðra ungmenna og ungmenna á atvinnuleysisrá


Fram kom marktækur munur á búsetu hópanna tveggja ($p < 0,001$). Um 16% ungmenna á atvinnuleysisrá bjuggu á Suðurnesjum og einungis 6% bjuggu á Vesturlandi, Vestfjörðum, Ströndum og Norðurlandi vestra. Askráðu ungmennin voru hins vegar síður líkleg en hin

skráðu til að búa á Suðurnesjum (11%) og líklegri til að búa á Vesturlandi, Vestfjörðum, Ströndum og Norðurlandi vestra (10%) (sjá mynd 2.11).




Mynd 2.11. Búseta afskráðra ungmenna og ungmenna á atvinnuleysisrá (p<0,001)

Mynd 2.12 sýnir að 43% ungmenna á atvinnuleysisrá höfðu hafið nám á framhaldsskólastigi en ekki lokið því. Hið sama átti hins vegar við um 36% afskráðu ungmennanna. Afskráðu ungmennin (19%) voru hins vegar líklegri en ungmennin á atvinnuleysisrá (12%) til að vera með stúdentspróf ($p < 0,001$).



Mynd 2.12. Menntun afskráðra ungmenna og ungmenna á atvinnuleysisrá (p<0,001)

Þá höfðu afskráðu ungmennin einnig verið styttri tíma á atvinnuleysissskrá en þau sem enn voru á skrá Vinnumálastofnunar. Um 60% ungmenna á atvinnuleysissskrá höfðu verið samfelld á skrá í eitt ár eða meira en hið sama átti við um 74% afskráðu ungmennanna ($p < 0,001$) (sjá mynd 2.13).



Mynd 2.13. Lengd skráningar hjá afskráðum ungmendum og ungmendum á atvinnuleysissskrá ($p < 0,001$)

Eins og sjá má í töflu 2.31, voru 463 þátttakendur í vinnu á þeim tíma sem könnunin var lögð fyrir. Það eru 17% allra þeirra sem tóku þátt í könnuninni. Í töflum 2.32 og 2.33 er mat þessa hóps á líkamlegri heilsu sinni og ánægju með lífið borið saman við heilsu þess hóps sem enn var á atvinnuleysissskrá. Þátttakendur sem voru komnir með vinnu mátu bæði líkamlega og andlega heilsu sína betri en þeir sem voru á atvinnuleysissskrá. Um 77% þeirra sem voru í vinnu skoruðu hátt á kvarðanum yfir líkamlega heilsu en hið sama átti við um 64% þeirra sem voru enn á skrá hjá Vinnumálastofnun (sjá töflu 2.32). Um 79% þátttakenda í vinnu gáfu sér átta stig eða meira í mati á hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með lífið, en það gerðu 63% þátttakenda á atvinnuleysissskrá (sjá töflu 2.33).

Tafla 2.32. Mat á líkamlegri heilsu greint eftir atvinnustöðu

	Fjöldi	Lág(ur) á kvarða yfir mat á líkamlegri heilsu	Há(r) á kvarða yfir mat á líkamlegri heilsu
Heild	2561	34,1%	65,9%
Atvinnustaða ***			
Er á atvinnuleysissskrá	2100	36,5%	63,5%
Er í vinnu	461	23,2%	76,8%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Tafla 2.33. Ánægja/óánægja með lífið greint eftir atvinnustöðu

	Fjöldi	Lág(ur) á kvarða yfir ánægju / óánægju með lífið	Há(r) á kvarða yfir ánægju / óánægju með lífið
Heild	2549	34,4%	65,6%
Atvinnustaða ***			
Er á atvinnuleysissskrá	2088	37,4%	62,6%
Er í vinnu	461	21,0%	79,0%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

2.4. Samantekt á helstu niðurstöðum könnunar meðal íslensku- mælandi ungmenna

Megintilgangur könnunarinnar var að meta árangur verkefnisins „Ungt fólk til athafna“. Ef marka má viðhorf ungmennanna sjálfra, hefur vel tekist til með átaksverkefnið. Ungmennin voru almennt ánægð með að hafa verið boðuð í viðtal, fannst þau hafa fengið góða kynningu á þeim úrræðum sem eru í boði og góða aðstoð við að velja úrræði. Meirihluti ungmennanna var ánægður með úrræðin sem þeim bauðst og væntu þess að þátttaka í úrræðunum ætti eftir að auka færni þeirra, möguleika á vinnumarkaði, efla þau í mannlegum samskiptum og bæta andlega líðan þeirra. Ungmenni sem höfðu lokið úrræði töldu ýmislegt hafa áunnist með þátttöku í úrræðunum. Meirihluti taldi úrræðið hafa aukið færni þeirra og möguleika á vinnumarkaði og stór hópur taldi samskipti sín við annað fólk hafa aukist og andlega líðan batnað með þátttökunni.

Mat ungmennanna sjálfra á árangri átaksverkefnisins segir hins vegar einungis hálfa sögu. Til að leggja mat á hvort þátttaka í úrræði hefði jákvæð áhrif á andlega líðan og líkamlega heilsu voru ungmennin beðin að meta heilsufar sitt og ánægju með lífið. Samanburður á svörum þeirra sem höfðu ekki hafið úrræði, þeirra sem voru í úrræði og þeirra sem höfðu lokið úrræði, benti ekki til þess að tengsl væru á milli þátttöku í úrræði og líkamlegrar og andlegrar líðan. Þetta kom nokkuð á óvart. Hins vegar er athyglisvert að bera saman andlega og líkamlega líðan ungmenna á atvinnuleysissskrá og þeirra sem voru komin með vinnu. Í ljós kom að ungmennum sem voru í vinnu leið betur, bæði líkamlega og andlega, en þeim sem voru á atvinnuleysissskrá. Þannig má segja að ef úrræðin verða til þess að skapa ungu atvinnulausu fólki störf, þá muni það hafa ótvíræða kosti í för með sér fyrir heilsu og líðan ungs fólks. Í þessari úttekt var reyndar ekki lögð áhersla á að skoða sérstaklega hvort úrræðin ættu með beinum eða óbeinum hætti þátt í að skapa atvinnu, en þó má benda á að niðurstöður könnunarinnar sýndu að ungmenni sem höfðu lokið úrræði voru mun virkari í atvinnuleit en þau sem voru skemmra á veg komin í átaksverkefninu.

Auk þess að meta árangur verkefnisins veitir könnunin mikilvægar upplýsingar um viðhorf notenda til þeirra úrræða sem í boði eru í tengslum við verkefni „Ungt fólk til athafna“. Almennt séð voru atvinnuleitendur sem völdu sér smíðjur eða klúbba neikvæðari í garð ýmissa þátta verkefnisins en aðrir svarendur. Þeir töldu til að mynda síður en aðrir svarendur að framtíð þeirra væri bjartari eftir að úrræði lauk og eins gerðu þeir sér síður væntingar um

að úrræðið kæmi til með að bæta færni þeirra á tilteknu sviði, efla þá í mannlegum samskiptum eða bæta líkamlega heilsu þeirra. Þátttakendur sem völdu aðrar námsleiðir, svo sem Grunnmenntaskólann eða Háskólastoðir og þeir sem völdu grunnnámskeið voru hins vegar hvað jákvæðastir í garð ýmissa þátta átaksverkefnisins.

Loks skal bent á að þátttaka í úrræðinu litar afstöðu atvinnuleitenda til ráðgjafaviðtalsins/kynningarfundarins. Þeir sem höfðu lokið úrræði voru líklegri til að finnast þeir hafa fengið góða aðstoð við að velja úrræði og koma auga á styrkleika sína og áhugasvið en þeir sem voru skemmra á veg komnir í átaksverkefninu. Það kann því að vera að einhverjir séu neikvæðir í garð þess að vera gert að sækja úrræði áður en þátttaka í úrræðinu hefst, en komist síðar að raun um að þátttaka í úrræði sé skemmtilegri og heillvænlegri kostur en að vera aðgerðarlaus.

3. KÖNNUN MEÐAL PÓLSKUMÆLANDI UNGMENNA

3.1. Framkvæmd, heimtur og úrvinnsla

Alls treystu 313 einstaklingar sér ekki til að svara könnuninni sem var framkvæmd vorið 2010 sökum þess að þeir töluðu ekki íslensku. Tveir af hverjum þremur voru Pólverjar, eða 211 manns. Vegna þess hve margir Pólverjar voru á skrá hjá Vinnumálastofnun yfir unga atvinnuleitendur, var ákveðið að þýða spurningalistann yfir á pólsku og leggja hann fyrir pólskumælandi ungmenni. Auk þess að þýða spurningar um reynslu af þátttöku í átaksverkefninu, voru nokkrar spurningar samdar til viðbótar, sem ætlað var að varpa ljósi á reynslu ungra Pólverja af því að búa á Íslandi.

Pegar vinna við könnunina meðal pólskumælandi ungmenna hófst, var óttast að einhverjir þeirra sem höfðu verið á atvinnuleysissskrá vorið 2010 væru fluttir af landi brott. Þess vegna var ákveðið að auka við hóp þeirra sem könnunin næði til og leggja könnunina fyrir alla Pólverja sem voru á atvinnuleysissskrá við upphaf árs 2011, auk þeirra sem voru á skrá vorið 2010 og voru enn búsettir á Íslandi. Alls voru 177 Pólverjar á aldrinum 16 til 24 á atvinnuleysissskrá í janúar 2011. Nærri helmingur þeirra hafði einnig verið á atvinnuleysissskrá vorið 2010, eða 76 manns. Í heild voru því 101 pólsk ungmenni sem höfðu verið á skrá vorið 2010 farin af skrá í janúar 2011. Mikilvægt þótti að kanna afdrif þeirra. Þýðið samanstóð því

af 280 pólskumælandi ungmennum á aldrinum 16 til 24 ára sem höfðu verið á atvinnuleysis-skrá í febrúar og mars 2010 og/eða í janúar 2011.

Þann 3. febrúar 2011 var send rafræn könnun til allra þeirra sem höfðu skráð netfang sitt hjá Vinnumálastofnun. Í heild fengu 232 pólskumælandi ungmenni könnunina senda í tölvupósti. Alls svöruðu 35 einstaklingar könnuninni á Netinu, eða 15%. Dagana 2. mars til 14. mars 2011 var hringt í þá sem ekki höfðu svarað netkönnunni eða höfðu ekki skráð netfang sitt hjá Vinnumálastofnun og þeir beðnir að svara könnuninni í gegnum síma. Alls tóku 140 einstaklingar þátt í símakönnuninni. Í heild fengust því 175 svör sem gerir 63% svarhlutfall (sjá töflu 3.1).

Tafla 3.1. Framkvæmd könnunar meðal pólskumælandi ungmenna

Upplýsingasöfnun	3. febrúar – 14. mars 2011
Framkvæmdarmáti	Net- og símakönnun
Fjöldi í þýði	280
Fjöldi svarenda	175
Brúttó svarhlutfall	63%
Nettó svarhlutfall	63%

Í töflum 3.2 til 3.4 má sjá hvernig svörunin skiptist eftir kyni, aldri og búsetu. Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á hlutfalli karla og kvenna í þýði og hlutfalli karla og kvenna sem svöruðu könnuninni. Aldurskipting meðal svarenda könnunarinnar var einnig mjög svipuð aldurskiptingu í þýði. Sömuleiðis reyndist hlutfallsleg skipting búsetu meðal svarenda vera lík því sem hún er í þýðinu. Af þessu má ráða að svarendur könnunarinnar endurspegli vel Pólverja á aldrinum 18 til 25 ára sem voru á atvinnuleysis-skrá í febrúar og mars 2010 og í janúar 2011 hvað kyni, aldri og búsetu viðkemur.

Tafla 3.2. Hlutfallsleg skipting kyns í þýði og svörun

	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði	Fjöldi svarenda	Hlutfall svara	Svarhlutfall
Karlar	136	48,6%	80	45,7%	58,8%
Konur	144	51,4%	95	54,3%	66,0%
Samtals	280	100%	175	100%	62,5%

Tafla 3.3. Hlutfallsleg skipting aldurs í þýði og svörun

	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði	Fjöldi svarenda	Hlutfall svara	Svarhlutfall
17 - 19 ára	6	2,1%	2	1,1%	33,3%
20 - 21 árs	24	8,6%	16	9,1%	66,7%
22 - 23 ára	71	25,4%	49	28,0%	69,0%
24 - 25 ára	179	63,9%	108	61,7%	60,3%
Samtals	280	100%	175	100%	62,5%

Tafla 3.4. Hlutfallsleg skipting búsetu í þýði og svörun


	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði	Fjöldi svarenda	Hlutfall svara	Svarhlutfall
Höfuðborgarsvæði	196	70,0%	112	64,0%	57,1%
Suðurnes	46	16,4%	38	21,7%	82,6%
Vesturland	7	2,5%	5	2,9%	71,4%
Vestfirðir, Strandir og Norðurland vestra	6	2,1%	6	3,4%	100,0%
Norðurland eystra	2	0,7%	2	1,1%	100,0%
Austurland	3	1,1%	1	0,6%	33,3%
Suðurland	20	7,1%	11	6,3%	55,0%
Samtals	280	100%	175	100%	62,5%

3.2. Pólskumælandi ungmenni á atvinnuleysisrá

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum úr könnuninni meðal pólskumælandi ungmenna og þær bornar saman við niðurstöður úr könnuninni meðal íslenskumælandi ungmenna. Mikill meirihluti pólskumælandi ungmenna var enn á atvinnuleysisrá þegar könnunin var lögð fyrir, eða 87%. Í umfjöllun um niðurstöður er fyrst og fremst einblínt á svör ungmenna sem voru á atvinnuleysisrá. Í kafla 3.3. er þó gerð stutt grein fyrir bakgrunni pólskumælandi ungmenna sem farin voru af skrá.


3.2.1. Bakgrunnur pólskumælandi ungmenna á atvinnuleysisrá

Mynd 3.1 sýnir að 54% Pólverja á atvinnuleysisrá voru konur. Athygli vekur að kynjahlutfall Pólverja á atvinnuleysisrá var frábrugðið kynjahlutfalli íslenskumælandi ungmenna, þar sem karlmenn voru í meirihluta (60%) ($p < 0,01$).




Mynd 3.1. Samanburður á kyni pólskumælandi og íslenskumælandi ungmenna á atvinnuleysisskrá ($p < 0,01$)

Mynd 3.2 sýnir að aldurssamsetning pólskumælandi ungmenna var töluvert frábrugðin samsetningu íslenskumælandi ungmenna á atvinnuleysisskrá. Um 63% pólskra svarenda voru á aldrinum 24 til 25 ára en hið sama átti við um 28% íslenskumælandi þátttakenda. Einungis 1% pólskumælandi ungmennanna var yngri en 20 ára, en það voru 11% svarenda í íslensku könnuninni ($p < 0,001$).




Mynd 3.2. Samanburður á aldri pólskumælandi og íslenskumælandi ungmenna á atvinnuleysisskrá ($p < 0,001$)

Mynd 3.3 sýnir að hlutfallslega fleiri Pólverjar (65%) en íslenskumælandi ungmenni (56%) bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Sömuleiðis bjuggu hlutfallslega fleiri Pólverjar (22%) en íslenskumælandi ungmenni á Suðurnesjum (16%). Á hinn bóginn voru íslenskumælandi ungmenni (11%) hlutfallslega fleiri en pólskumælandi ungmenni (1%) á Norðurlandi eystra ($p < 0,01$).




Mynd 3.3. Samanburður á búsetu pólskumælandi og íslenskumælandi ungmenna á atvinnuleysiskrá ($p < 0,01$)

Mynd 3.4 sýnir að hlutfallslega flestir pólsku svarendanna höfðu lokið bóklegu framhaldsskóluprófi (40%). Hið sama átti við um einungis 12% þeirra sem svöruðu könnuninni á íslensku vorið 2010. Íslensku svarendurnir höfðu frekar en þeir pólsku hætt námi að loknu grunnskólaprófi eða hafið nám á framhaldsskólastigi án þess að ljúka því. Þá hafði stór hópur Pólverja lokið starfsnámi eða iðnnámi (24%) en það höfðu 13% íslensku svarendanna gert ($p < 0,001$). Í þessu samhengi er vert að minna á að pólsku svarendurnir voru eldri en hinir íslensku og hafa því haft meiri tíma til að mennta sig að loknum grunnskóla.




Mynd 3.4. Samanburður á menntun pólskumælandi og íslenskumælandi ungmenna á atvinnuleysisrá (p<0,001)

Pólsku þátttakendurnir voru beðnir um að meta íslenskukunnáttu sína. Í ljós kom að 55% voru mjög eða frekar ósammála því að þeir gætu tjáð sig á íslensku, 29% voru hvorki sammála né ósammála þeirri staðhæfingu og 16% voru frekar eða mjög sammála staðhæfingunni (sjá mynd 3.5)




Mynd 3.5. Íslenskukunnátta pólskumælandi ungmenna

Mynd 3.6 sýnir að pólsk ungmenni höfðu að jafnaði verið lengur á atvinnuleysisrá en ungmennin sem svöruðu könnuninni á íslensku vorið 2010. Helmingur pólsku ungmennanna hafði verið á atvinnuleysisrá í eitt ár eða lengur en hið sama átti við um 28% íslenskumælandi ungmenna ($p < 0,001$).




Mynd 3.6. Samanburður á þeim tíma sem pólskumælandi og íslenskumælandi ungmenni hafa verið samfelld á atvinnuleysisrá ($p < 0,001$)

Mynd 3.7 sýnir að 41% pólsku svarendanna hafði ekki hafið úrræði í verkefninu „Ungt fólk til athafna“, 21% voru í úrræði, 4% höfðu byrjað í úrræði en hætt þátttöku í úrræðinu áður en því lauk og ríflega þriðjungur hafði lokið þátttöku í úrræði.



Mynd 3.7. Hlutfallsleg skipting pólskra svarenda eftir stöðu í verkefninu „Ungt fólk til athafna“

Mynd 3.8 sýnir að meirihluti pólskra þátttakenda hafði valið sér íslenskunámskeið (59%).



Mynd 3.8. Hlutfallsleg skipting pólskra svarenda eftir úrræðum sem þeir völdu sér

Tafla 3.5 sýnir að ungmenni sem gátu vel tjáð sig á íslensku höfðu síður (31%) valið sér íslenskunámskeið en þau sem gátu hvorki vel né illa tjáð sig á íslensku (77%) og þau sem gátu illa tjáð sig á íslensku (55%).

Tafla 3.5. Úrræði greind eftir bakgrunni pólskra ungmenna

	Fjöldi	Íslensku-námskeið	Önnur námskeið
Heild			
	92	58,7%	41,3%
Kyn			
Karl	46	50,0%	50,0%
Kona	46	67,4%	32,6%
Aldur			
17 - 22 ára	19	47,4%	52,6%
23 - 25 ára	73	61,6%	38,4%
Búseta^{óg}			
Höfuðborgarsvæðið	65	58,5%	41,5%
Suðurnes	22	63,6%	36,4%
Landsbyggðin	5	40,0%	60,0%
Menntun			
Grunnskólapróf og/eða framhaldsskólaprófi ólokið	22	59,1%	40,9%
Starfsnám/iðnnám	19	52,6%	47,4%
Bóklegt framhaldsskólapróf/háskólapróf	48	58,3%	41,7%
Lengd á atvinnuleysiskrá (samfelt)			
Innan við sex mánuðir	14	57,1%	42,9%
Sex mánuðir að einu ári	19	52,6%	47,4%
Eitt ár eða lengur	47	59,6%	40,4%
Íslenskukunnátta *			
Getur illa tjáð sig á íslensku	49	55,1%	44,9%
Getur hvorki vel né illa tjáð sig á íslensku	26	76,9%	23,1%
Getur vel tjáð sig á íslensku	13	30,8%	69,2%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

3.2.2. Starfsumsóknir pólskumælandi ungmenna á atvinnuleysisrá


Tafla 3.6 sýnir að ekki var munur á fjölda starfsumsóknna eftir bakgrunni þátttakenda. Ekki var unnt að greina mun eftir búsetu vegna fámennis í hópum.

Tafla 3.6. Hve oft hefur þú sótt um starf á síðastliðnum þremur mánuðum? – Spurt í könnun meðal Pólverja

	Fjöldi	Aldrei	Einu sinni til tvisvar	Þrisvar til fimm sinnum	Sex sinnum eða oftar
Heild	144	22,2%	14,6%	28,5%	34,7%
Kyn					
Karl	68	16,2%	17,6%	23,5%	42,6%
Kona	76	27,6%	11,8%	32,9%	27,6%
Aldur					
17 - 22 ára	28	25,0%	14,3%	28,6%	32,1%
23 - 25 ára	116	21,6%	14,7%	28,4%	35,3%
Búseta^{ög}					
Höfuðborgarsvæðið	93	20,4%	12,9%	28,0%	38,7%
Suðurnes	32	31,3%	21,9%	28,1%	18,8%
Landsbyggðin	19	15,8%	10,5%	31,6%	42,1%
Menntun					
Grunnskólapróf og/eða framhaldsskólaprófi ólokið	34	20,6%	11,8%	23,5%	44,1%
Starfsnám/iðnnám	36	22,2%	19,4%	30,6%	27,8%
Bóklegt framhaldsskólapróf/háskólapróf	72	23,6%	13,9%	30,6%	31,9%
Lengd á atvinnuleysisrá (samfelt)					
Innan við sex mánuðir	34	20,6%	23,5%	20,6%	35,3%
Sex mánuðir að einu ári	30	26,7%	10,0%	33,3%	30,0%
Eitt ár eða lengur	65	24,6%	10,8%	32,3%	32,3%
Íslenskukunnátta					
Getur illa tjáð sig á íslensku	77	23,4%	10,4%	32,5%	33,8%
Getur hvorki vel né illa tjáð sig á íslensku	40	20,0%	22,5%	27,5%	30,0%
Getur vel tjáð sig á íslensku	24	25,0%	12,5%	16,7%	45,8%
Úrræði					
Íslenskunámskeið	50	20,0%	16,0%	32,0%	32,0%
Önnur námskeið	36	19,4%	19,4%	22,2%	38,9%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Mynd 3.9. sýnir að ungmenni sem svöruðu könnuninni á íslensku vorið 2010 höfðu sótt oftar um starf en Pólverjarnir sem tóku þátt við upphaf árs 2011. Tæplega fjórðungur pólskra ungmenna (22%) hafði aldrei sótt um starf á undangengnum þremur mánuðum. Hið sama gilti um 13% íslenskumælandi ungmenna. Ríflega þriðjungur Pólverjanna (35%) hafði sótt um sex eða fleiri störf á tímabilinu en það hafði helmingur (49%) íslenskumælandi ungmenna gert ($p < 0,01$).



Mynd 3.6. Samanburður á fjölda starfsumsóknna þólskumælandi og íslenskumælandi ungmenna ($p < 0,01$)


Tafla 3.7 sýnir að fjórðungur þólsku svarendanna hafði síðast sótt um starf í þeim mánuði sem könnunin fór fram. Ekki var munur á því hvenær svarendur sóttu síðast um starf eftir bakgrunni þeirra.

Tafla 3.7. Hvenær sóttir þú síðast um starf? – Spurt í könnun meðal Pólverja

	Fjöldi	Í þessum mánuði	Lengra síðan
Heild	110	33,6%	66,4%
Kyn			
Karl	57	38,6%	61,4%
Kona	53	28,3%	71,7%
Aldur			
17 - 22 ára	21	38,1%	61,9%
23 - 25 ára	89	32,6%	67,4%
Búseta			
Höfuðborgarsvæðið	72	36,1%	63,9%
Suðurnes	22	22,7%	77,3%
Landsbyggðin	16	37,5%	62,5%
Menntun			
Grunnskólapróf og/eða framhaldsskólaprófi ólokið	27	37,0%	63,0%
Starfsnám/iðnnám	28	46,4%	53,6%
Bóklegt framhaldsskólapróf/háskólapróf	53	24,5%	75,5%
Lengd á atvinnuleysiskrá (samfelld)			
Innan við sex mánuðir	27	48,1%	51,9%
Sex mánuðir að einu ári	21	23,8%	76,2%
Eitt ár eða lengur	48	27,1%	72,9%
Íslenskukunnátta			
Getur illa tjáð sig á íslensku	58	34,5%	65,5%
Getur hvorki vel né illa tjáð sig á íslensku	32	25,0%	75,0%
Getur vel tjáð sig á íslensku	18	44,4%	55,6%
Úrræði			
Íslenskunámskeið	38	28,9%	71,1%
Önnur námskeið	29	41,4%	58,6%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Þegar svör Pólverja við spurningu um síðustu starfsumsókn voru borin saman við svör þeirra sem tóku þátt í könnuninni vorið 2010, kom í ljós að ríflega helmingur þeirra sem svöruðu könnuninni á íslensku höfðu sótt um starf í þeim mánuði sem könnunin fór fram. Sem fyrr segir átti hið sama við um þriðjung pólsku ungmennanna ($p < 0,001$) (mynd 3.7).



Mynd 3.7. Samanburður á því hvenær pólskumælandi og íslenskumælandi ungmenni sóttu síðast um starf ($p < 0,001$)

3.2.3. Ráðgjafaviðtalið/kynningarfundurinn


Tveir af hverjum þremur höfðu farið í viðtal hjá ráðgjafa í tengslum við átaksverkefnið „Ungt fólk til athafna“. Tæplega 38% þátttakenda höfðu farið í hópviðtal/kynningarfund, 15% höfðu farið í einstaklingsviðtal og 13% höfðu bæði farið í einstaklings- og hópviðtal. Meirihluti þátttakenda (64%) var ánægður með að vera boðaður í viðtal. Vegna fámennis í hópum var ekki unnt að greina hvort markækur munur væri á ánægju Pólverja með að vera boðaðir í viðtal eftir bakgrunni öðrum en kyni (sjá töflu 3.8).

Tafla 3.8. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með að vera boðuð/boðaður í viðtal? – Spurt í könnun meðal Pólverja

	Fjöldi	Mjög/frekar óánægð(ur)	Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	Mjög/frekar ánægð(ur)
Heild	97	12,4%	23,7%	63,9%
Kyn				
Karl	51	9,8%	25,5%	64,7%
Kona	46	15,2%	21,7%	63,0%
Aldur^{ög}				
17 - 22 ára	19	15,8%	21,1%	63,2%
23 - 25 ára	78	11,5%	24,4%	64,1%
Búseta^{ög}				
Höfuðborgarsvæðið	67	10,4%	20,9%	68,7%
Suðurnes	22	18,2%	31,8%	50,0%
Landsbyggðin	8	12,5%	25,0%	62,5%
Menntun^{ög}				
Grunnskólapróf og/eða framhaldsskólaprófi ólokið	23	13,0%	39,1%	47,8%
Starfsnám/iðnnám	21	9,5%	14,3%	76,2%
Bóklegt framhaldsskólapróf/háskólapróf	50	12,0%	22,0%	66,0%
Lengd á atvinnuleysiskrá (samfelt)^{ög}				
Innan við sex mánuðir	17	5,9%	23,5%	70,6%
Sex mánuðir að einu ári	21	14,3%	23,8%	61,9%
Eitt ár eða lengur	47	12,8%	27,7%	59,6%
Íslenskukunnátta^{ög}				
Getur illa tjáð sig á íslensku	52	13,5%	23,1%	63,5%
Getur hvorki vel né illa tjáð sig á íslensku	27	11,1%	18,5%	70,4%
Getur vel tjáð sig á íslensku	14	7,1%	42,9%	50,0%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Ekki reyndist munur á ánægju Pólverja og íslenskumælandi ungmenna með það að fá boð um að mæta í viðtal (mynd 3.8).



Mynd 3.8. Ánægja pólskra og íslenskumælandi ungmenna með að fá boð um að mæta í ráðgjafaviðtal/kynningarfund

Tafla 3.9 sýnir að tveir af hverjum þremur var mjög eða frekar sammála því að þeir hafi fengið góða aðstoð við að velja úrræði á kynningarfundinum. Vegna fámennis í hópum var ekki unnt að greina hvort marktækur munur væri á afstöðu Pólverja eftir aldri, búsetu, menntun, lengd á atvinnuleysissskrá og íslenskukunnáttu.

Tafla 3.9. Hversu sammála eða ósammála ertu því að þú hafir fengið góða aðstoð við að velja úrræði í hópviðtalinu/kynningarfundinum? – Spurt í könnun meðal Pólverja

	Fjöldi	Mjög/frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög/frekar sammála
Heild	72	18,1%	15,3%	66,7%
Kyn				
Karl	33	15,2%	21,2%	63,6%
Kona	39	20,5%	10,3%	69,2%
Aldur^{ög}				
17 - 22 ára	15	20,0%	13,3%	66,7%
23 - 25 ára	57	17,5%	15,8%	66,7%
Búseta^{ög}				
Höfuðborgarsvæðið	48	16,7%	16,7%	66,7%
Suðurnes	21	19,0%	14,3%	66,7%
Landsbyggðin	3	33,3%	0,0%	66,7%
Menntun^{ög}				
Grunnskólapróf og/eða framhaldsskólaprófi ólokið	17	29,4%	11,8%	58,8%
Starfsnám/iðnnám	15	6,7%	33,3%	60,0%
Bóklegt framhaldsskólapróf/háskólapróf	37	16,2%	10,8%	73,0%
Lengd á atvinnuleysissskrá (samfelt)^{ög}				
Innan við sex mánuðir	11	27,3%	9,1%	63,6%
Sex mánuðir að einu ári	16	12,5%	18,8%	68,8%
Eitt ár eða lengur	33	21,2%	15,2%	63,6%
Íslenskukunnátta^{ög}				
Getur illa tjáð sig á íslensku	36	22,2%	25,0%	52,8%
Getur hvorki vel né illa tjáð sig á íslensku	21	19,0%	4,8%	76,2%
Getur vel tjáð sig á íslensku	12	8,3%	8,3%	83,3%


* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Tafla 3.10 birtir tíðni svara við fjórum fullyrðingum er snúa að upplifun pólskra þátttakenda af einstaklingsviðtalinu. Vegna fámennis var afstaða til þessara fullyrðinga ekki greind eftir bakgrunni þátttakenda. Taflan sýnir að meirihluti svarenda var mjög eða frekar sammála því að í einstaklingsviðtalinu hafi þeir fengið góða aðstoð við að finna út hvar áhugasvið sín liggja (73%) og að þeir hafi fengið góða aðstoð við að velja úrræði (71%). Færri töldu að í viðtalinu hafi þeir fengið góða aðstoð við að koma auga á styrkleika sína (46%) og aðstoð við að vinna úr sínum persónulegu málum (30%).

Tafla 3.10. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um gagnsemi einstaklingsviðtals? – Spurt í könnun meðal Pólverja

	Fjöldi	Mjög/frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög/frekar sammála
Ég fékk góða aðstoð við að finna út hvar áhugasvið mín liggja	41	17,1%	9,8%	73,2%
Ég fékk góða aðstoð við að koma auga á styrkleika mína	39	33,3%	20,5%	46,2%
Ég fékk góða aðstoð við að velja úrræði	41	14,6%	14,6%	70,7%
Ég fékk góða aðstoð við að reyna að vinna úr mínum persónulegu málum	40	42,5%	27,5%	30,0%

Í mynd 3.9 eru svör pólskra ungmenna við spurningum um gagnsemi einstaklingsviðtalsins borin saman við svör íslenskumælandi ungmenna. Myndin sýnir hlutföll þeirra sem voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunum fjórum. Munur var á afstöðu Pólverja og íslenskumælandi ungmenna til þess hvort þau hafi fengið góða aðstoð við að finna út hvar áhugasvið sín liggja. Um 73% pólskra ungmenna voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni en hið sama átti við um 48% íslenskumælandi ungmenna.



Mynd 3.9. Samanburður á gagnsemi einstaklingsviðtals eftir þjóðerni – hlutföll þeirra sem eru mjög/frekar sammála


Tæp 70% pólskra ungmenna voru mjög eða frekar ánægð með þau úrræði sem þeim bauðst. Ekki var unnt að greina hvort marktækur munur væri á afstöðu svarenda eftir bakgunni þeirra, vegna fámennis í hópum (sjá töflu 3.11).

Tafla 3.11. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með þau úrræði sem þér voru boðin? – Spurt í könnun meðal Pólverja

	Fjöldi	Mjög/frekar óánægð(ur)	Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	Mjög/frekar ánægð(ur)
Heild				
	93	22,6%	8,6%	68,8%
Kyn^{óg}				
Karl	47	19,1%	12,8%	68,1%
Kona	46	26,1%	4,3%	69,6%
Aldur^{óg}				
17 - 22 ára	19	26,3%	10,5%	63,2%
23 - 25 ára	74	21,6%	8,1%	70,3%
Búseta^{óg}				
Höfuðborgarsvæðið	65	21,5%	4,6%	73,8%
Suðurnes	20	25,0%	15,0%	60,0%
Landsbyggðin	8	25,0%	25,0%	50,0%
Menntun^{óg}				
Grunnskólapróf og/eða framhaldsskólaprófi ólokið	22	31,8%	9,1%	59,1%
Starfsnám/iðnnám	20	25,0%	5,0%	70,0%
Bóklegt framhaldsskólapróf/háskólapróf	48	16,7%	10,4%	72,9%
Lengd á atvinnuleysiskrá (samfelt)^{óg}				
Innan við sex mánuðir	16	31,3%	6,3%	62,5%
Sex mánuðir að einu ári	20	5,0%	5,0%	90,0%
Eitt ár eða lengur	47	25,5%	12,8%	61,7%
Íslenskukunnátta^{óg}				
Getur illa tjáð sig á íslensku	50	28,0%	8,0%	64,0%
Getur hvorki vel né illa tjáð sig á íslensku	26	15,4%	7,7%	76,9%
Getur vel tjáð sig á íslensku	13	23,1%	15,4%	61,5%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Mynd 3.10. sýnir að hlutfallslega fleiri íslenskumælandi ungmenni (20%) en pólsk (9%) voru hvorki ánægð né óánægð með úrræðin sem þeim bauðst í ráðgjafaviðtalinu eða kynningarfundinum ($p < 0,05$).



Mynd 3.10. Ánægja pólskra og íslenskumælandi ungmenna með úrræðin sem þeim bauðst ($p < 0,05$)

3.2.4. Viðhorf og væntingar til úrræðanna


Í þessum kafla er einungis greint frá svörum þeirra sem voru búnir að fara í viðtal og þeirra sem voru í úrræði, en þeir sem höfðu lokið úrræði voru ekki spurðir um viðhorf sín og væntingar til úrræðanna.

Tafla 3.12. sýnir að mikill meirihluti pólsku ungmennanna var mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að færni þeirra á tilteknu sviði ætti eftir að aukast með þátttöku í úrræðinu (81%). Sömuleiðis taldi mjög stór hópur að úrræðið/námskeiðið ætti eftir að auka möguleika þeirra á vinnumarkaði (70%) og að með þátttöku í úrræðinu/námskeiðinu myndu þau eflast í mannlegum samskiptum (68%). Þá var meirihluti svarenda (60%) mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að andleg líðan þeirra kæmi til með að batna með þátttöku í úrræðinu/námskeiðinu. Innan við helmingur svarenda (41%) var mjög eða frekar sammála því að úrræðið kæmi til með að bæta líkamlega heilsu þeirra.

Tafla 3.12. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? Þær tengjast væntingum þínum til úrræðisins – Spurt í könnun meðal Pólverja

	Fjöldi	Mjög/frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög/frekar sammála
Ég geri ráð fyrir að færni mín á tilteknu sviði muni aukast	37	10,8%	8,1%	81,1%
Ég geri ráð fyrir að úrræðið/námskeiðið auki möguleika mína á vinnumarkaði	37	18,9%	10,8%	70,3%
Ég vænti þess að úrræðið/námskeiðið efli mig í mannlegum samskiptum og að þau aukist	37	24,3%	8,1%	67,6%
Ég vænti þess að úrræðið/námskeiðið komi til með að bæta andlega líðan	37	21,6%	18,9%	59,5%
Ég vænti þess að úrræðið/námskeiðið muni bæta mína líkamlega heilsu	37	37,8%	21,6%	40,5%

Mynd 3.11 sýnir samanburð á væntingum pólskra og íslenskumælandi ungmenna til úrræðisins. Munur var á afstöðu pólsku- og íslenskumælandi ungmenna til þess hvort úrræðið/námskeiðið ætti eftir að efla þau í mannlegum samskiptum. Munurinn kom fram í hlutfalli þeirra sem voru hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni. Ríflega fjórðungur íslenskumælandi ungmenna var hvorki sammála né ósammála því að með þátttöku í úrræðinu ættu mannleg samskipti þeirra eftir að aukast samanborið við um 8% pólsku ungmennanna.



Mynd 3.11. Samanburður á væntingum pólskra og íslenskumælandi ungmenna til úrræðisins – hlutföll þeirra sem eru mjög/frekar sammála


3.2.5. Að loknu úrræði

Svarendur sem höfðu lokið þátttöku í úrræði voru beðnir um að taka afstöðu til fimm fullyrðinga um árangur úrræðisins. Tafla 3.13 sýnir að 74% pólskra svarenda var mjög eða frekar sammála því að færni þeirra á tilteknu sviði hafi aukist með þátttöku í úrræðinu. Álíka stór hópur (71%) var mjög eða frekar sammála því að samskipti þeirra við annað fólk hafi aukist með þátttöku í úrræðinu. Ríflega helmingur (57%) kvaðst líða betur andlega eftir að hafa tekið þátt í úrræðinu og álíka margir (55%) töldu möguleika sína á vinnumarkaði hafa aukist með þátttökunni. Aftur á móti var einungis fjórðungur (26%) mjög eða frekar sammála því að líkamlegt heilsufar hafi batnað með þátttöku í úrræðinu.

Tafla 3.13. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? Þær tengjast árangri úrræðisins – Spurt í könnun meðal Pólverja

	Fjöldi	Mjög/frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög/frekar sammála
Færni mín á tilteknu sviði hefur aukist með þátttöku í úrræðinu	49	18,4%	8,2%	73,5%
Möguleikar mínir á vinnumarkaði hafa aukist með þátttöku í úrræðinu	49	38,8%	6,1%	55,1%
Samskipti mín við annað fólk hafa aukist með þátttöku í úrræðinu	51	25,5%	3,9%	70,6%
Mér líður betur andlega eftir að ég byrjaði í viðkomandi úrræði	51	13,7%	29,4%	56,9%
Líkamlegt heilsufar mitt hefur batnað með þátttöku í úrræðinu	50	42,0%	32,0%	26,0%

Mynd 3.12 sýnir hlutfall pólskumælandi og íslenskumælandi ungmenna sem voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunum fimm um árangur af úrræðinu. Munur var á afstöðu pólskra og íslenskumælandi svarenda til þess hvort möguleikar þeirra á vinnumarkaði hafi aukist með þátttöku í úrræðinu. Munurinn fólst í því að fjórðungur íslenskumælandi ungmenna var hvorki sammála því né ósammála að möguleikar þeirra á vinnumarkaði hafi aukist með þátttöku í úrræðinu en einungis 6% pólskra ungmenna var hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni. Þá kom fram munur á afstöðu til þeirrar fullyrðingar að samskipti við annað fólk hafi aukist með þátttöku í úrræðinu. Alls var 71% pólskra ungmenna mjög eða frekar sammála fullyrðingunni en helmingur íslenskumælandi ungmenna var sama sinnis.



Mynd 3.12. Samanburður á mati pólskra og íslenskumælandi ungmenna á árangri úrræðisins – hlutföll þeirra sem eru mjög/frekar sammála


Pólsk ungmenni sem höfðu lokið þátttöku í úrræði voru einnig spurð um viðhorf sitt til úrræðisins í heild. Ríflega tveir af hverjum þremur voru mjög eða frekar ánægðir með úrræðið í heild. Vegna fámennis í hópum var ekki unnt að greina hvort munur væri á afstöðu svarenda eftir aldri, búsetu, menntun, lengd á atvinnuleysissskrá, íslenskukunnáttu og tegund úrræðis (sjá töflu 3.14).

Tafla 3.14. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með úrræðið/námskeiðið í heild? - Spurt í könnun meðal Pólverja

	Fjöldi	Mjög/frekar óánægð(ur)	Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	Mjög/frekar ánægð(ur)
Heild	79	15,2%	16,5%	68,4%
Kyn				
Karl	38	13,2%	13,2%	73,7%
Kona	41	17,1%	19,5%	63,4%
Aldur^{óg}				
17 - 22 ára	14	21,4%	7,1%	71,4%
23 - 25 ára	65	13,8%	18,5%	67,7%
Búseta^{óg}				
Höfuðborgarsvæðið	57	12,3%	14,0%	73,7%
Suðurnes	15	20,0%	20,0%	60,0%
Landsbyggðin	7	28,6%	28,6%	42,9%
Menntun^{óg}				
Grunnskólapróf og/eða framhaldsskólprófi ólokið	20	25,0%	15,0%	60,0%
Starfsnám/iðnnám	14	21,4%	28,6%	50,0%
Bóklegt framhaldsskólpróf/háskólpróf	43	7,0%	14,0%	79,1%
Lengd á atvinnuleysissskrá (samfellt)^{óg}				
Innan við sex mánuðir	12	25,0%	8,3%	66,7%
Sex mánuðir að einu ári	15	0,0%	20,0%	80,0%
Eitt ár eða lengur	42	16,7%	21,4%	61,9%
Íslenskukunnátta^{óg}				
Getur illa tjáð sig á íslensku	43	18,6%	20,9%	60,5%
Getur hvorki vel né illa tjáð sig á íslensku	24	4,2%	8,3%	87,5%
Getur vel tjáð sig á íslensku	10	30,0%	20,0%	50,0%
Úrræði^{óg}				
Íslenskunámskeið	46	10,9%	6,5%	82,6%
Önnur námskeið	30	20,0%	26,7%	53,3%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Mynd 3.13 sýnir að ekki var munur á afstöðu pólskra og íslenskumælandi ungmenna til úrræðisins í heild.



Mynd 3.13. Samanburður á mati pólskra og íslenskumælandi ungmenna á ánægju með úrræði í heild – hlutföll þeirra sem eru mjög/frekar sammála


Loks voru þátttakendur sem höfðu lokið úrræði spurðir hvort vonir þeirra og viðhorf til framtíðarinnar væru jákvæðari en þær voru áður en þeir hófu þátttöku í úrræðinu. Um 60% pólskra ungmenna kváðu vonir sínar og viðhorf til framtíðarinnar vera jákvæðari en áður en þeir tóku þátt í úrræðinu. Ekki reyndist vera munur á afstöðu þátttakenda eftir bakgrunni þeirra og marktektarpróf fyrir mun eftir búsetu var ógilt vegna fámennis í hópum (sjá töflu 3.15).

Tafla 3.15. Eru vonir þínar og viðhorf til framtíðarinnar jákvæðari en þær voru áður en þú hófst úrræðið? – Spurt í könnun meðal Pólverja

	Fjöldi	Já	Nei
Heild			
	73	60,3%	39,7%
Kyn			
Karl	35	54,3%	45,7%
Kona	38	65,8%	34,2%
Aldur			
17 - 22 ára	14	57,1%	42,9%
23 - 25 ára	59	61,0%	39,0%
Búseta^{ög}			
Höfuðborgarsvæðið	51	58,8%	41,2%
Suðurnes	15	80,0%	20,0%
Landsbyggðin	7	28,6%	71,4%
Menntun			
Grunnskólapróf og/eða framhaldsskólaprófi ólokið	19	57,9%	42,1%
Starfsnám/iðnnám	13	46,2%	53,8%
Bóklegt framhaldsskólapróf/háskólapróf	39	66,7%	33,3%
Lengd á atvinnuleysisrá (samfelt)			
Innan við sex mánuðir	12	58,3%	41,7%
Sex mánuðir að einu ári	13	69,2%	30,8%
Eitt ár eða lengur	39	53,8%	46,2%
Íslenskukunnátta			
Getur illa tjáð sig á íslensku	38	52,6%	47,4%
Getur hvorki vel né illa tjáð sig á íslensku	23	78,3%	21,7%
Getur vel tjáð sig á íslensku	10	50,0%	50,0%
Úrræði			
Íslenskunámskeið	43	65,1%	34,9%
Önnur námskeið	27	55,6%	44,4%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Svör Pólverja við spurningunni um vonir og viðhorf til framtíðarinnar voru borin saman við svör þeirra sem tóku þátt í íslensku könnuninni vorið 2010. Ekki kom fram munur á afstöðu eftir því hvorum svarendahópnum ungmennin tilheyrðu (sjá mynd 3.14).



Mynd 3.14. Samanburður á mati pólskra og íslenskumælandi ungmenna á því hvort vonir þeirra og viðhorf til framtíðarinnar séu jákvæðari eftir að þátttaka í úrræðinu hófst

3.2.6. Andleg og líkamleg heilsa pólskra ungmenna

Ungmennin voru beðin um að leggja mat á líkamlega heilsu sína á kvarða sem náði frá núll upp í tíu. Að meðaltali gáfu pólsk ungmenni á atvinnuleysisráðuneyti einkunnina 8,5 á kvarðanum (staðalfrávik=1,6). Svörum pólskra þátttakenda var skipt í tvennt líkt og gert var í könnuninni meðal íslenskumælandi ungmenna, þannig að þátttakendur sem gáfu líkamlegri heilsu sinni einkunn á bilinu núll til sjö töldust lágir á kvarða yfir líkamlega heilsu og þeir sem mátu líkamlega heilsu sína frá átta til tíu töldust háir á kvarðanum.


Mikill meirihluti svarenda voru háir á kvarða yfir líkamlega heilsu (79%). Munur var á mati þátttakenda á líkamlegri heilsu sinni eftir menntun þeirra. Pólsk ungmenni sem höfðu lokið grunnskólaprófi og þau sem höfðu hafið nám í framhaldsskóla en ekki lokið prófi (36%) voru líklegri til að vera lág á kvarðanum en þau sem höfðu lokið starfsnámi, iðnnámi, bóklegu framhaldsskólaprófi og háskólaprófi (14-18%) (sjá töflu 3.16). Þó munurinn á líkamlegri heilsu þátttakenda eftir stöðu í átaksverkefninu væri ekki tölfræðilega marktækur má sjá tilhneigingu í þá átt að svarendur sem ekki höfðu farið í úrræði virtist líða betur en þeim sem voru í úrræði eða höfðu lokið úrræði. Þetta vakti athygli. Við nánari greiningu kom í ljós að þeir sem ekki höfðu farið í úrræði höfðu verið styttra á skrá en þeir sem voru í úrræði eða höfðu lokið úrræði. Í töflu 3.16 má einmitt sjá tilhneigingu í þá átt að líkamleg heilsa sé betri hjá þeim sem hafa verið hvað styst á skrá.

Tafla 3.16. Mat á Pólverja á líkamlegri heilsu sinni

	Fjöldi	Lág(ur) á kvarða yfir mat á líkamlegri heilsu	Há(r) á kvarða yfir mat á líkamlegri heilsu
Heild	151	21,2%	78,8%
Kyn			
Karl	71	16,9%	83,1%
Kona	80	25,0%	75,0%
Aldur			
17 - 22 ára	31	25,8%	74,2%
23 - 25 ára	120	20,0%	80,0%
Búseta			
Höfuðborgarsvæðið	98	22,4%	77,6%
Suðurnes	33	24,2%	75,8%
Landsbyggðin	20	10,0%	90,0%
Menntun *			
Grunnskólapróf og/eða framhaldsskólaprófi ólokið	36	36,1%	63,9%
Starfsnám/iðnnám	36	13,9%	86,1%
Bóklegt framhaldsskólapróf/háskólapróf	77	18,2%	81,8%
Lengd á atvinnuleysiskrá (samfelt)			
Innan við sex mánuðir	35	11,4%	88,6%
Sex mánuðir að einu ári	31	22,6%	77,4%
Eitt ár eða lengur	66	27,3%	72,7%
Íslenskukunnátta			
Getur illa tjáð sig á íslensku	81	19,8%	80,2%
Getur hvorki vel né illa tjáð sig á íslensku	42	21,4%	78,6%
Getur vel tjáð sig á íslensku	24	20,8%	79,2%
Úrræði			
Íslenskunámskeið	53	34,0%	66,0%
Önnur námskeið	38	15,8%	84,2%
Staða í „Ungt fólk til athafna“			
Hefur ekki farið í úrræði	60	15,0%	85,0%
Er í úrræði	30	26,7%	73,3%
Hefur lokið úrræði	51	29,4%	70,6%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Mat Pólverja á líkamlegri heilsu sinni var borið saman við mat íslenskumælandi ungmenna. Pólsku ungmennin voru líklegri til að gefa sér einkunn frá átta til tíu á kvarða yfir líkamlega heilsu (79%) en þau sem svöruðu könnuninni á íslensku vorið 2010 (64%) ($p < 0,001$).



Mynd 3.15. Samanburður á mati pólskumælandi og íslenskumælandi ungmenna á líkamlegri heilsu sinni ($p < 0,001$)


Þátttakendur voru einnig beðnir að meta hversu ánægðir þeir væru með lífið á kvarða frá núll til tíu. Meðaltal pólskra ungmenna á kvarðanum var 7,9 (staðalfrávik=2,2). Ungmenni sem gáfu sér einkunn frá núll til sjö töldust lág á kvarða yfir ánægju með lífið og þau sem gáfu sér einkunn frá átta til tíu töldust há á kvarðanum. Tafla 3.17 sýnir að tveir af hverjum þremur var hár á kvarðanum. Því lengur sem pólsku ungmennin höfðu verið á atvinnuleysissskrá, því líklegra var að þau gæfu sér lága einkunn á kvarðanum. Þannig voru 83% þeirra sem höfðu verið á atvinnuleysissskrá í innan við sex mánuði ánægð með lífið, að eigin mati, en hið sama átti við um 60% þeirra sem höfðu verið á atvinnuleysissskrá í eitt ár eða lengur (sjá töflu 3.17).

Tafla 3.17. Mat Pólverja á ánægju með lífið

	Fjöldi	Lág(ur) á kvarða yfir ánægju með lífið	Há(r) á kvarða yfir ánægju með lífið
Heild	149	32,9%	67,1%
Kyn			
Karl	70	37,1%	62,9%
Kona	79	29,1%	70,9%
Aldur			
17 - 22 ára	31	45,2%	54,8%
23 - 25 ára	118	29,7%	70,3%
Búseta			
Höfuðborgarsvæðið	98	34,7%	65,3%
Suðurnes	31	29,0%	71,0%
Landsbyggðin	20	30,0%	70,0%
Menntun			
Grunnskólapróf og/eða framhaldsskólaprófi ólokið	36	41,7%	58,3%
Starfsnám/iðnnám	36	22,2%	77,8%
Bóklegt framhaldsskólapróf/háskólapróf	76	34,2%	65,8%
Lengd á atvinnuleysiskrá (samfellt) *			
Innan við sex mánuðir	35	17,1%	82,9%
Sex mánuðir að einu ári	31	22,6%	77,4%
Eitt ár eða lengur	65	40,0%	60,0%
Íslenskukunnátta			
Getur illa tjáð sig á íslensku	81	35,8%	64,2%
Getur hvorki vel né illa tjáð sig á íslensku	41	19,5%	80,5%
Getur vel tjáð sig á íslensku	23	43,5%	56,5%
Úrræði			
Íslenskunámskeið	52	40,4%	59,6%
Önnur námskeið	38	26,3%	73,7%
Staða í „Ungt fólk til athafna“			
Hefur ekki farið í úrræði	59	28,8%	71,2%
Er í úrræði	29	44,8%	55,2%
Hefur lokið úrræði	51	29,4%	70,6%

* $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Ekki reyndist vera munur á ánægju pólskra og íslenskumælandi ungmenna með lífið (sjá mynd 3.16).



Mynd 3.16. Samanburður á mati pólskumælandi og íslenskumælandi ungmenna á ánægju með lífið almennt


3.2.7. Aðlögun pólskra ungmenna

Í könnuninni sem lögð var fyrir pólsk ungmenni var að finna nokkrar fullyrðingar sem sneru að aðlögun Pólverja að íslensku samfélagi. Tafla 3.18 sýnir að almennt voru sverendur jákvæðir í garð þessara fullyrðinga sem bendir til að aðlögun þeirra hafi gengið vel. Til að mynda taldi 81% ungmennanna líklegt að þau ættu eftir að búa á Íslandi eftir 12 mánuði og 74% voru mjög eða frekar sammála því að þeim hafi gengið vel að aðlagast íslensku samfélagi.

Tafla 3.18. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? – Spurt í könnun meðal Pólverja

	Fjöldi	Mjög/frekar ósammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög/frekar sammála
Það hefur gengið vel að aðlagast íslensku samfélagi	150	12,7%	13,3%	74,0%
Ég á íslenska vini	150	29,3%	5,3%	65,3%
Ég á pólska ættingja og/eða vini á landinu sem ég er í ágætum tengslum við	150	9,3%	3,3%	87,3%
Ég mun ennþá búa á Íslandi eftir tólf mánuði	150	7,3%	11,3%	81,3%
Mér finnst viðhorf fólks til mín vegna uppruna míns hafa versnað eftir að ég varð atvinnulaus	150	50,0%	16,0%	34,0%
Ég held ég verði komin(n) með vinnu eftir tólf mánuði	150	6,0%	14,7%	79,3%

Ungmennin voru spurð hvaða atriði þau teldu helst koma í veg fyrir að þau fái starf. Mynd 3.17 sýnir að meirihluti svarenda nefndi tungumálaerfiðleika (63%) og stór hópur var á því að viðhorf atvinnurekenda til innflytjenda væri um að kenna (53%). Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er samanlagt hlutfall svara í mynd 3.17 yfir 100%.



Mynd 3.17. Hvaða atriði telur þú helst koma í veg fyrir að þú fái vinnu? – Spurt í könnun meðal Pólverja

Loks voru þátttakendur spurðir opinnar spurningar um hvernig Vinnumálastofnun gæti aðstoðað þá betur í atvinnuleit sinni. Í töflu 3.19 er búið að flokka svör þátttakenda. Þar sem nokkrir þátttakendur nefndu fleiri en eitt atriði, er samanlagt hlutfall svara í töflu 3.19 yfir 100%. Hlutfallslega flestir (40%) nefndu að Vinnumálastofnun ætti að bjóða upp á fleiri námskeið tengd vinnuvélum eða ökutækjum. Fjórðungur (24%) vildi að boðið væri upp á fleiri tungumálanámskeið, t.d. ensku eða norskunámskeið. Álíka stór hópur (22%) vildi að starfsfólk Vinnumálastofnunar túlkaði atvinnuauklýsingar yfir á pólsku eða ensku og sendu pólskum atvinnuleitendum upplýsingar um störf í gegnum Netið eða með tölvupósti.


Tafla 3.19. Hvernig telur þú að VMST/UFTA geti aðstoðað þig betur í atvinnuleit? – Flokkuð svör Pólverja

	Fjöldi	Hlutfall svara
Boðið upp á fleiri námskeið tengd vinnuvélum og ökutækum	20	40,0%
Boðið upp á fleiri tungumálanámskeið (ensku- eða norskunámskeið)	12	24,0%
Túlkað atvinnuauglýsingar/sett fleiri atvinnuauglýsingar á Netið eða með tölvupósti	11	22,0%
Miðað betur við þarfir hvers og eins	5	10,0%
Boðið upp á fleiri námskeið tengd listum eða hönnun	3	6,0%
Boðið upp á snyrtinámskeið eða nuddnámskeið	3	6,0%
Boðið upp á fleiri starfstengd námskeið eða námskeið sem veita starfsréttindi	3	6,0%
Boðið upp á fleiri og fjölbreyttari námskeið	3	6,0%
Haft námskeið á sveigjanlegri tímum	2	4,0%
Skrifað persónuleg meðmæli til atvinnurekenda eða aðstoðað við að koma á fundum með atvinnurekendum	1	2,0%
Veitt betri upplýsingar á ensku og pólsku á Netinu	1	2,0%
Veitt betri ráðgjöf um atvinnuleit	1	2,0%
Boðið upp á námskeið í tengslum við umönnun aldraðra og fatlaðra	1	2,0%

3.3. Pólsk ungmenni sem ekki voru lengur á skrá


Í þessum kafla verður greint frá bakgrunni pólskra ungmenna sem ekki voru lengur á atvinnuleysissskrá og hann borinn saman við bakgrunn þeirra sem voru á skrá þegar könnunin var lögð fyrir. Alls voru 20 pólsk ungmenni ekki lengur vera á atvinnuleysissskrá (11%). Alls svöruðu 16 afskráð ungmenni spurningunni um hvers vegna þau væru ekki lengur á skrá. Öll voru þau farin af atvinnuleysissskrá vegna þess að þau voru komin með vinnu.

Mynd 3.18 sýnir að konur voru í meirihluta afskráðra ungmenna líkt og átti við um pólsk ungmenni sem voru á atvinnuleysissskrá.




Mynd 3.18. Kyn afskráðra pólskra ungmenna og pólskra ungmenna á atvinnuleysisrá

Aldurssamsetning pólskra ungmenna á atvinnuleysisrá og afskráðra ungmenna var svipuð (sjá mynd 3.19).




Mynd 3.19. Aldur afskráðra pólskra ungmenna og pólskra ungmenna á atvinnuleysisrá

Mynd 3.20 sýnir búsetu afskráðra ungmenna og ungmenna á atvinnuleysisrá. Ekki var unnt að greina hvor munur á búsetu hópanna tveggja væri tölfræðilega marktækur vegna þess hve afskráðu ungmennirnir voru fá.




Mynd 3.20. Búseta afskráðra pólskra ungmenna og pólskra ungmenna á atvinnuleysisrá

Ekki var unnt að greina hvort munur væri á menntun afskráðra ungmenna og ungmenna á atvinnuleysisrá vegna fámennis í hópum (sjá mynd 3.21).




Mynd 3.21. Menntun afskráðra pólskra ungmenna og pólskra ungmenna á atvinnuleysisrá

Ekki var unnt að greina hvort munur væri á lengd skráningar hjá afskráðum ungmennum og ungmennum á atvinnuleysisrá vegna fámennis í hópum (sjá mynd 3.22).



Mynd 3.22. Lengd skráningar hjá afskráðum pólskum ungmennum og pólskum ungmennum á atvinnuleysisrá

Ekki var tölfræðilega marktækur munur á íslenskukunnáttu afskráðra pólskra ungmenna og pólskra ungmenna á atvinnuleysisrá (sjá mynd 3.23).



Mynd 3.23. Íslenskukunnáttu afskráðra pólskra ungmenna og pólskra ungmenna á atvinnuleysisrá

3.4. Samantekt á helstu niðurstöðum könnunar meðal pólskra ungmenna

Niðurstöður könnunarinnar meðal pólskra ungmenna benda til að vel hafi tekist til með að finna úrræði sem hæfa hópnum. Ungmennin voru almennt ánægð með að hafa verið boðuð í viðtal og úrræðin sem þeim bauðst. Ungmenni sem ekki höfðu lokið þátttöku í úrræðum væntu þess að þátttaka í úrræðunum ætti eftir að auka færni þeirra, möguleika á vinnumarkaði, efla þau í mannlegum samskiptum og bæta andlega líðan þeirra. Ungmenni sem höfðu lokið úrræði töldu ýmislegt hafa áunnist með þátttöku í úrræðinu. Meirihluti taldi úrræðið hafa aukið færni þeirra og möguleika á vinnumarkaði og margir voru á því að samskipti þeirra við annað fólk hafi aukist og að andleg líðan hafi batnað með þátttökunni.

Auk þess að biðja ungmennin sjálf um að leggja mat á hvað hefði áunnist með þátttöku í úrræðinu, voru þau beðin að meta líkamlegt heilsufar og hversu ánægð þau væru með lífið almennt. Tilgangurinn með þessum tveimur spurningum var að meta hvort þátttaka í úrræði hefði jákvæð áhrif á andlega líðan og líkamlega heilsu. Ekki kom fram marktækur munur á líðan ungmennanna eftir því hvar þau voru stödd í átaksverkefninu en tengsl voru á milli andlegrar líðanar og þess hve lengi þau höfðu verið á atvinnuleysisskrá. Þessi niðurstaða sýnir mikilvægi þess að sporna við langtímaatvinnuleysi ungra Pólverja.

Loks voru ungir Pólverjar á atvinnuleysisskrá spurðir nokkurra spurninga er sneru að reynslu þeirra af búsetu á Íslandi. Svo virðist sem pólskir atvinnuleitendur hafi náð að aðlagast íslensku samfélagi nokkuð vel. Flestir eiga þeir íslenska vini og hafa hugsað sér að búa áfram á Íslandi. Á hinn bóginn er íslenskukunnáttu hópsins ábótavant. Einungis einn af hverjum sex taldi sig tala ágæta íslensku. Enn fremur taldi meirihluti þátttakenda í könnuninni tungumálaerfiðleika vera helstu hindrunina í því að þeir fái starf. Þetta sýnir mikilvægi þess að bjóða ungmennum upp á námskeið í íslensku eins og gert er í átaksverkefninu „Ungt fólk til athafna.“

4. VIÐTÖL VIÐ UFTA RÁÐGJAFNA

Annar liður í úttekt Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á verkefninu „Ungt fólk til athafna“ (UFTA) var að taka viðtöl við ráðgjafa sem voru ráðnir til að sinna verkefninu á nokkrum starfsstöðum Vinnumálastofnunar. Með því að taka viðtöl við ráðgjafa var unnt að fá innsýn í hvernig verkefnið var undirbúið, skipulagt og framkvæmt á mismunandi svæðum, hvað gekk vel og hvað hefði mátt betur fara.

4.1. Aðferð

Rýnihópaviðtal var tekið við sex UFTA ráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu þann 21. maí 2010 og tvo ráðgjafa á Suðurnesjum þann 1. júní 2010. Þessi viðtöl voru tekin á skrifstofum ráðgjafanna. Þann 17. ágúst 2010 var tekið símaviðtal við UFTA ráðgjafann sem starfar á Norðurlandi eystra og loks var rætt við forstöðumann Vinnumálastofnunar á Austurlandi og tvo ráðgjafa á vegum Þekkingarnets Austurlands í gegnum síma þann 20. ágúst 2010.

Í viðtölunum sögðu ráðgjafar með sínum eigin orðum frá reynslu sinni af því að starfa við átaksverkefnið og fjölluðu um þá þætti sem skiptu þá mestu máli. Í upphafi viðtalanna voru viðmælendur hvattir til að lýsa því ferli sem fór af stað þegar vinna við átaksverkefnið hófst. Viðtalsrammi var hafður til hliðsjónar í viðtölunum, en þó var lögð megináhersla á að gefa viðmælendum færi á að tala um það sem þeim sjálfum fannst skipta máli og í þeirri röð sem þeir óskuðu. Þannig líktust viðtölin fremur samtali en formlegu viðtali.

Viðtölin voru að meðaltali klukkustundar löng og var hugað að búsetuskiptingu við val á viðmælendum. Þannig var leitast við að ræða við ráðgjafa bæði af höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni. Viðtölin voru tekin upp og meginatriði þeirra skráð til greiningar. Viðmælendum var heitið trúnaði og verða viðtölin hvergi birt. Í stað þess að vitna beint í einstaka viðmælendur verður niðurstöðum gert skil sem sjónarmið hóps ráðgjafa. Viðtölin tóku Ásdís Aðalbjörg Arnalds og Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, verkefnisstjórar hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

4.2. Niðurstöður úr viðtölum við ráðgjafa

Hér verður greint frá því helsta sem fram kom í viðtölum við ráðgjafa. Þau meginþemu sem fram komu við greiningu gagnanna sneru að undirbúningi og skipulagi átaksverkefnisins, framkvæmd þess, starfsumhverfi ráðgjafa og mati ráðgjafa á árangri verkefnisins.

4.2.1. Undirbúningur og skipulag átaksverkefnisins

Þegar verkefninu var ýtt úr vör var stofnuð sérstök UFTA skrifstofa í Reykjavík og þar tóku til starfa ráðgjafar sem sinna áttu málefnum ungra atvinnuleitenda. Hugmyndir á bak við það að opna sérstaka skrifstofu sem sæi um málefni ungmennanna var að þau upplifðu alla þjónustu Vinnumálastofnunar eins aðgengilega og kostur er, eins og einn ráðgjafinn komst að orði: „*Pú þarft ekkert að standa í röð og bíða eftir að fá að komast eitthvert inn...getur bara komið og fengið upplýsingar, getur farið á Netið bara og fengið upplýsingar. Við erum að reyna að gera þetta allt svo eins aðgengilegt og hægt er.*“ Eins og gefur að skilja eru UFTA ráðgjafarnir á landsbyggðinni mun færri en á höfuðborgarsvæðinu og þar var ekki mynduð samskonar umgjörð í kringum verkefnið eins og gert var í Reykjavík. Þó voru nokkrir starfsmenn ráðnir til að sinna UFTA verkefninu á landsbyggðinni. Þannig var ráðinn UFTA ráðgjafi í 60% starf á Norð-Austurlandi eftir að starfsmenn Vinnumálastofnunar á svæðinu komust að þeirri niðurstöðu að þeir gætu ekki bætt við sig fleiri verkefnum en þeir höfðu þegar á sinni könnu. Á Suðurnesjum voru fengnir tveir ráðgjafar til að sinna verkefninu. Annar þeirra hafði áður starfað sem almennur ráðgjafi hjá Vinnumálastofnun, en hinn var ráðinn nýr inn til þess að starfa að verkefninu. Á Austurlandi voru starfsmenn Þekkingarnets Austurlands ráðnir til að hafa umsjón með UFTA verkefninu.

Í upphafi átaksins fengu ráðgjafarnir þau skilaboð að mjög stuttur tími ætti að líða frá því að verkefnið færi af stað og þar til búið átti að vera að koma öllum ungum atvinnuleitendum í úrræði. Ráðgjafarnir voru sammála um að þetta væri mjög verðugt markmið og voru strax frá upphafi staðráðnir í að uppfylla það. Einn ráðgjafanna af landsbyggðinni hafði þó efasemdir um að hægt væri að koma öllum ungmennum í dreifbýli í einhvers konar virkniúrræði: „*Þetta eru allt saman ofboðslega göfug og flott markmið, en við erum með fólk hérna í dreifbýli líka, og að láta fólk aka í 20 mínútur til þess að fara á námskeið, þetta er svona svolítið sérstakt.*“

Áður en hafist var handa við að finna úrræði handa ungum atvinnuleitendum höfðu viðmælendur mótað sér skoðun á því hver tilgangur verkefnisins ætti að vera. Viðmælendur

voru sammála um að átaksverkefnið væri liður í því að virkja ungt fólk til þátttöku í samfélaginu og koma í veg fyrir að það vendist lífinu á atvinnuleysisbótum. Einn ráðgjafanna nefndi að það væri mjög mikilvægt að virkja fólk strax og það missir vinnuna, því eftir einhvern tíma er eins og fólk missi þrótt: „*Eftir sex mánuði þá það gerist eitthvað. Það er bara mjög erfitt að setja puttann á það en það er bara...það er eins og þú farir endanlega í sko einhvern svona einhverja mikla hugarfarsbreytingu. Þú dettur bara fram af brún og það er MJÖG erfitt að ná fólki upp eftir þennan tíma.*“ Enn fremur voru ráðgjafarnir sammála um að hefja þyrfti verkefnið með því hugarfari að það sneri að ungu fólki í atvinnuleit en ekki atvinnulausum. Úrræðin ættu þannig að veita ungmönnum tækifæri til að bæta stöðu sína á vinnumarkaðnum, til dæmis með því að gefa þeim kost á að afla sér þekkingar, reynslu og meðmæla.

Með þessi markmið að leiðarljósi var hafist handa við að finna úrræði sem hentuðu atvinnuleitendum á aldrinum 16 til 24 ára. Ráðgjafarnir voru meðvitaðir um að gera ekki samning um hvernig úrræði sem var, heldur veltu þeir vöngum yfir hvernig úrræðin kæmu til með að nýtast ungmennunum sem best og hve hagkvæm þau væru: „*Sko, það er ekki bara dælt bara blint og bara skrifað undir allt sko. Það er mikið þælt í þú veist, hvað sé hagkvæmt og þú veist hvað fær hann út úr þessu og hver er bakgrunnur þeirra sem ætla að taka á móti honum.*“ Vinnuálastofnun hefur löngum átt í samstarfi við ýmsar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar og viðmælendur sögðu að reynt hafi verið að byggja á þeim námskeiðum sem höfðu reynst vel fyrir tilkomu UFTA. Aðkoma fræðslumiðstöðvanna virðist því hafa verið mikil á þeim fjórum svæðum sem hér eru til umræðu en var þó hvað mest á Austurlandi þar sem ráðgjafar á vegum Þekkingarnets Austurlands voru ráðnir inn sem verktakar til að sjá um skipulagningu úrræða á svæðinu.

Auk þess að óska eftir samstarfi við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar leituðust ráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum við að auka við flóru úrræða með því að auglýsa eftir samstarfi við aðra aðila. Einn ráðgjafanna hafði orð á því að mikil vinna hafi farið í að skapa tengsl við þá sem veita úrræði: „*Ætli ég hafi ekki eytt svona einum og hálfum mánuði sirka, áður en þetta fer af stað á fullu.*“ Það þurfi að hringja í hugsanlega samstarfsaðila eða senda þeim tölvupóst og kynna þeim átaksverkefnið stuttlega. Ráðgjafinn lagði síðan áherslu á að fá að hitta viðkomandi og kynna verkefnið persónulega. Ef samstarfsvilji var fyrir hendi sendu ráðgjafarnir inn beiðni um að sett yrðu saman ákveðin úrræði sem féllu vel að markmiðum átaksverkefnisins og síðan var valið úr þeim tillögum sem

bárust. Viðmælendur á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum kváðu viðbrögðin ekki hafa látið á sér standa og að færri námskeiðshaldarar hafi komist að en vildu, en þessi samstarfsvilji utanaðkomandi aðila fór fram úr björtustu vonum þeirra.

Á Norð-Austurlandi var einnig óskað eftir samstarfi við fræðslumiðstöðvar og samtök sem gætu boðið ungmennum upp á námskeið eða þjálfun. Fjöldi samstarfsaðila virðist þó hafa verið mun minni á þessu svæði en á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, enda er fjöldi atvinnulausra ungmenna á svæðinu töluvert minni en á hinum síðarnefndu. Í upphafi átaksins mótaði UFTA ráðgjafinn á Norðurlandi eystra vinnuhóp með samstarfsaðilunum, sem að sögn ráðgjafans var einstaklega gott að starfa með. Ráðgjafinn var sérstaklega ánægður með samheldnina og dugnaðinn í vinnuhópnum og komst svo að orði þegar vinnuhópin bar á góma: „*Það lögðust allir á eitt að láta þetta ganga*“.

Af ofantöldu má ráða að UFTA ráðgjafarnir hafi sjálfir ráðið því hvaða aðilar fengust til samstarfs við Vinnumálastofnun um að veita ungum atvinnuleitendum tímabundin úrræði. Auk þess komu ráðgjafarnir í sumum tilfellum sjálfir beint að mótun úrræða. Má til dæmis nefna námskeið á höfuðborgarsvæðinu fyrir ungmenni af erlendum uppruna. Á öllum svæðunum sem hér eru til umræðu virðast því tengsl ráðgjafa við þá sem bjóða upp á úrræðin hafa verið mikil.

4.2.2. Framkvæmd átaksverkefnisins

Í þessum kafla er fjallað um hvernig átakið var kynnt fyrir ungum atvinnuleitendum á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Norðurlandi eystra og Austurlandi, þau úrræði sem stóðu ungmennunum til boða, viðbrögð ungmennanna við þeim og hvernig fylgst var með ungmennunum meðan á þátttöku stóð og eftir að henni lauk.

Átakið kynnt fyrir ungmennum

Ungmennin fengu einkum ráðgjöf og upplýsingar um átaksverkefnið með tvennum hætti. Annars vegar voru þau boðuð á kynningarfund um átaksverkefnið og hins vegar fór fjöldi ungmenna í einstaklingsviðtöl hjá UFTA ráðgjöfum Vinnumálastofnunar. Á öllum landssvæðunum sem hér eru til umræðu hófst átakið með fjölda kynningarfunda. Að sögn ráðgjafanna var fjöldinn sem þurfti að koma í úrræði í byrjun átaksins svo mikill að ógerlegt hefði verið að taka einstaklingsviðtöl við alla atvinnuleitendur. Á kynningarfundinum var

ungmennunum afhent valblað með þeim úrræðum sem þeim buðust. Ungmennin voru beðin um að haka við tvö til þrjú úrræði sem þau hefðu mestan áhuga á. Í kjölfarið sáu ráðgjafarnir um að raða þeim niður á námskeið. Reynt var að taka mið af óskum ungmennanna þegar þeim var raðað í úrræði en þó varð lágmarksfjöldi þátttakenda að nást á hvert námskeið til þess að það borgaði sig að halda það.

Á höfuðborgarsvæðinu voru einstaklingsviðtöl tekin samkvæmt eftirspurn. Annars vegar sóttu ungmennin um viðtöl á þar til gerðum eyðublöðum á kynningarfundum eða, það sem var algengara, komu inn af götunni og fóru í ópantað viðtal hjá ráðgjafa. Hjá ráðgjöfunum stóð þeim einnig til boða áhugasviðsgreining. Á landsbyggðinni boðuðu ráðgjafarnir aftur á móti unga atvinnuleitendur í einstaklingsviðtöl, enda hafði reynsla þeirra kennt þeim að fæst ungmennin koma af eigin frumkvæði í viðtöl hjá ráðgjafa. Einstaklingsviðtölin voru notuð til að veita ungmennum upplýsingar um átaksverkefnið, til að fylgjast með gengi þeirra eftir að þátttaka í úrræði hófst og til að veita ungmennum sem ekki voru að sinna mætingarskyldu nauðsynlegt aðhald. Á Suðurnesjum voru einstaklingsviðtöl sú megináðferðin sem notuð var til að kynna átaksverkefnið fyrir ungmennum og til að aðstoða þau við að velja sér úrræði. Þegar búið var að halda kynningarfundum fyrir þann mikla fjölda sem þurfti að ná til í upphafi átaksins var einvörðungu byggt á einstaklingsviðtölum. Þó einstaklingsviðtölin séu tímafrekari en hópfundirnir þóttu þau mun persónulegri. Ungir atvinnuleitendur eru eins misjafnir og þeir eru margir og með einstaklingsviðtölum kynnast ráðgjafarnir persónulegum högum ungmennanna auk þess sem þeir ræddu við þau um helstu áhugamál þeirra. Enn fremur var það reynsla þessara ráðgjafa að heimtur á kynningarfundum væru ekki góðar. Með einstaklingsviðtölum hefur tekist að ná til margra sem ekki mættu á kynningarfundina.

Ungmenni hefja þátttöku í úrræðum

Það var samdóma álit ráðgjafa að undirbúningsvinnan hafi skilað sér í góðum og fjölbreyttum úrræðum. Ekki fóru þó öll námskeiðin af stað, heldur voru námskeið einungis haldin ef fjöldi þátttakenda var nægjanlegur. Þannig réði eftirspurnin framboði á úrræðum sem olli því að úrval námskeiða og úrræða var breytilegt. Að auki var á sumum stöðum brugðist við óskum ungmenna um að komast á annars konar námskeið en þegar buðust. Þannig voru námskeiðanna sett í gang eftir að ákveðinn lágmarksfjöldi hafði óskað eftir því að hefja þess háttar úrræði.

Ungir atvinnuleitendur eru ákaflega fjölbreyttur hópur. Við val á úrræðum þótti ráðgjöfunum mikilvægt að einblína ekki um of á bókleg úrræði, þar sem hæfileikar margra liggja á öðrum sviðum. „Það eru ekkert allir sem hafa áhuga eða getu til að fara á námskeið, það er bara svoleiðis“. Til dæmis hefur á öllum stöðunum fjórum verið boðið upp á einhvers konar smiðjur þar sem ungmenni vinna að eigin áhugamálum. Smiðjurnar eru nokkurs konar vinnustofur, þar sem atvinnuleitendur geta stundað alls konar listir, viðgerðir á húsgögnum og fleira í þeim dúr og fengið aðstoð frá þeim sem hafa umsjón með verkstæðinu.

Ráðgjafarnir voru einnig mjög meðvitaðir um að ungir atvinnuleitendur á Íslandi væru af ólíku þjóðerni. Til þess að sníða átaksverkefnið að þörfum ungra atvinnuleitenda sem voru af erlendu bergi brotnir var hannað sérstakt úrræði fyrir ungmenni á höfuðborgarsvæðinu. Ráðgjöfunum var ljóst að annars konar úrræði þyrfti að vera í boði fyrir ungmenni sem ekki töluðu íslensku, enda þykir íslenskukunnátta vera lykill að vinnumarkaðnum. Ráðgjafarnir mótuðu þess vegna námskeið þar sem íslenskukennsla var fléttað inn í þau starfstengdu námskeið sem stóð ungmennunum til boða. Á landsbyggðinni var aftur á móti ekki boðið upp á sérstök úrræði fyrir ungmenni af erlendum uppruna, enda sögðu viðmælendur þörfina fyrir slíkt ekki hafa verið fyrir hendi þar sem lítið væri um að ungmenni töluðu ekki íslensku. Á hinn bóginn var boðið upp á tulkapjónustu á námskeiðunum þegar þess gerðist þörf.

Ráðgjafarnir virtust þekkja vel inn á þann hóp ungmenna sem þeir unnu með og sögðu suma atvinnuleitendur hafa mjög litla starfsreynslu þrátt fyrir að hafa öðlast rétt til atvinnuleysisbóta. Af þessum sökum var lögð áhersla á að bjóða upp á grunnúrræði sem faldi meðal annars í sér ráðgjöf um hvernig skal útbúa starfsferilskrá. Á Suðurnesjum var grunnúrræði fléttað saman við nám í fjölbrautaskólanum á svæðinu. Atvinnuleitendum bauðst að sækja námskeið í hefðbundnum kjarnagreinum sem þegar voru kenndar við skólann en fengu einnig kennslu í ýmsu sem tengist atvinnuleit og rekstri heimila. Má þar nefna fræðslu um hvernig atvinnuleitendur skuli bera sig að í atvinnuviðtölum, gerð ferilskrár, fræðslu um skattkerfið og hvernig eigi að lesa úr launaseðlum.

Á ferilmöppunámskeiði á vegum Þekkingarnets Austurlands var ungmönnum veitt ráðgjöf um hvernig útbúa ætti ferilmöppu en einnig var lögð áhersla á að aðstoða þau við að finna út hvar styrkleikar þeirra og áhugi lægju. Að mati ráðgjafanna hentuðu hópviðtöl vel til þess að ná fram þessu markmiði. „Fólk lærir að tjá sig í hóp og hópurinn dregur oft fram einhverjar viðbótarupplýsingar um einstaklinginn sem er að tjá sig, sem hann kannski áttar sig ekki á að

eru hans styrkleikar og hans þekking og annað sem hann hefur til brunns að bera og hérna styrkir hann sem einstakling. Og hópurinn styður einstaklinginn til þess að finna sínu góðu hliðar og styrkleika.“

Ráðgjafinn á Norðurlandi eystra kvað grunnnámskeið sem þessi vera svo mikilvæg að á komandi hausti standi til að boða alla unga atvinnuleitendur á tveggja vikna námskeið í sjálfstyrkingu og sjálfsmati áður en þeim býðst að velja sér önnur úrræði. Grunnnámskeiðið mun jafnframt koma í stað kynningarfundar því í lok sjálfstyrkingarnámskeiðsins munu ungmennin velja þau úrræði sem þau hafa mestan hug á að sækja í framhaldinu.

Auk þeirra úrræða sem voru í boði í gegnum samstarfsaðila Vinnumálastofnunar gátu ungmenni sótt önnur úrræði með því að sækja um námsstyrk eða verða sér úti um starfsþjálfunarsamning. Viðmælendur kváðu námsstyrk vera valkost fyrir ungmenni sem finna ekki úrræði við sitt hæfi. Hafi ungmenni hug á að sækja námskeið sem ekki er í samstarfi við UFTA verkefnið, er í boði að sækja um styrk til Vinnumálastofnunar. Vinnumálastofnun greiðir þá hluta námskeiðsgjaldsins en einnig getur viðkomandi sótt um styrk hjá stéttarfélagi sínu. Þannig geta ungmennin sótt utanaðkomandi námskeið sér að kostnaðarlausu. Að sögn viðmælanda eykur þessi kostur mjög við flóru úrræða: „Í gegnum þetta erum við í raun og veru að bjóða upp á liggur við hvert einasta námskeið sem úr er að moða í íslensku samfélagi.“

Ungmennunum bauðst einnig að gera starfsþjálfunarsamning við fyrirtæki eða stofnanir sem þau höfðu áhuga á að vinna fyrir. Fyrir tilkomu UFTA gátu aðilar í atvinnulífinu gert samning við Vinnumálastofnun um að ráða til sín einstakling af atvinnuleysisskrá. UFTA ráðgjafarnir á höfuðborgarsvæðinu ákváðu aftur á móti að snúa fyrirkomulagi samningsins við þannig að frumkvæði að samningnum ætti að koma frá atvinnuleitendunum sjálfum. Að sögn ráðgjafanna hentar þessi samningur einstaklega vel þeim sem vita hvað þau vilja. Einn ráðgjafanna setti sig í spor ungs atvinnuleitenda til þess að leggja áherslu á mikilvægi starfsþjálfunarsamningsins: „Þú getur fengið mig hérna í hálf tveim árum, hörkuduglegan starfskraft, fyrir klink og eftir sex mánuði, ef ég er ekki búinn að sanna mig eða þú getur ekki ráðið mið að þá eru engar skuldbindingar.“

Hafa ber í huga að starfsþjálfunarsamningur og vinnustaðanáam eru ólík virkniúrræði, þó bæði feli í sér störf inni á vinnustöðum. Með starfsþjálfunarsamningi geta ungmenni sjálf sótt um

reynsluráðningu á tilteknum vinnustað en fyrirtæki og stofnanir sem bjóða upp á vinnustaðanám eiga í samstarfi við Vinnumálastofnun um að bjóða upp á virkniúrræði í tengslum við UFTA verkefnið. Einn viðmælenda hafði orð á því að sér fyndist vinnustaðanámið ekki nægilega vel ígrundað úrræði. Ungmenni í vinnustaðanámi fá engin laun umfram atvinnuleysisbæturnar. Að mati ráðgjafans er hér um að ræða ókeypis starfskrafta fyrir vinnustaði. Kosturinn er sá að ungmenni fá reynslu og meðmæli, en ráðgjafinn var í vafa um hvort sanngjarnt væri að bjóða upp á slíkt úrræði þegar á sama vinnustað starfaði jafnvel einstaklingur á sex mánaða starfsreynslusamningi, sem þæði atvinnuleysisbætur auk þess að fá greidd laun frá vinnustaðnum upp í kjarasamninga. Báðir aðilar inna þó nokkurn veginn sömu vinnu af hendi. Að mati ráðgjafans er nauðsynlegt að endurskoða þetta fyrirkomulag og jafnvel að tengja vinnustaðanámið einhverju námskeiði.

Að sögn ráðgjafanna voru ungmennin almennt mjög jákvæð í garð verkefnisins og tóku því fagnandi að fá eitthvað að gera. Þessi jákvæðu viðbrögð komu nokkrum ráðgjöfum á óvart. Nokkuð var þó um að ungmenni væru neikvæð í fyrstu en ráðgjafarnir tóku eftir viðhorfsbreytingu hjá þessum hópi eftir að þátttaka í úrræðunum hófst. Einn þeirra taldi neikvæðnina sem einkenndi sum ungmennanna í fyrstu vera til komna af því að verið væri að ráðskast með líf þeirra: „*Svona boðanir eru ekki það vinsælasta í heimi og fólki finnst vera að segja þeim fyrir verkum og ýmislegt svona og vill ekkert láta fara að skikka sig eitthvað.*“ Það var á hinn bóginn samdóma álit ráðgjafanna að vel flest ungmennanna væru sátt við að hafa komist á námskeið eftir að þátttakan hófst, þar sem almenn ánægja hafi verið með að fá tækifæri til að umgangast annað fólk.

Auk þess að fagna því að hafa eitthvað fyrir stafni sáu ungmennin tækifæri í átaksverkefninu sem þeim var gert að taka þátt í. Það var upplifun ráðgjafanna að ungmennin teldu að með þátttöku í virkniúrræðum gætu þau bætt stöðu sína á vinnumarkaðinum. Af þeim sökum voru námskeið sem buðu upp á einhver réttindi eða starfsreynslu vinsæl. Til að mynda var þriggja mánaða vinna innifalin í námskeiðum á vegum Tækniskólans í Grindavík. Ráðgjafarnir á Suðurnesjum töldu þetta tækifæri hafa laðað ungmenni að skólanum og eins var mikil ásókn í launuð störf sem buðust á Keflavíkurflugvelli. Starfsþjálfunin á Keflavíkurflugvelli skilaði mörgum ungmendum áframhaldandi vinnu á vellinum. Loks voru mörg námskeiðanna sem buðust hjá framhaldsskólunum og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum einingarbær sem virkar sem ákveðinn hvati fyrir ungmennin. Þá bentu ráðgjafarnir einnig á að ungmennin geta

stundað nám í framhaldsskóla eða háskóla upp á ákveðnum einingafjölda og gera þá námsamning við ráðgjafa um að fá námið metið sem virkniúrræði.

Annað, sem kann að hafa tengst því að upplifun ungmennanna af úrræðunum var jákvæð, er það umhverfi og það viðmót sem þeim var sýnt á námskeiðunum. Ráðgjafa á Austurlandi fannst til að mynda vert að nefna að mikið væri lagt upp úr þægilegu umhverfi á námskeiðunum á vegum Þekkingarnetsins: „*Boðið er upp á veitingar og ungmennin finna gott viðmót.*“ Ráðgjafarnir bentu einnig á að töluvert væri um að ungmenni eignuðust vini á námskeiðunum. Í Fjölbrotaskólanum á Suðurnesjum var atvinnuleitendunum til dæmis kennt í sérstökum hópi og ráðinn var umsjónarmaður til að halda utan um hópinn. Þannig voru ungmennin innan um aðra á svipuðu reki og fengu það aðhald sem þótti nauðsynlegt til að þau uppfylltu mætingarskyldu sína. Það virðist því vera mikilvægt að ungmennin finni að þau eru í vernduðu umhverfi, innan um sína líka, en þó mega ungmennin ekki finna að þau séu á einhvern hátt minna metin en aðrir sem stunda nám í sama skóla. Þannig sagði einn ráðgjafinn á landsbyggðinni: „*Það eru heldur engir svona sérbásar fyrir atvinnuleitendur, þau bara mæta í sína stofu og í stofunni við hliðina á eru kannski háskólanemar í fjarnámi.*“

Þó ráðgjafarnir teldu ungmennin yfirleitt hafa brugðist jákvætt við því að vera skikkuð í úrræði komu upp ýmis mál sem þurfti að leysa úr. Eitt af því sem ungmennin kvörtuðu yfir var kostnaðarhliðin. Bæði kostar pening að ferðast á milli staða og eins þurfa ungir foreldrar að greiða fyrir barnapössun meðan á þátttöku í úrræðum stendur: „*Einmitt þessi spurning með strætó. Hún kemur rosalega oft upp...þú veist á varla ofan í mig né á og barnið, þú veist, get varla gefið barninu mínu að borða...og svo á ég að fara að borga hérna þú veist í strætó!*“ Ráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu reyndu að draga úr ferðakostnaði ungmenna með því að bjóða upp á úrræði sem eru dreifð um höfuðborgarsvæðið. Á einu svæði á landsbyggðinni var farin sú leið að gera samning við nokkur ungmenni um að sinna búskapnum á bænum þar sem þau voru búsett. Ráðgjafinn fylgdi þessum ungmenum eftir með reglulegum samskiptum við foreldra þeirra, ömmur og afa. Þá varð að treysta því að þessir fjölskyldumeðlimir hins unga atvinnuleitenda segðu satt og rétt frá. Önnur lausn var að bjóða þeim ungmenum sem komu langt að, að koma í úrræði tvisvar í viku og vera þá lengri tíma í senn.

Fólki á atvinnuleysissskrá sem er með börn á framfæri ber skylda til þess að vera með pössun fyrir börnin til þess að vera tiltæk á vinnumarkaðinum. Ráðgjafarnir urðu þess varir að nokkur

misbrestur var á þessu, en reyndu þó að sýna málinu skilning og leysa málefni ungra foreldra með því að benda þeim á úrræði þar sem þau gætu haft börnin með sér. Nokkuð var til dæmis um að ungar mæður ynnu við fataflokkun hjá Rauða Krossinum á meðan börn þeirra sváfu úti í vagni. Þannig reyndu ráðgjafar að skoða hvert tilvik fyrir sig án þess þó að veita ungu foreldrunum afslátt á þátttöku í úrræðum.

Hvernig fylgjast ráðgjafar með ungmennunum?

Fram hefur komið að ráðgjafarnir áttu oft en ekki í tengslum við þá aðila sem sáu um að veita úrræðin. Það var þess vegna auðvelt fyrir námskeiðshaldarana að hafa beint samband við ráðgjafana ef einhver einstaklingur var ekki að sinna skyldum sínum. Þannig taldi ráðgjafinn á Norð-Austurlandi að vinnuhópurinn sem komið var á við upphaf átaksverkefnisins hafi verið mikilvægur liður í eftirfylgni með ungmennunum og í að leysa úr þeim vandamálum sem upp komu í málefnum ungmennanna. Hópurinn hittist reglulega fram á vorið og smám saman styrktust tengslin milli hinna mismunandi námskeiðshaldara og ráðgjafans á svæðinu. Þátttaka í þessu öflugra teymi gerði ráðgjöfunum kleift að vísa atvinnuleitendum annað ef þeir fundu sig ekki í úrræði.

Ráðgjafarnir hittu ungmennin einnig stundum augliti til auglits. Sums staðar voru ungmenni sem ekki voru að standa sig boðuð í viðtal hjá ráðgjafa en einnig var eitthvað um að ungmennin höfðu samband við ráðgjafa að eigin frumkvæði. Að sögn viðmælenda voru það ekki síst þau ungmenni sem gekk erfiðlega að ná inn í viðtöl við upphaf átaksins sem höfðu samband eftir að tókst að koma þeim í úrræði: „*Þetta eru nú yfirleitt þeir aðilar sem eru fyrstir til að hringja til baka þegar þeir sjá hvað þetta er gott.*“

Á einu svæði á landsbyggðinni var rætt við öll ungmennin á atvinnuleysissskrá, a.m.k. tvisvar á önninni í fámennum hópum. Þetta gafst vel bæði þar sem það veitti ungmennunum ákveðið aðhald í því að sækja um vinnu og eins veittu svona hópfundir ráðgjafanum innsýn í viðhorf ungmennanna til þess úrræðis sem þau voru þátttakendur í.

Eftir að námskeiði lauk, fylgdust flestir ráðgjafanna með ungmennunum með aðstoð tölvukerfisins. Einhverjir sögðust hafa þann háttinn á að boða ungmenni í viðtal skömmu eftir að tilkynning hefði borist í gegnum tölvu um að þátttaka þess í úrræði væri lokið. Þegar ungmenni eru köllað aftur inn í viðtal eru þau spurð um reynslu sína af úrræðinu, hvort þau vildu sjá eitthvað betur fara og hvort viðhorf þeirra og líðan hafi eitthvað breyst á tímabilinu.

Þannig nota ráðgjafarnir viðtölin til að bæta þjónustuna um leið og þau eru mikilvægt tól til að vera í persónulegum samskiptum við ungmennin og aðstoða þau við að finna annað úrræði við hæfi.

Ráðgjafar á einu landssvæði höfðu eilítið aðra sögu að segja þar sem þeir könnuðust ekki við að ekki mættu líða lengur en þrjú mánuðir þar til ungmenni sem hefur lokið úrræði er komið í virkni á ný. Ráðgjafar á þessu svæði hafa lítið fylgst með ungmennunum eftir að þátttöku þeirra í úrræðum lauk, að öðru leyti en því að fylgst er með hvort þau detti út af atvinnuleysissskrá við það að fá starf.

4.2.3. Starfsumhverfi ráðgjafa

Í þessum kafla verður greint frá upplifun ráðgjafa af því umhverfi sem þeir starfa í. Í viðtölunum ræddu ráðgjafar um samskipti við höfuðstöðvarnar og samstarf við aðra ráðgjafa bæði á sínu eigin svæði og á öðrum svæðum.

Upplýsingaflæði frá aðalskrifstofu og verkefnisstjóra

Nokkuð misjafnt var hvernig ráðgjafar fréttu af því að verkefnið væri að fara af stað. Á höfuðborgarsvæðinu voru ráðgjafar ráðnir sérstaklega til að sinna verkefninu. Sumir höfðu reyndar starfað hjá Vinnumálastofnun í einhvern tíma og fluttu aðstöðu sína yfir í húsnæði UFTA þegar þeim var boðið að hrinda áttakinu af stað. Ráðgjafarnir á höfuðborgarsvæðinu hafa því varla velkst í vafa um til hvers var ætlast af þeim. Þeir voru ráðnir til þess að sinna þessu tiltekna átaksverkefni og fengu þau skilaboð frá verkefnisstjóra að ekkert atvinnulaust ungmenni á aldrinum 16 til 24 ára skyldi sitja aðgerðalaust lengur en í þrjú mánuði. Þeim skilaboðum þurfti aftur á móti að koma áleiðis til forstöðumanna Vinnumálastofnunar á landsbyggðinni að verkefnið væri að fara af stað og hver helsti tilgangur þess væri. Viðmælendur á landsbyggðinni voru ósáttir við hvernig þetta gekk fyrir sig. Einhverjir fengu fréttir af átaksverkefninu í gegnum tölvupóst eða síma, en fyrstu kynni ráðgjafa af verkefninu á einu svæði voru í gegnum fjölmiðla. Að sögn viðmælenda hefði verið farsælla að halda fund með forstöðumönnum og ráðgjöfum Vinnumálastofnunar á landsbyggðinni við upphaf verkefnisins og fá þannig kynningu á verkefninu. Slíkur fundur hefði einnig gefið ráðgjöfunum kost á að hittast og ræða sín á milli um hvernig best væri að hrinda verkefninu í framkvæmd.

Auk þess að ræða um hvernig ráðgjafarnir fengu fyrst veður af verkefninu greindu viðmældur á landsbyggðinni frá upplifun sinni af því hvernig verkefnið var skipulagt. Allir voru þeir

sammála um að frá upphafi hafi mikið vantað upp á skipulagið og samskipti við höfuðstöðvarnar. Til að mynda voru engir verkferlar til staðar um hvernig skráningu á virkni atvinnuleitenda skyldi háttáð. Hver og ein skrifstofa fór sínar eigin leiðir í þessu efni, en að mati ráðgjafanna hefði mátt spara mikinn tíma ef skýrt hefði verið frá upphafi hvernig bæri að halda utan um skráningu og hvaða upplýsingum skyldi haldið til haga. Það kom fyrir að verkefnisstjórinn óskaði eftir upplýsingum frá hverju svæði, en þar sem ráðgjafarnir höfðu ekki fengið skilaboð um hvaða gögnum skylda safna og halda til haga gat reynt erfitt að verða við beiðni verkefnastjórans. Ráðgjafarnir töldu skýra verkferla vera sérstaklega mikilvæga fyrir landssvæði þar sem starfa fáir ráðgjafar sem eiga erfitt með að skipta með sér verkum. „Þannig að það hefði kannski eftir á að hyggja mátt skipuleggja betur framkvæmdina, utanumhaldið og hvernig maður heldur sambandi.“ Einn ráðgjafanna sagðist heldur ekki hafa fengið upplýsingar um hvað mátti verja miklum fjármunum í hvert úrræði. Að mati ráðgjafanna var þó að finna skýringu á því hvers vegna jarðvegurinn fyrir verkefnið var ekki betur plægður: „Það átti bara að keyra af stað og það átti að keyra á fullu.“ Það virðist því sem ekki hafi verið búið að ákveða hvernig ætti að framkvæma ýmsa þætti verkefnisins og hvaða leiðir ætti að fara til að ná settum markmiðum. Verkefnið hafi því í raun þróast með framkvæmdinni í stað þess að vera mótað áður en farið var af stað.

Samstarf ráðgjafa

Skrifstofa UFTA í Reykjavík er staðsett í sérhúsnæði og er starfrækt sem sjálfstæð eining meðan á áttakinu stendur. Í þessi húsnæði hafa ráðgjafarnir fengið næði til að skipuleggja sig, undirbúa átakið og starfa saman að markmiðum verkefnisins. Ráðgjöfunum hefur gengið vel að skipta með sér verkum. Þannig sér hver ráðgjafi um tiltekið svæði á höfuðborgarsvæðinu og er í samskiptum við samstarfsaðila sem eru staðsettir á því svæði sem þeir hafa umsjón með. Auk þess sjá tveir ráðgjafar um málefni ungmenna af erlendum uppruna. Ráðgjafarnir á höfuðborgarsvæðinu sögðu þessa hverfaskiptingu hafa reynt mjög vel og að hún væri síður en svo hindrun þegar kæmi að þjónustu við ungmennin því þeir liðsinna einnig ungmennum úr öðrum hverfum. Verkaskiptingin kom heldur ekki í veg fyrir að ráðgjafarnir ynnu saman að ýmsum þáttum verkefnisins: „Það er engin samkeppni, það bara gengur ekki upp. Þetta er samvinna.“

Ráðgjafarnir á landsbyggðinni áttu aftur á móti mjög erfitt með að skipta með sér verkum. Á landsbyggðinni starfa yfirleitt fáir ráðgjafar, jafnvel einungis einn eða tveir á hverju svæði. Einn þeirra hafði orð á því að hann saknaði þess að hafa ekki einhvern með sér í þeirri vinnu

sem snýr að átaksverkefninu. Ráðgjafarnir á landsbyggðinni upplifðu því í einhverjum tilvikum einangrun en einnig mikið álag í starfi sínu og einhverjir höfðu orð á því að það hefði þurft að ráða fleiri ráðgjafa á landsbyggðinni til að sinna UFTA verkefninu. En þó ráðgjafarnir hafi ekki haft tækni á að mynda breiðan samstarfshóp ráðgjafa á hverju svæði störfuðu þeir oft mjög náið með samstarfsaðilum verkefnisins og voru ánægðir með hvernig það samstarf gekk fyrir sig.

Þegar talið barst að samstarfi milli landssvæða kom í ljós að hvert svæði var í raun eins og lítið eyland og höfðu ráðgjafar lítið sem ekkert samband við starfsbræður sína og –systur á öðrum svæðum. Ráðgjafarnir á höfuðborgarsvæðinu sögðu reyndar einhverja ráðgjafa af landsbyggðinni hafa komið í heimsókn á UFTA skrifstofuna í Reykjavík en að landssvæðin væru ólík og að ef til vill væru fáir fletir verkefnisins sem hægt væri að framkvæma á sama hátt á mismunandi svæðum. Ráðgjafar landsbyggðarinnar voru aftur á móti sammála um að þeir þyrftu að eiga í meiri samskiptum sín á milli og einnig að það þyrfti að efla samstarfið milli höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar. Einn þeirra komst svo sterkt að orði að ráðgjafarnir á höfuðborgarsvæðinu áttuðu sig hreinlega ekki á því að til væru UFTA ráðgjafar á landsbyggðinni: „*Þetta er rosalega mikið, það er bara höfuðborgarsvæðið og annað er bara ekki til.*“ Ráðgjafinn bætti því við að ráðgjafarnir á höfuðborgarsvæðinu væru ef til vill betur inni í ýmsum þáttum verkefnisins „*en það hefði alveg mátt sko deilda þessum leiðum saman, eða sem sagt með öðrum á landinu.*“ Allir viðmælendur af landsbyggðinni voru mjög fylgjandi auknu samstarfi, því aukið samstarf veldur hugmyndaauðgi og þannig verður útkoma verkefnisins betri. Þeir töldu mikilvægt að mynda teymi með aðilum frá öllum þjónustustöðum Vinnumálastofnunar á landinu til þess að stilla saman strengi og halda utan um vinnuna við verkefnið.

4.2.4. Mat ráðgjafa á árangri verkefnisins

Í þessum kafla verður greint frá hugmyndum ráðgjafa um hvernig til tókst með átaksverkefnið.

Mat ráðgjafa á eigin árangri

Samkvæmt ráðgjöfunum hefur mikið áunnist frá því að verkefnið fór af stað. Búið var að ræða við fjölda ungmenna og þar af marga þeirra oftast en einu sinni. Höfuðmarkmið átaksverkefnisins var að ekkert ungmenni ætti að vera aðgerðarlaust lengur en í þrjá mánuði á atvinnuleysisbótum. Þetta tímabil náðu sumir ráðgjafar jafnvel að stytta í tvær til þrjár vikur á köflum, þannig að ekki liðu meira en þrjár vikur frá því að ungmennin luku úrræðum eða skráðu sig atvinnulaus þar til ráðgjafi hafði samband við þau.

Þegar ráðgjafarnir voru spurðir hvort það væri eitthvað sem þeir væru sérstaklega ánægðir með í tengslum við verkefnið nefndu þeir oft árangur vinnu sinnar. Að eigin sögn lögðu þeir sig mikið fram við að sinna verkefninu af kostgæfni og þeim fannst vel hafa tekist til með að ná góðu samstarfi við þá aðila er buðu upp á úrræði. Ráðgjafarnir úti á landi voru sérstaklega ánægðir með samstarfið við samstarfsaðilana og voru þakklátir fyrir þann stuðning sem þeir fengu hjá þeim. Ráðgjöfunum þótti þó mikilvægt að efla enn frekar samstarf Fræðslumiðstöðvanna, Vinnumálastofnunar og starfsendurhæfingar á landsvísu. Þeir voru margir hverjir sannfærðir um að auka mætti skilvirkni og árangur með auknu samstarfi og heildrænna skipulagi.

Fram hefur komið að ráðgjafarnir lögðu á sig mikla vinnu við að vera í persónulegum samskiptum við ungmennin. Sumir ráðgjafanna tóku einstaklingsviðtöl fram yfir kynningarfundir, þegar úrræðin voru kynnt fyrir ungmennunum og náðu þannig að kynnast sterkum og veikum hliðum ungmennanna. Almenn séð töldu ráðgjafarnir átakið skila sér í tíðari og betri samskiptum ungmenna í atvinnuleit við þá sem starfa á þjónustuskrifstofum. Áður gátu liðið mánuðir þar til ungir atvinnuleitendur færu í viðtal hjá ráðgjafa. Ungmennin voru skráð í gegnum vefinn en voru ekki í persónulegum samskiptum við starfsmenn Vinnumálastofnunar á svæðinu. Með tilkomu átaksverkefnisins er haldið mun betur utan um stöðu ungra atvinnuleitenda.

Hvernig gekk að ná til ungmennanna?

Fram hefur komið að ráðgjafarnir lögðu sig mikið fram við að finna úrræði sem hæfðu þeim aldurshópi sem átaksverkefnið náði til. Jákvæð viðbrögð ungmennanna við úrræðunum var því sigur fyrir ráðgjafana og sýndi fram á að vinnan sem lögð var í skipulagningu úrræða hafi borgað sig, en í heildina er hlutfall neikvæðra ungmenna lægra en ráðgjafarnir áttu von á í upphafi. Eins og þegar hefur verið vikið að í kaflanum um framkvæmd, tóku vel flest ungmennanna því fagnandi að vera gert að taka þátt í virkniúrræði. Mörg hver vildu hefja þátttöku á nýju námskeiði strax eftir að úrræði lauk þar sem þau gátu ekki hugsað sér að sitja aðgerðarlaus á ný. Ungmenni sem voru neikvæð í fyrstu urðu yfirleitt jákvæðari eftir því sem leið á úrræðið, sem var til vitnis um að úrræðin voru að gera ungmennunum gott. Það var þó upplifun ráðgjafanna að ungmenni sem væru búin að vera lengi á atvinnuleysissskrá væru almennt neikvæðari en þau sem voru ný á atvinnuleysissskrá. Hópurinn sem var nýr á skrá virtist vera opnari fyrir þátttöku í úrræðum. Þetta mat ráðgjafanna er til vitnis um mikilvægi átaksverkefnis sem þessa. Því lengri tími sem líður frá því að fólk missir vinnuna, því líklegra er að það venjist því að hafa ekkert fyrir stafni og það mynstur getur verið erfitt að rjúfa.

Kostnaðurinn sem hlýst af að koma sér á milli staða, fjarlægð milli heimilis og úrræðis og að verða sér úti um barnapössun var helst nefnt sem fyrirstöður í þátttöku ungmennanna. Ráðgjafarnir fengu oft fyrirspurnir frá ungmennunum um fríar almenningssamgöngur og athugasemdir varðandi kostnaðinn við að greiða fyrir barnapössun hjá dagforeldri. Töldu foreldrarnir dagforeldragjöldin vera of há til að ungmennin gætu staðið undir þeim á atvinnuleysisbótum. Athugasemdir varðandi barnagæslu komu frá ungmennnum á öllum þeim svæðum sem viðtölin náðu til en fyrirspurnir um fríar almenningssamgöngur komu aðallega úr þéttbýli. Ýmsar áskoranir mættu því ráðgjöfunum þegar finna átti úrræði fyrir ungt atvinnulaust fólk. Frásagnir ráðgjafanna benda þó til að vel hafi gengið að ráða fram úr vandamálum á borð við þessi.

Ávinningur ungmennanna

Ráðgjafarnir töldu sig sjá jákvæðan mun á líðan ungmennanna eftir að þátttaka þeirra í úrræðum hófst. Í viðtölum sem þeir áttu við ungmenni eftir að þátttöku í úrræði lauk benti ýmislegt til þess að sjálfstraust ungmennanna hefði aukist og að andleg líðan þeirra væri betri en áður vegna þess að tekist hafði að rjúfa félagslega einangrun þeirra. Þetta var að mati ráðgjafanna einn mikilvægasti árangur átaksverkefnisins. Það myndast oft mjög góð tengsl á milli þess fólks sem að „er kannski búð að vera alveg í eigin heimi í einhverja

mánuði og er allt í einu komið með nýja vini sem að það átti enga möguleika á að fá með öðrum hætti.“ Þannig kynnast ungmennin öðrum sem eru í svipaðri stöðu og það brýtur upp þá félagslegu einangrun sem mörg þeirra voru í.

Ráðgjafarnir voru á því að þessi breyttu lífsviðhorf og betri líðan skilaði ungmennunum árangri í atvinnuleitinni: „*Það er bara rosalega gaman og gefandi að sjá þetta virka, sjá þessa krakka einmitt lifna við og rétta úr sér og fá störf og bara þú veist bara brosa aftur.*“ Á sumum landsvæðum ákváðu ráðgjafarnir að boða ungmennin í viðtöl eftir að þátttöku þeirra í úrræði lauk til að ræða næstu skref. Það fyrirkomulag fannst þeim gefast best, sérstaklega í ljósi þess að þessi hópur þarf ákveðinn stuðning og aðhald. Þeir töldu sig ná betri tengslum við ungmennin og upplifa meiri áhuga á þátttöku í virkniúrræðum.

Í virkniúrræðunum var lögð megináhersla á að auka þekkingu og færni ungmennanna. Ráðgjafarnir voru sannfærðir um að það hafði borið árangur. Sá árangur endurspegladist til að mynda í aukinni hagnýtri þekkingu á því hvernig fólk ber sig að í atvinnuleit ásamt því að ungmennin juku færni sína innan ákveðinna verkgreina. Aukin þekking og færni skilar árangri í atvinnuleitinni og það var mat ráðgjafanna að þátttaka í úrræðum yki líkurnar á að ungmenni fengu starf. Ungmenni sem hafa lokið námskeiðum eru eftirsóttari starfskraftar en þau sem hafa ekki aukið þekkingu sína og færni með samskonar hætti. Auk þess getur þátttaka í úrræðunum skapað tengsl við aðila á vinnumarkaðnum og það töldu ráðgjafarnir ekki síður mikilvægt. „*Ansi mörg þessi námskeið eru mjög atvinnutengd og hérna...þannig kynnast krakkarnir sem sagt og komast í tengsl við aðila í atvinnulífinu.*“ Ráðgjöfunum þótti ljóst að starfsþjálfunarsamningar sem gerðir voru við hluta ungmennanna hafi skilað einhverjum áframhaldandi störfum. Með því að fá starf í gegnum þessa samninga fengu þau tækifæri til að sanna sig á viðkomandi vinnustað og vissu ráðgjafarnir þó nokkur dæmi þess að ungmenni sem hófu störf sín á starfsþjálfunarsamningi fengu vinnu áfram. Loks þótti átakið hvetja atvinnulaus ungmenni til að vera virkari í atvinnuleit sinni vegna þess að þau læri að tileinka sér vinnutengda hegðun. Einhver hluti ungmennanna hafði snúið sólarhringnum við í atvinnuleysinu en þegar þess var krafist af þeim að þau væru mætt í úrræði fyrir hádegi opnuðust auknir möguleikar á að eiga í samskiptum við aðila vinnumarkaðarins á vinnutíma. „*Helsti árangurinn með þetta átak er bara að koma fólki af stað.*“

Þannig skilaði átakið árangri í atvinnuleit ungmennanna og nokkrir ráðgjafar mátu það sem svo að ungmenni sem höfðu verið í úrræði fyrir sumarbyrjun væru frekar komin með

sumarstörf en önnur þegar leið á sumarið. Einn ráðgjafanna taldi að tilvist átaksverkefnisins skilaði því jafnframt að ungmenni þæðu frekar þá vinnu sem þeim byðist. Fram til þessa hafði sumum ekki fundist borga sig að þiggja vinnu sem býðst vegna þess að launin sem þau fá fyrir vinnuna eru ekki mikið hærrí en atvinnuleysisbæturnar. En þegar þessi ungmenni komust að því að þau yrðu þá að taka þátt í einhvers konar úrræði fannst þeim vinna fýsilegri kostur þrátt fyrir launin. Þannig fannst þeim átakið bera árangur bæði hjá þeim sem tóku þátt í virkniúrræðunum en jafnframt að einhverju leyti innan þess hóps sem ráðgjöfunum fannst þeir síður ná til.

Í sumum tilfellum varð þátttaka í úrræðum ungmennum hvatning til frekara náms. Að sögn ráðgjafanna tókst oft að glæða námsáhugann hjá þeim sem sóttu námstengd úrræði. Atvinnuleitendur sem sóttu þau úrræði höfðu margir hverjir flosnað upp úr námi og átt erfitt með að stíga skrefið á ný inn í skólann. Með tilkomu átaksverkefnisins var þeim ýtt af stað með ákveðnum stuðningi og aðhaldi. Mörg ungmennanna höfðu ákveðið að halda áfram námi við skólann eftir að úrræðinu lyki. Þannig hefur átaksverkefnið, að mati ráðgjafa, gert fjölda ungmenna að virkari þátttakendum í samfélaginu, ýmist sem starfskraftar á vinnumarkaðnum eða með því að auðvelda þeim að ganga inn í hlutverk námsmannsins.

Samfélagslegur ávinningur

Ráðgjafarnir voru sannfærður um að til lengri tíma litið spari átak sem þetta samfélaginu stóra fjármuni. Það væri of algengt mynstur að ungt fólk á atvinnuleysissskrá þiggi síðar fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustunni og endi jafnvel á örorkubótum. Ráðgjafarnir töldu að ef hægt væri að koma ungum atvinnuleitendum af stað rofnaði þetta mynstur og þar með væri unnt að minnka það fjármagn sem annars færi í bótagreiðslur. Í átakanu er mikil áhersla lögð á sjálfseflingu ungmennanna, aukna þekkingu og færni á vinnumarkaði sem og frekara nám. Það var því samdóma álit að átak eins og þetta væri dýrmætt fyrir samfélagið, bæði efnahagslega og félagslega og ekki síður dýrmætt fyrir lífsgæði ungmennanna. „Það var náttúrulega bara þessi þæling sko að ef við gerum ekki neitt þá erum við kannski að biðja fólkíð sem hefur verið með mestu aðlögunarhæfnina að laga sig að því að... lifa á bótum.“

Það sem ráðgjöfunum þótti ekki síður mikilvægt í þessu átaki var sá möguleiki að geta haft áhrif á umræðuna í samfélaginu um ungt atvinnulaust fólk. Að sögn ráðgjafanna hefur opinber umræða um þennan aldurshóp oft verið á þann veg að ungmennin væru erfiðir og brotnir einstaklingar sem jafnvel nenntu ekki út á vinnumarkaðinn. Ráðgjafarnir telja þessa

umræðu á villigötum og almennt upplifa þeir að ungt fólk óski eftir því að vera virkt á vinnumarkaðnum. Ráðgjafarnir eru jafnframt meðvitaðir um að þessi aldurshópur er sérstaklega berskjaldaður gagnvart atvinnuleysi þar sem þeir hafa stystu starfsævina og eru því oft þeir fyrstu sem missa störf sín eða fá ekki vinnu eftir nám. Því telja ráðgjafarnir afar brýnt að stöðugt sé boðið upp á úrræði í líkingu við þá sem UFTA hefur boðið upp á. Sú vinna sem farið hefur í gang í tengslum við átakið telja ráðgjafarnir vera réttu leiðina til að takast á við atvinnuleysi og sú þekking sem skapast hefur er ómetanleg. Algjörlega nýjar aðstæður hafa myndast á íslenskum vinnumarkaði undanfarin ár og óvíst er hversu lengi vinnumarkaðurinn mun búa við þær. Hátt hlutfall atvinnulausra ungmenna ásamt háu hlutfalli langtímaatvinnuleysis í íslensku samfélagi eru til að mynda nýjar áskoranir fyrir stjórnvöld. Því telja ráðgjafarnir mjög brýnt að byggt sé á þeirri þekkingu sem þegar hefur skapast til að móta frekari stefnu um málefni atvinnulausra ungmenna.

4.3. Samantekt á helstu niðurstöðum úr viðtölum við ráðgjafa

Hér hefur verið gerð grein fyrir meginatriðum sem fram komu í viðtölum við UFTA ráðgjafa Vinnumálastofnunar á fjórum þjónustusvæðum: höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Austurlandi og Norðurlandi eystra. Í viðtölunum sögðu ráðgjafar frá skipulagi og framkvæmd UFTA verkefnisins á því svæði sem þeir tilheyrðu, samstarfi við aðra ráðgjafa og þá sem stýra verkefninu og mátu hvað hafi gengið vel og hvað hefði mátt betur fara.

Af viðtölunum að dæma ríkir almenn ánægja með hvernig gekk að útvega úrræði við hæfi ungra atvinnuleitenda og koma ungmennum í virkniúrræði. Frá því verkefnið fór af stað í upphafi árs 2010 hefur ungmennum boðist að velja á milli fjölbreyttra úrræða á öllum þeim svæðum sem hér eru til umræðu. Við val á úrræðum var leitast við að koma til móts við þarfir ólíkra hópa. Þannig reyndu ráðgjafar meðvitað að bjóða bæði upp á bókleg og verkleg úrræði, úrræði sem nýst gætu atvinnuleitendum í dreifbýli jafnt sem þéttbýli og úrræði sem hentuðu ungmennum sem höfðu litla reynslu af vinnumarkaði og þeim sem höfðu verið á vinnumarkaði í lengri tíma. Á höfuðborgarsvæðinu var jafnframt sett saman sérstakt úrræði sem sniðið var að þörfum ungmenna af erlendum uppruna.

Úrræðin voru ýmist kynnt fyrir ungum atvinnuleitendum á kynningarfundum eða í einstaklingsviðtölum. Hluti hópsins hafði orð á því að síðarnefndi kosturinn væri mun persónulegri og skilaði betri árangri. Ráðgjafar sem tóku einstaklingsviðtöl fram yfir hópundi

voru á þeirri skoðun að með einstaklingsviðtölum kynntust ráðgjafar áhugamálum og væntingum ungmenna og þar með gengi betur að finna þeim úrræði við hæfi. Ljóst er að einstaklingsviðtöl eru mun tímafrekari en hópfundir en sumir ráðgjafar voru tilbúnir til þess að leggja á sig þessa auknu vinnu til þess að ná betur til ungmennanna. Hér skal þess getið að við upphaf árs 2010 voru hátt í þrjú þúsund ungmenni á atvinnuleysissskrá á þeim svæðum sem hér eru til umræðu. Að sögn ráðgjafanna tókst að koma langstærstum hluta þessa hóps í virkniúrræði. Af því má ráða að ráðgjafarnir hafi lagt á sig ómælda vinnu við að ræða við ungmenni og koma þeim í úrræði. Þegar tekið er mið af því að tekin voru einstaklingsviðtöl við hluta hópsins hlýtur vinna ráðgjafanna að vera aðdáunarverð.

Viðmælendur töldu vinnuna sem þeir lögðu í að koma ungmendum í virkniúrræði hafa skilað árangri. Ráðgjafarnir töldu sig sjá mun á ungmennunum eftir að þátttaka í úrræðunum hófst og að jákvæðara lífsviðhorf kæmi til með að skila ungmennunum árangri í atvinnuleitinni. Úrræðin eru auk þess mörg hver mjög tengd vinnumarkaðnum sem eykur líkur á að ungmenni fái starf eftir að þátttöku í úrræði lýkur. Ráðgjafarnir voru því sannfærðir um að til lengri tíma litið spari átak sem þetta samfélaginu stóra fjármuni og að þá þekkingu sem þegar hefur skapast beri að nýta til áframhaldandi vinnu við að virkja unga atvinnuleitendur til þátttöku í samfélaginu.

Það sem betur hefði mátt fara snýr að undirbúningi verkefnisins, verkefnaálagi og samstarfi milli landssvæða. Í viðtölum við ráðgjafa á landsbyggðinni kom fram að töluvert hafi skort á að verkefnið væri nægilega vel undirbúið af hálfu þeirra sem því stýra. Það ríkti óánægja með hvernig verkefnið var kynnt fyrir ráðgjöfum á landsbyggðinni, en einnig fannst ráðgjöfum sem það hefði þurft að skipuleggja framkvæmdina betur með því að samræma skráningu milli landshluta og tilgreina hvaða upplýsingum ráðgjafar þyrfti að halda til haga.

Ráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu upplifðu ekki skort á samstarfi við ráðgjafa úti á landi. Þeir fengu þann stuðning sem þeir þurftu hver frá öðrum og mátu aðstæður úti á landi það ólíkar aðstæðum á höfuðborgarsvæðinu að möguleikar á samstarfi væru í raun takmarkaðir. Ráðgjafarnir úti á landi upplifðu þetta á þverveginn, þeir hefðu viljað mun meira samstarf, bæði við aðra ráðgjafa úti á landi og þá á höfuðborgarsvæðinu. Það ætti að vera í höndum þeirra sem stjórna að sjá til þess að það samstarf sem starfsmenn þurfa til að geta sinnt verkefnunum sé fyrir hendi.

5. NIÐURSTAÐA ÚTTEKTAR

Gagnaöflun í úttekt á átaksverkefninu „Ungt fólk til athafna“ fór fram með tvennum hætti. Annars vegar voru framkvæmdar tvær kannanir á viðhorfum ungra atvinnuleitenda til verkefnisins. Önnur könnunin var meðal íslenskumælandi ungmenna og hin meðal pólskumælandi ungmenna. Hins vegar voru tekin viðtöl við nokkra ráðgjafa sem sinna málefnum ungs fólks á atvinnuleysisráðum. Þannig fékkst innsýn í hvernig ráðgjafar upplifðu þátttöku sína í verkefninu.

Höfuðmarkmið átaksverkefnisins var að enginn verði atvinnulaus lengur en þrjú mánuði án þess að bjóðast vinna eða virkniúrræði. Í viðtölum við ráðgjafa UFTA verkefnisins kom fram að tekist hefði að uppfylla þetta markmið. Sumir ráðgjafanna náðu meira að segja að stytta þetta tímabil niður í þrjár vikur.

Að sögn ráðgjafanna var mikil vinna lögð í að finna úrræði sem hentuðu þeim aldurshópi sem verkefnið náði til. Svör ungmenna og frásagnir ráðgjafa benda til þess að þessi vinna hafi skilað sér í almennri ánægju ungmennanna með úrræðin. Niðurstöður könnunarinnar sýndu að meirihluti þeirra sem hafði lokið ráðgjafarviðtali var ánægður með að vera boðaður í viðtal og væntu þess að með þátttökunni ætti færni þeirra eftir að aukast, staða þeirra á vinnumarkaði batna, samskipti við aðra eflast og andleg líðan batna. Margt bendir til að úrræðin hafi staðist væntingar ungmennanna því ungmenni sem höfðu lokið úrræði töldu ýmislegt hafa áunnist með þátttöku í úrræðinu. Meirihluti taldi úrræðið hafa aukið færni þeirra og möguleika á vinnumarkaði og sömuleiðis sagði stór hluti samskipti sín við annað fólk hafa aukist og andlega líðan batnað með þátttökunni. Það bendir því margt til að verkefnið hafi náð að uppfylla þau markmið að virkja ungt fólk og skapa ný tækifæri fyrir það.

Athygli vakti að í könnuninni meðal íslenskumælandi ungmenna voru ungmenni sem höfðu lokið úrræði líklegri til að finnast þau hafa fengið góða aðstoð við að velja úrræði og koma auga á styrkleika sína og áhugasvið en þau sem voru skemmra á veg komin í átaksverkefninu. Þannig virðist þátttaka í úrræðum lita skoðanir ungmenna á ráðgjafarviðtalinu eða kynningarfundinum, sem eru fyrstu stig þess ferlis sem ungmennin ganga í gegnum í átaksverkefninu. Þetta er mjög í samræmi við upplifun ráðgjafa á því hvernig gekk að ná til ungmennanna. Að sögn ráðgjafa urðu ungmenni sem voru neikvæð í

fyrstu yfirleitt jákvæðari eftir því sem leið á úrræðið, sem þeir töldu vera vitnisburð um að úrræðin voru að gera ungmennunum gott og að vel hafi tekist til með að finna úrræði við hæfi hópsins.

Í viðtölum við ráðgjafa lýstu þeir skoðunum sínum á hinum ýmsu úrræðum. Áhersla var lögð á að bjóða upp á fjölbreytt úrræði, sem sum hver fælu í sér bóknám en einnig úrræði þar sem reyndi meira á verklega hæfni ungmenna. Þá var einnig lögð áhersla á að bjóða upp á grunnúrræði sem felur meðal annars í sér ráðgjöf um hvernig skal útbúa starfsferilskrá. Vinsælustu námskeiðin, að sögn ráðgjafa, voru þau sem buðu upp á einhver réttindi eða starfsreynslu. Þetta mat ráðgjafa á því hvers konar námskeið höfðu best til ungmennanna átti sér að einhverju leyti samsvörun í svörum ungmennanna við könnununum tveimur. Stór hópur íslenskumælandi þátttakenda hafði valið starfstengd námskeið og þegar ungmennin voru spurð hvers konar úrræði þeim fannst vanta, var töluvert um að þau vildu sjá fleiri úrræði sem veittu þeim einhverja gráðu eða réttindi. Þetta átti bæði við um pólsk ungmenni og íslenskumælandi ungmenni. Athygli vakti að íslenskumælandi atvinnuleitendur sem völdu sér smiðjur eða klúbba voru neikvæðari í garð ýmissa þátta verkefnisins en aðrir svarendur. Það má velta því fyrir sér hverju það sætir. Það kann að vera að smiðjurnar og klúbbarnir séu ekki í nægilega miklum tengslum við vinnumarkaðinn eða menntakerfið og því sjái ungmennin síður tilgang með þátttöku í úrræðinu.

Ráðgjafarnir töldu átaksverkefnið koma til með að nýtast ungmennunum á margan hátt. Þátttaka í úrræðum ætti umfram allt eftir að koma að góðu gagni í atvinnuleitinni. Fyrir það fyrsta gerir aukin færni og þekking ungmennin að eftirsóttari vinnukröftum. Í öðru lagi geta úrræðin orðið til þess að skapa tengsl milli ungra atvinnuleitenda og aðila vinnumarkaðarins og loks þótti átakið hvetja atvinnulaus ungmenni til að vera virkari í atvinnuleit sinni vegna þess að þau læra að tileinka sér vinnutengda hegðun. Í könnununum meðal ungmenna var ekki lagt mat á hvort úrræðin skiluðu þeim störfum. Þó leiddu niðurstöður í ljós að ungmenni sem höfðu lokið úrræði voru mun virkari í atvinnuleit en þau sem voru skemmra á veg komin í átaksverkefninu. Niðurstöður benda einnig til að íslenskumælandi ungmenni sem komin voru með starf leið betur en ungmennum á atvinnuleysissskrá. Þannig má segja að ef úrræðin verða til þess að skapa ungu atvinnulausu fólki störf, þá muni það hafa ótvíræða kosti í för með sér fyrir heilsu og líðan ungs fólks.

Af ofantöldu má vera ljóst að árangurinn sem náðist í átaksverkefni þessu er mikill. Það sem betur hefði mátt fara snýr einkum að því umhverfi sem ráðgjafarnir starfa í. Í viðtölum við ráðgjafa kom fram að verkefnið hafi ekki verið nægilega vel undirbúið af hálfu þeirra sem því stýra, verkefnaálag hafi verið mikið og að auka þurfi samstarf milli landssvæða. Athygli vakti að slíkar gagnrýnisraddir komu frá ráðgjöfum á landsbyggðinni en ráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu höfðu ekki orð á þess háttar vanköntum. Bent er á að ráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu eiga í miklum tengslum við verkefnisstjóra og aðalskrifstofa Vinnuálastofnunar er í seilingarfjarlægð. Ráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu eiga því vafalaust auðvelt með að verða sér úti um ýmsar upplýsingar sem tengjast verkefninu. Ráðgjafar á landsbyggðinni voru aftur á móti ósáttir við hvernig verkefnið var kynnt fyrir þeim og kölluðu eftir því að boðleiðirnar um hvaða upplýsingum þyrfti að halda til haga væru gerðar skýrari.

Ráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu upplifðu ekki skort á samstarfi við aðra ráðgjafa, enda fá þeir stuðning hver frá öðrum. Ráðgjafar landsbyggðarinnar vildu aftur á móti auka samstarfið við ráðgjafa utan síns svæðis, enda er á sumum svæðum einungis einn starfandi UFTA ráðgjafi. Það var mat nokkurra viðmælenda að með auknu samstarfi ráðgjafa gætu þeir haldið betur utan um vinnuna við verkefnið.

6. TILLÖGUR AÐ ÚRBÓTUM

- Einn liður í að bæta stöðu ungra atvinnuleitenda er að greina og safna upplýsingum um stöðu þeirra. Til þess að þetta sé framkvæmanlegt er nauðsynlegt að halda til haga upplýsingum um ungt fólk á atvinnuleysisskrá. Í viðtölum við ráðgjafa kom fram að engir verkferlar væru til staðar um hvernig skráningu á virkni atvinnuleitenda skyldi háttáð. Hver og ein skrifstofa fór sínar eigin leiðir í þessu efni. Huga þyrfti betur að því hvernig halda beri utan um skráningu og hvaða upplýsingum skuli halda til haga.
- Í viðtölum við ráðgjafa kom fram að það skorti upplýsingaflæði milli höfuðstöðvanna og starfsstöðva Vinnumálastofnunar á landsbyggðinni. Rétt er að hvetja til reglulegra funda þeirra sem verkefninu stýra og ráðgjafa, þannig að ráðgjafar fái skýra mynd af stöðu verkefnisins á hverjum tíma.
- Þar sem á sumum svæðum starfa fáir ráðgjafar er rétt að hvetja til aukins samstarfs ráðgjafa á ólíkum svæðum. Það var mat nokkurra viðmælenda að með auknu samstarfi gætu þeir haldið betur utan um vinnuna við verkefnið og útkoma verkefnisins yrði enn betri. Það ætti ekki að vera í að vera í höndum ráðgjafanna sjálfra að koma á fót slíku samstarfi, heldur þeirra sem verkefninu stýra.
- Efla mætti enn frekar samstarf Fræðslumiðstöðvanna, Vinnumálastofnunar og starfsendurhæfingar á landsvísu. Ráðgjafarnir voru margir hverjir sannfærðir um að auka mætti skilvirkni og árangur með auknu samstarfi og heildrænna skipulagi.
- Skoða þarf betur hvers vegna ungir atvinnuleitendur sem sóttu smiðjur og klúbba höfðu síður væntingar um að úrræðið myndi koma að gagni en atvinnuleitendur sem sóttu önnur úrræði.
- Huga mætti betur að þörfum atvinnuleitenda með stúdentspróf og háskólapróf. Svör atvinnuleitenda við spurningunni um hvaða úrræði þeim finnst vanta fjölbreyttari úrræði fyrir fólk sem hefur lokið einhverri menntun.



HEIMILDIR

Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009). *Ungt fólk án atvinnu – virkni þess og menntun*. Reykjavík: Höfundur.

Hagstofa Íslands. (e.d.). *Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi, vinnutími og fjöldi starfandi eftir ársfjórðungum 2003-2010*. Sótt 27. september 2010 af: <http://hagstofa.is/Hagtolur/Laun,-tekjur-og-vinumarkadur/Vinumarkadur>

Scarpetta, S., Sonnet, A. og Manfredi, T. (2010). *Rising youth unemployment during the crisis: How to prevent negative long-term consequences on a generation?* (OECD Social, Employment and Migration Papers no. 106). París: Directorate for Employment, Labour and Social Affairs.

Bjarnason, Th. og Sigurdardottir, Th. J. (2003). Psychological distress during unemployment and beyond: social support and material deprivation among youth in six northern European countries. *Social Science & Medicine*, 56: 973-985.

United Nations. (2004). *World Youth Report 2003. The global situation of young people*. New York: Höfundur.



